# FRÉTTABLAÐIÐ

217. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 17. SEPTEMBER 2015




**Hingað og ekki lengra** Óeirðalögreglan í Ungverjalandi beitti táragasi og vatnsbyssum á flóttamenn í gær þegar þeir reyndu að komast inn í Ungverjaland frá Serbíu. Ungverjar girtu í fyrradag fyrir síðasta gatið milli landanna tveggja. Sú leið hafði áður verið vinsæl leið flóttamanna inn í ríki Evrópusambandsins. Fréttablaðið/Epa

# Hæfnispróf í framhaldsskólum

**Framhaldsskólar fá ekki að nýta niðurstöður samræmdra prófa vegna innritunar næsta vor. Í undirbúningi eru umsvifamiklar breytingar á námsmati í grunnskólum landsins. Einkunnir verða gefnar í bókstöfum.**

**MENNTUN** Stefnt er að því hjá Menntamálastofnun að bjóða nýtt hæfnispróf næsta vor. Þeir framhaldsskólar sem það kjósa geti þá notað það við inntöku. Þetta staðfestir Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar.

Þá verða lokaeinkunnir í grunnskólum gefnar í bókstöfum næsta vor og Menntamálastofnun er þessa dagana að þróa rafrænt prófskírteini fyrir lok grunnskóla fyrir tíu greinasvið þeirra. Þar verður stigagjöf tengd bókstafaeinkunnum þannig að hægt er að draga saman einkunnir á tölulegu formi. Þessi rafrænu prófskírteini eiga að veita fyllri upplýsingar um námsstöðu nemenda.

Framhaldsskólum verður ekki heimilt að nýta niðurstöður samræmdra prófa vegna innritunar næsta vor. Þau verða hins vegar áfram haldin. Menntamálastofnun mun skoða samhengi skólaeinkunna og samræmduprófseinkunna bæði aftur í tímann og í tengslum við skólaeinkunnir næsta vor og kanna hvort mikil frávik séu í einkunnagjöf skóla.

„Vegna þeirra breytinga sem eru að verða á námsmati með aukinni áherslu á hæfni frekar en bóklega þekkingu og upptöku einkunna í bókstöfum hefur Menntamálastofnun verið falið að skoða leiðir til að nemendur njóti jafnræðis þegar þeir sækja um í framhaldsskólum og að skólar fái viðeigandi stuðning varðandi einkunnagjöf og meðferð einkunna,“ segir Arnór.

Ekki hefur verið endanlega ákveðið hvernig fyrirkomulag hæfnisprófa verður en þau verða unnin og þeim stýrt af hálfu Menntamálastofnunar. „Framhaldsskólar geta ákveðið fyrirkomulag sinnar inntöku og hvort þeir styðjist við hæfnispróf eða ekki en þau eru ekki hugsuð sem inntökupróf. Allir nemendur eiga rétt á framhaldsskólavist, hver svo sem niðurstaða þeirra verður á hæfnisprófi.“

Arnór viðurkennir að breytingarnar séu umfangsmiklar og nú standa yfir viðræður við skólastjóra grunnskóla og framhaldsskóla. „Allt á þetta að stuðla að því að framhaldsskólar fái fyllri upplýsingar vegna innritunar og auðvelda þeim og grunnskólum að takast á við breytingar vegna nýrra bókastafaeinkunna.“ – KBG

> **Nemendur eiga rétt á framhaldsskólavist, hver svo sem niðurstaða þeirra verður á hæfnisprófi.**
>
> Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar



## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Gunnar Alexander Ólafsson skrifar um áfengi í matvörubúðum. 20-24



HALLDÓR 20

**SPORT** Ísland mætir Slóvakíu í fótbolta í dag. 26-28

**MENNING** Býr Íslendingur hér? á fjalirnar á Akureyri. 36-39

**LÍFIÐ** Magnús Skarphéðinsson eyðir hundruðum þúsunda í leikhúskort. 46-50

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LJÓS OG LAMPAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður



Í dag, fimmtudag, er gert ráð fyrir hægri norðanátt og lítils háttar vætu á Norður- og Austurlandi, en annars yfirleitt bjartviðri. Áfram fremur hlýtt.
SJÁ SÍÐU 32



**Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, hefur ekki áhyggjur af uppsöfnun náttúrulegra geislavirkra efna.** Fréttablaðið/GVA

# Hættulaus geislun ekki áhyggjuefni

**NÁTTÚRA** „Ég hef klárlega ekki áhyggjur af þessu. Það eru þó nokkrir kílómetrar þarna á milli fyrir utan hitt sem hefur komið fram í tilkynningu Geislavarna að þessi geislun er ekki hættuleg mönnum,“ segir Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, um áhrif uppsöfnunar náttúrulegra geislavirkra efna í Reykjanesvirkjun á ímynd Bláa lónsins.

Uppsöfnun geislavirku efnanna er í útfellingum í borholutöppum við Reykjanesvirkjun og er þetta í fyrsta sinn sem slík uppsöfnun mælist hér á landi. „Mjög lítið er af þessum efnum á Íslandi miðað við nágrannalöndin og er það vegna þess að ríkjandi berggrunnur hér er basalt en ekki granít eins og til dæmis annars staðar á Norðurlöndum,“ segir í tilkynningu Geislavarna ríkisins sem sögðu frá málinu á heimasíðu sinni í gær.

„Geislunin er það skammdræg að fólk verður ekki fyrir geislun frá útfellingunum þó það standi mjög nálægt þeim,“ segir í tilkynningu Geislavarna. Þar segir að auki að engin hætta sé á ferðum.

Geislavarnir hafa veitt HS Orku heimild til hreinsunar og geymslu útfellinga með aukna náttúrulega geislavirkni frá Reykjanesvirkjun.

Sambærilegar mælingar voru gerðar í virkjuninni við Svartsengi hjá Bláa lóninu. Þar fundust engar vísbendingar um aukna náttúrulega geislavirkni. Sömuleiðis voru gerðar mælingar við virkjunina á Nesjavöllum og var þaðan sömu sögu að segja. **– ÞEA**

# Lögreglan vekur forvitni barnanna



**Á vaktinni** Nú er skólastarf komið í fullan gang og þá er betra fyrir ökumenn sem aka nærri skólum að hafa varann á. Þessir lögreglumenn stilltu sér upp við gangbraut við Hlíðaskóla til að fullvissa sig um að allt væri með felldu þar. Börnin fylgdust með af athygli. Fréttablaðið/Pjetur

# Benjamín fannst heill á húfi í Catania

**ÍTALÍA** Benjamín Ólafsson, skipsmaður í áhöfn norska björgunarskipsins Siem Pilot, fannst heill á húfi á Sikiley í gær.

Benjamíns hafði verið saknað frá aðfaranótt mánudags. Skipverjar á Siem Pilot og ítalska lögreglan höfðu leitað að honum á landi og sjó.

Benjamin hefur verið á skipinu síðan í júní og unnið að björgun flóttamanna á Miðjarðarhafi á vegum Frontex, landamæraeftirlitsstofnunar Evrópusambandsins.

Móðir Benjamíns greindi frá því í samtali við mbl.is í gærkvöldi að hann hefði fundist. Móðir hans, tvær systur Benjamíns og mágur hans héldu til borgarinnar Catania á Sikiley á þriðjudaginn til að aðstoða við leitina.

Frekari upplýsingar veitti móðir Benjamíns ekki en blaðamannafundur vegna málsins verður haldinn á Ítalíu á morgun. **– ÞEA**




# Tollur á frostpinna verndar Kjörís og MS

**Upptalning innihaldsefna íss fyrir fólk með mjólkuróþol sem á að verða undanþeginn skatti er ekki tæmandi í fjárlagafrumvarpinu. Eðlilegra að orða hlutina með almennari hætti, segir eigandi Ísbílsins.**

**STJÓRNSÝSLA** Vandséð er af hverju frostpinnar ættu að bera toll fremur en sælgæti, segir Ásgeir Baldursson, eigandi og framkvæmdastjóri Ísbílsins. „Það eru bara MS og Kjörís sem njóta verndar af tolli sem leggst á vatn með bragðefni.“

Í frumvarpi til fjárlaga næsta árs er gert ráð fyrir afnámi tolla á föt og skó, en þar fylgir með ein breyting sem snýr að matvælum, niðurfelling tolls af nokkrum tegundum af mjólkurlausum ís. Í skýringum með frumvarpinu kemur fram að með því eigi að rétta hlut fólks með mjólkurofnæmi eða -óþol. Breytingar hafi verið gerðar á lögum í fyrra og athugasemdir borist vegna þess að þær náðu ekki til mjólkurlauss íss. Talin eru upp innihaldsefni sem breytingin nær yfir, svo sem sojabaunir, hrísgrjón, hafrar, hnetur og/eða möndlur.

„Það er dálítið sérkennileg árátta hjá íslenskum löggjafa að telja upp öll atriði sem lögin geta átt við, fremur en að orða lögin með almennari hætti,“ segir Ásgeir og hefði talið eðlilegra að orða breytinguna þannig að hún næði yfir „allan ís sem ekki er framleiddur úr mjólkurvörum“. Út undan í upptalningu frumvarpsins er til dæmis ís sem framleiddur er úr kókos, sem og ís úr ávaxtaþykkni. Hann geri hins vegar ráð fyrir því að „vegan“ ís sem Ísbíllinn hafi flutt inn lækki umtalsvert í verði og hætti að vera dýrari en hefðbundinn ís, enda beri þessar vörur 30 prósenta toll, auk þess sem á þær leggist 110 króna verðtollur á hvert kíló/lítra.

„En ég geri ráð fyrir því að tollskýrslan verði talsvert flóknari ef sumt er undanþegið tolli,“ bætir hann við. Skrítnast finnist honum samt að ís sem að uppistöðu sé ávaxtamauk, önnur tegund af „vegan“ ís sem Ísbíllinn hafi boðið upp á, verði með fullum tollum áfram.



**Ásgeir Baldursson, eigandi og framkvæmdastjóri Ísbílsins, með innlendan og útlendan ís í hendinni.** Fréttablaðið/Daníel

Annars segist Ásgeir ekki hafa miklar áhyggjur af þessum tollamálum. „Það er erfitt að hafa skoðun á þessum tolla- og skattabreytingum sem eru orðnar eitthvað yfir tvö hundruð frá hruni. Maður vinnur bara með það umhverfi sem er og telji stjórnvöld nauðsynlegt að styðja svona við innlenda framleiðslu þá mega þessir herrar víst gera það.“ **olikr@frettabladid.is**

## Tollheimta sem ekkert verndar



Um leið og Samtök atvinnurekenda fagna því að fjármálaráðherra hafi lagt til við Alþingi að felldir verði niður tollar af nokkrum tegundum af mjólkurlausum ís, harmar Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri samtakanna, að ekki skuli gengið enn lengra. Bæði sé listi innihaldsefna ekki tæmandi og áfram gert ráð fyrir að tollar leggist af fullum þunga á ís sem inniheldur enga mjólk eða mjólkurlíki af neinu tagi, heldur sé búinn til úr vatni, sykri, litarefnum og bragðefnum, svo sem frostpinnar og sorbet af ýmsu tagi. „Sú tollheimta verndar nákvæmlega ekki neitt og því er algerlega fráleitt að íslenskir neytendur séu að borga verndartolla af vatni, litarefnum og bragðefnum sem eiga ekkert skylt við íslenskan landbúnað,“ segir hann.

Með breytingunni örli engu að síður á viðurkenningu stjórnvalda á því að ekki eigi að leggja verndartolla á matvöru sem ekki eigi sér samsvörun í innlendri búvöruframleiðslu og því beri að fagna. Frostpinnatollur sé þó klárlega verndartollur fyrir innlendan iðnað frekar en innlendan landbúnað.




Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

# Umhverfisfulltrúi kannar skriðuhættu vegna lúpínu í fjalllendi

**UMHVERFISMÁL** „Það er ekki hægt að útrýma lúpínu en það þarf að gera eitthvað til að halda henni í skefjum,“ segir Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar, sem kannar nú hvort lúpína skapi hættu á skriðföllum.

Umhverfisnefnd bæjarins fól Ralf að hafa samband við sérfræðinga hjá Veðurstofu Íslands og fleirum og afla gagna um mögulega skriðuhættu á lúpínusvæðum í kjölfar erindis frá Kristínu Mörtu Hákonardóttur um samhengi gróðurs og flóðahættu. Á fundi nefndarinnar óskaði Ralf jafnframt eftir heimild til rannsókna á hættu á jarðskriðum eða snjóflóðum vegna lúpínugróinna svæða ofan byggðarkjarna.

„Það eru ekki til á Íslandi rannsóknir á jarðskriðuhættu vegna lúpínu,“ segir Ralf sem telur þó rökrétt að óttast hættu á skriðum vegna lúpínu.

„Í brattri brekku þar sem er mikið af lúpínu býr hún til jarðveg og festir sig við grunninn. Þegar blotnar verður jarðvegurinn þungur og kannski lausari en venjuleg íslensk fjallabrekka. Spurningin er hvað þarf til að slíkt fari af stað,“ útskýrir Ralf. Sjálfur segist Ralf ekki hafa dæmi um skriðuföll af fyrrgreindum orsökum á Íslandi en kveðst vera í sambandi við ýmsa aðila hér til að afla upplýsinga.

„Þetta snýst ekki bara um jarðskrið heldur líka hvort meiri líkur séu á snjóflóðahættu ef plöntur eru ofan á. Dæmi um þetta eru meðal annars frá Sviss,“ segir Ralf. Hann segist telja að það kunni að vera áhugavert að fá gleggri mynd af þessum málum. – **gar**



**Í Tungudal á Ísafirði er talsvert af lúpínu.** Fréttablaðið/Pjetur



**Gamla mjólkurbúið á Selfossi sem rifið var til að rýma fyrir nýju mjólkurbúi um miðja síðustu öld kemur til með að blasa við þeim sem aka inn í bæinn yfir Ölfusárbrú gangi eftir hugmyndir um uppbyggingu nýs miðbæjarkjarna í bænum.** Mynd/Batteríið arkitektar

# Ætla að endurreisa Gamla mjólkurbúið

## Miðbær Selfoss tekur gagngerum breytingum gangi eftir hugmyndir um uppbyggingu nýs miðbæjar þar sem margvísleg starfsemi verður í húsum með sögulega fyrirmynd. Tillaga að nýju deiliskipulagi svæðisins liggur fyrir og bíður fyrirtöku hjá skipulags- og byggingarnefnd.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Endurreisa á Gamla mjólkurbúið á Selfossi í nýjum miðbæ og þróa sýningu sem tengist íslenska skyrinu og mjólkuriðnaðinum, samkvæmt viljayfirlýsingu sem undirrita á í dag um samstarf Sigtúns þróunarfélags og MS. Húsið á að vera risið og starfsemi hafin þarnæsta sumar.

Sigtún þróunarfélag fékk í vor vilyrði bæjarráðs Árborgar fyrir úthlutun miðbæjarreitsins til þróunar á byggð fyrir almenna miðbæjarstarfsemi og ferðaþjónustu í húsum með sögulega fyrirmynd. Útfærðar hugmyndir að nýjum bæjarhluta verða kynntar á íbúafundi á Selfossi í kvöld.

Að því er fram kemur í gögnum Sigtúns var Gamla mjólkurbúið tekið í notkun 1929 og byggt eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar. Það hafi hins vegar verið orðið of lítið tuttugu árum eftir að það var reist. Nýtt mjólkurbú hafi verið vígt árið 1955, en lengi hafi verið talið slys að gamla mjólkurbúið skyldi vera molað niður á sínum tíma.

Í viljayfirlýsingunni, sem til stendur að undirrita í mjólkurbúi MS á Selfossi klukkan tvö í dag, kemur fram að MS hafi um árabil hugað að möguleikum til þess að kynna almenningi á Íslandi og erlendum gestum sögu og þróun mjólkuriðnaðarins, með sérstakri áherslu á vörur eins og íslenska skyrið. Upplýst er að áform hafi verið uppi um mótun sýningar á þessu sviði í samvinnu við bæjaryfirvöld í Árborg.

„Og vel gæti farið á því að þau yrðu að veruleika í endurreistu mjólkurbúi, sem á sínum tíma markaði upphaf að þéttbýli á Selfossi,“ segir í viljayfirlýsingunni. Mikill fengur gæti orðið að því ef mjólkurbúið fengi að rísa á ný „sem táknmynd fyrir mjólkuriðnaðinn og sögu Selfoss“.

Fram kemur að Sigtún þróunarfélag hyggist beita sér fyrir og kosta bygginguna og leigja hana út til rekstraraðila í langtímaleigu, að því gefnu að MS gefi fyrirheit um tryggingu fyrir leigugreiðslum viss hluta hússins til afmarkaðs tíma. MS leggi fram fjármuni til þróunar á sýningu og kynningar- og markaðsrými í endurreistu mjólkurbúi í samstarfi við Sigtún þróunarfélag.

Í tengslum við hönnun sýningar í gamla mjólkurbúinu verði svo hugað að fram komnum hugmyndum um mjólkurtengdan veitingarekstur í húsinu, sem og fyrri áformum Árborgar í tengslum við skyrsetur á Selfossi. „Þá verði einnig farið yfir hugmyndir sem settar hafa verið fram um að komið verði á fót safni um verk Guðjóns Samúelssonar á efri hæð Gamla mjólkurbúsins.“

Vinna á að verkefnum þeim sem viljayfirlýsingin nær yfir núna í vetur og að starfsemi í Gamla mjólkurbúinu geti hafist sumarið 2017. „Gert er ráð fyrir að gengið verði til samninga milli MS og Sigtúns þróunarfélags þegar bæjarráð Árborgar hefur úthlutað miðbæjarsvæðinu til síðarnefnda félagsins.“

**olikr@frettabladid.is**

### Íbúafundur í kvöld

Sigtún þróunarfélag hefur efnt til íbúafundar á Hótel Selfossi í kvöld klukkan hálf átta þar sem tillögur að deiliskipulagi miðbæjarreits Selfoss og útlitshönnun verða kynntar. Fundarstjóri verður Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins Árborgar. Fyrir næsta fund byggingar- og skipulagsnefndar Árborgar verður lögð tillaga að deiliskipulagi sem unnin hefur verið af Batteríinu arkitektum og VSÓ Ráðgjöf. Í tilkynningu þróunarfélagsins kemur fram að tillagan hafi þegar verið kynnt bæjarstjórn. Byggingar- og skipulagsnefndin fundar fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði.





Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.


SUZUKI BÍLAR HF.
25
ÁRA 1990-2015
SUZUKI
Way of Life!
NÝR VITARA, ÓTRÚLEGA SPENNANDI!
KOMDU Í REYNSLU-AKSTUR!
VITARA
EURO NCAP
FOR SAFER CARS
www.euroncap.com
VITARA
Suzuki einsetti sér að búa til bíl sem væri fremstur í sínum flokki. Bíl sem fólk gæti notið að eiga og aka. Það er óhætt að fullyrða að vel hafi tekist til. Hinn nýji Vitara uppfyllir allar þessar kröfur - og meira til.
Suzuki Vitara er fyrsti sportjeppinn á þessu ári sem fær fullt hús stiga, fimm stjörnur í árekstrarprófun hinnar virtu evrópsku stofnunar Euro NCAP. Suzuki Vitara fékk hæstu einkunn í öllum fjórum helstu prófunarþáttunum.
ALLGRIP
All-Grip skapar akstursseiginleika í sérflokki og gerir Suzuki Vitara að alvöru jeppa þegar á reynir. Þú kemst alla leið!
Suzuki Vitara er fáanlegur sjálfskiptur og beinskiptur, bæði með diesel- og bensínvél.
SUZUKI
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Efast um viðskiptabannið

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Við teljum að þetta skili ekki miklum árangri,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, um stefnu Reykjavíkurborgar um að sniðganga vörur frá Ísrael.

„Ég held að þetta skili sjaldnast árangri samanber viðskiptabann Bandaríkjanna á Kúbu.“ Kjartan segir að tvískinnungur ríki í málinu á meðal borgarfulltrúa meirihlutans og að mannréttindabrot séu framin víðs vegar um heim. Vilji borgarfulltrúar sniðganga vörur frá einu landi sem stundar mannréttindabrot hljóti þeir að vilja sniðganga önnur ríki þar sem álíka brot eigi sér stað.

„Þar má til dæmis nefna Kína, sem er það land þar sem flest mannréttindabrot eru framin, samkvæmt skýrslum alþjóðlegra mannréttindasamtaka,“ segir Kjartan.

„Maður efast um að hugur fylgi máli þegar borgarstjóri styður tillöguna en hann hefur til dæmis ítrekað farið í boðsferðir á vegum kínverskra stjórnvalda.

Að sjálfsögðu fordæmum við mannréttindabrot hvar sem þau eru brotin en við sem stjórnvald verðum að gæta samræmis,“ segir Kjartan. „Sérstaklega þegar við grípum til íþyngjandi aðgerða.“ – srs




JAPANSKIR DAGAR

15.–20. september

Bragð af Japan

Í tillefni JAPANSKRA DAGA heimsækir alþjóðlegi matreiðslusnillinginn og gestakokkurinn Kaz (Kazuhiro) Okochi Sushi Samba og býður upp á bragð af Japan.

„SMAKK“ UPPLIFUN

Spennandi 7 rétta smakkseðill af matseðli KAZ.
8.900 kr.

MATSEÐILL KAZ

**Kóngakrabba Sunomono 2.290 kr.**
Kóngakrabba salat með gúrku, wacame, rauðlauk og sesamfræjum

**Bleikju Sashimi með fennel 1.390 kr.**
Bleikju Sashimi með fennel, rauðlauk og mozzarella

**Nikujaga 1.890 kr.**
Japansk kartöflu „stew“ með þunnskornu nauta- kjöti, gulrótum, kartöflum og Dashi-mirinseiði

**Okonomiyaki 1.890 kr.**
Kál pönnukaka með þunnskorinni svínasíðu, rauðum engifer og bonito-flögum

**Kushiage 2.290 kr.**
Stökk hörpuskel með svíni, lauk, aspas og misosósu

**Chawanmushi 1.990 kr.**
„Custard“ súpa með sætri kartöflu, rækjum og skötusel

**Sushi platti 5.990 kr.**
- Laxa nigiri með „créme fresh“
- Skarkola nigiri með konbusólum og shiso
- Túnfisk nigiri með kalamata ólífum
- Bleikju nigiri með límónuberki
- Laxa maki rúlla með basilíku og ananas

**Eftirréttur 1.790 kr.**
Græn te Tiramísu

Borðapantanir í síma 568 6600

**Sushi Samba**
Þingholtsstræti 5
101 Reykjavík
Tel. 568 6600
**sushisamba.is**

sushi samba


# Lesið yfir ráðgjöfunum



**Í Hvíta húsinu** Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, hitti í gær Jeffrey Zients, aðalefnahagsráðgjafa sinn, ásamt Valerie Jarrett, pólitískum ráðgjafa sínum, fyrir utan Hvíta húsið í Washington í gær. Obama virðist hafa haft ýmislegt til málanna að leggja. NordicPhotos/AFP

# Einungis ein tillaga skilar sér inn í fjárlögin

**Nefnd á vegum forsætisráðherra skilaði tillögum um uppbyggingu á Norðvesturlandi fyrir tæpu ári. Aðeins er að finna vísi að einni þeirra í fjárlögum frá utanríkisráðherra. Formaður nefndarinnar ósáttur við seinagang hins opinbera.**

**STJÓRNSÝSLA** Aðeins eina þeirra 25 tillagna sem landshlutanefnd fyrir Norðurland vestra lagði fram fyrir ríkisstjórn í október í fyrra er að finna í fjárlögum fyrir árið 2016. Stefán Vagn Stefánsson, formaður bæjarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar, er ósáttur við hversu lengi hefur dregist að vinna úr tillögunum í forsætisráðuneytinu.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum þann 9. maí árið 2014 að setja á laggirnar landshlutanefnd til þess að koma með tillögur sem miðuðu að því að efla byggðaþróun, fjölga atvinnutækifærum og efla fjárfestingu á svæðinu frá Húnaflóa í vestri til Skagafjarðar í austri. Nefndin var undir forystu forsætisráðuneytis. Nefndin skilaði tillögunum 25 fyrir 1. nóvember í fyrra.

Ein tillaga nefndarinnar hljóðaði upp á að ný starfsstöð utanríkisráðuneytisins yrði flutt á Hvammstanga og að minnsta kosti þrjú störf flutt frá Reykjavík af því tilefni. Í fjárlagafrumvarpinu er leitað eftir 26 milljóna króna framlagi í því skyni að opna starfsstöð á landsbyggðinni til að sinna skjalavörslu fyrir sendiskrifstofur. Þó ekki sé þess getið hvar þessi nýja starfsstöð verði sett á laggirnar er talað um að þetta rími við tillögur landshlutanefndarinnar.

Stefán Vagn var formaður nefndarinnar. Hann er ósáttur við hversu langan tíma hefur tekið að vinna úr þessum tillögum í forsætisráðuneytinu. „Það eru vissulega vonbrigði að engin þeirra tillagna sem við komum fram með hafi náð inn í fjárlagafrumvarpið sem nú er til meðferðar. Við hins vegar vonumst eftir því að eitthvað af þeim tillögum sem við komum með fari inn á fjárlög sem breytingartillaga inni í fjárlaganefnd þingsins. Það er nú liðið næstum ár síðan við skiluðum inn tillögum og ég trúi því ekki að menn setji á fót nefnd sem skilar tillögum ef ekkert á svo að gera með þær,“ segir Stefán Vagn.



Stefán Vagn Stefánsson, formaður NV-nefndar og oddviti Framsóknarflokksins í Skagafirði. Fréttablaðið/Valli



**Lagt var til að flytja um 90 stöðugildi í landshlutann, langflest til Skagafjarðar, og að árlegur kostnaður við tillögurnar yrði um 350 milljónir króna.**

Fréttablaðið óskaði eftir viðbrögðum forsætisráðuneytisins við því hvers vegna svo fáar tillögur frá nefndinni væru komnar fram. Í svari ráðuneytisins kemur fram að tillögurnar hafi verið til skoðunar í fagráðuneytum og áætlað er að ráðuneytin ljúki umfjöllun sinni á næstu vikum. Í framhaldi af því er svo gert ráð fyrir að málið komi að nýju til umfjöllunar í ríkisstjórn.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra vildi ekki veita viðtal vegna málsins þegar eftir því var leitað. sveinn@frettabladid.is

# TAX FREE DAGAR

# ENN BETRA VERÐ!

## ÖLL REIÐHJÓL OG HJÓLAAUKAHLUTIR

ÁN VIRÐISAUKASKATTS* DAGANA 17.-20. SEPT.

VERSLAÐU Á NETINU HAGKAUP.IS



**28″**
Cronus
City Bike Lady
vnr. 917504
~~49.900~~
**40.239**



**24″**
Speedster
vnr. 935922
~~38.900~~
**31.369**



**24″**
Alissa
vnr. 912951
~~38.900~~
**31.369**



**16″**
Spiderman
vnr. 887985
~~29.900~~
**24.111**

FRÍ HEIMSENDING

*Slöngur á góðu verði*



Verð frá
~~879~~
**709**

*Flottir hjálmar í fullorðins- og barnastærðum*



Hjálmur
~~6.909~~
**5.571**

**FRÍ**
**YFIRFERÐ & ÁSTANDSSKOÐUN****
**ÞJÓNUSTA & GÆÐI**

Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Smáralind og á hagkaup.is. Minna úrval í öðrum verslunum. Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu.
** Frí yfirferð og ástandskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum hjá viðurkenndum fagaðila.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# Fjárhagsaðstoð fyllir upp í götin í kerfinu

**Þeim sem þiggja fjárhagsaðstoð fækkar ekki jafn mikið í Reykjavík og í öðrum sveitarfélögum. Skrifstofustjóri á velferðarsviði borgarinnar segir engan velja að fá fjárhagsaðstoð og bæta þurfi stöðu fólks til lengri tíma. Það geti tekið tíma. Formaður velferðarráðs segir betra að fólk fái aðstoð en að það fari á örorku. Fólk sem hefur þegið aðstoð segir kerfið vera hvetjandi fyrir þá sem vilja hvatningu.**

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



**VELFERÐARMÁL** Fjöldi þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg jókst gífurlega í kjölfar hrunsins og náði hámarki árið 2012. Í ágúst síðastliðnum þáðu 1.355 fjárhagsaðstoð og hafa ekki verið færri síðan árið 2009. En þeim hefur fækkað meira í öðrum sveitarfélögum, svo sem Hafnarfirði, þar sem strangari skilyrðing fyrir aðstoðinni hefur verið tekin upp.

Síðustu vikuna hafa margir tekið undir orð Bjarkar Vilhelmsdóttur, fyrrverandi formanns velferðarráðs borgarinnar, sem í viðtali við Fréttablaðið talaði um veikleikavæðingu í kerfinu og að of margir fengju aðstoð.

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, segir sviðið vinna á grundvelli laga um að sveitarfélagi sé skylt að veita þeim aðstoð sem ekki geta séð sér og sínum farborða. „Fjárhagsaðstoð er neyðaraðstoð og öryggisnet sem fyllir upp í gatið sem myndast í kerfinu. Þeir sem ekki hafa rétt á atvinnuleysisbótum eða eru ekki vinnufærir fá aðstoðina. Þetta er langt frá því að vera upphæð sem fólk lifir góðu lífi á.“

**Öll kerfi misnotuð á einhvern hátt**

Upphæð fjárhagsaðstoðar í Reykjavík er tæpar 175 þúsund krónur og er aðstoðin ekki skilyrt. Það þýðir að fólk hefur rétt á aðstoðinni óháð virkni í atvinnuleit eða endurhæfingu. Fólk er hvatt til virkni og ef það sýnir enga viðleitni er heimilt að skerða upphæðina um helming til styttri tíma. En Kristjana segir ekki gripið til skerðinga í miklum mæli og að enginn missi alveg styrkinn. Þetta hefur verið gagnrýnt.

„Það er lítill ávinningur af því að neyða fólk í eitthvað sem það vill ekki taka þátt í. Okkar verk er að hvetja fólk til dáða og við teljum það vænlegra til árangurs til lengri tíma en að vera með svipuna á lofti. Rannsóknir hafa sýnt að ef fólk er þvingað í störf sem það ræður illa við getur það haft alvarlegar afleiðingar á heilsu þess. En öll kerfi eru misnotuð á einhvern hátt þótt ég leyfi mér að efast um að nokkur maður vilji og velji að vera fastur í fjárhagsaðstoðarkerfi.“

Kristjana bendir einnig á að skerðing á fjárhagsaðstoð geti haft slæm áhrif á alla fjölskylduna.

„Það gleymist stundum í umræðunni að þessi hópur er oft með börn á framfæri. Ef við skerðum fjárhagsaðstoð erum við að skerða fyrirvinnu barnanna líka.“

Þeir sem búa í foreldrahúsum fá tæpar 90 þúsund krónur á mánuði í fjárhagsaðstoð. Bent hefur verið á að það sé ágætis „vasapeningur“ fyrir ungmenni. Kristjana segir unga fólkið sett í algjöran forgang hjá ráðgjöfum. „Við reynum að ná góðu sambandi við unga fólkið og samtalið við ráðgjafana er mikilvægt. Yngsti hópurinn talar mikið um hvaða rétt hann hafi en þá bendum við þeim líka á skyldurnar.“

**Fagnar umræðunni**

Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs, segir engar umræður í gangi um að skilyrða fjárhagsaðstoðina frekar að svo stöddu. „Við viljum frekar nota hvata en skilyrðingar. Nú er kúrfan á leiðinni niður og við sjáum árangur – ef það heldur áfram erum við að gera eitthvað rétt.“

Ilmur segir fjárhagsaðstoð vera tímabundna neyðaraðstoð, ekki áskrift að framlagi. „Og hvað varðar unga fólkið þá viljum við frekar halda því hjá okkur í aðstoð með von um að það fari út á vinnumarkaðinn í stað þess að ýta því á örorkubætur. Annars fagna ég þessari umræðu. Hún hvetur okkur áfram til að gera betur.“

> **Það gleymist stundum í umræðunni að þessi hópur er oft með börn á framfæri. Ef við skerðum fjárhagsaðstoð erum við að skerða fyrirvinnu barnanna.**
>
> Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri á velferðarsviði Reykjavíkurborgar



> **Nú er kúrfan á leiðinni niður og við sjáum árangur – ef það heldur áfram erum við að gera eitthvað rétt.**
>
> Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs



## Færri fá fjárhagsaðstoð í ár

Fjöldi sem fær fjárhagsaðstoð í Reykjavík í ágúst:




## Góður árangur í Hafnarfirði

**13% færri** þáðu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg í ágúst í ár en í fyrra. Til samanburðar þáðu **36% færri** fjárhagsaðstoð frá Hafnarfjarðarbæ á sama tíma. Þar fór fjöldinn úr **254 í 154.**

## Upphæð fjárhagsaðstoðar er hæst í Reykjavík

**Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili.***

| | |
|---|---|
| Reykjavík | 174.952 |
| Garðabær | 156.244 |
| Kópavogur | 154.000 |
| Akureyri | 135.000 |

*Upphæðir eru gefnar upp fyrir skatt.

## Tækifæri fyrir alla sem vilja fá tækifæri

**Rut Sigtryggsdóttir** leitaði eftir fjárhagsaðstoð eftir að hafa farið í áfengismeðferð og verið á núllpunkti í lífi sínu.

„Ég hafði ekki verið í vinnu í langan tíma og fannst erfið tilhugsun að taka skrefið út á vinnumarkaðinn. Því bað ég um aðstoð og var svo boðið að taka þátt í Grettistaki sem er úrræði fyrir þá sem eiga við vímuefnavanda að stríða. Það hjálpaði mér að byggja upp grunn að nýju lífi.“

Rut segir að hún hafi verið mjög viljug til að byggja upp nýtt líf og að þá sé mikill stuðningur í boði hjá borginni. „Það eru tækifæri fyrir alla en spurning hverjir grípa þau. Það eru alltaf til einstaklingar sem vantar allan vilja til að gera eitthvað í sínum málum.“

Rut fór í nám eftir að hafa verið í Grettistaki í 18 mánuði og er þessa dagana í vinnuleit.

„Ég hef verið langan tíma frá vinnumarkaði og þetta getur tekið á. En ég er mun sterkari einstaklingur í dag og kann að takast á við hluti sem ég hefði ekki endilega getað fyrst þegar ég sótti um fjárhagsaðstoð.“



## Úr Kvennasmiðjunni í bókhald

**Theódóra Arndís Berndsen** var ekki vinnufær um tíma vegna vefja- og slitgigtar og þáði þá fjárhagsaðstoð. Henni var boðið að taka þátt í Kvennasmiðjunni þar sem boðið var upp á úrval námsgreina. Hún segir mikinn kost að hafa fengið nokkrar einingar út úr smiðjunni enda virki það hvetjandi fyrir áframhaldandi nám.

„Eftir tímann í Kvennasmiðjunni var ég tilbúnari til að fara út á vinnumarkaðinn. Sérstaklega félagslega þar sem maður venst því að vera í kringum fólk allan daginn. Maður kemst líka í daglega rútínu sem er mjög mikilvægt.“

Theódóra segir borgina þó ekki hafa þrýst á hana að fá sér vinnu. „Kerfið virkar aftur á móti hvetjandi með því að bjóða upp á ýmiss konar virkni. Það er ýtt á mann að hjálpa sér sjálfur. En það er samfélagslegur þrýstingur,“ segir hún og bætir við að hún hafi reyndar gefist upp á vinnuleitinni úti á markaðnum og litið sér nær. „Maðurinn minn stofnaði fyrirtæki og ég fékk vinnu hjá honum við að sjá um bókhaldið.“



## Ekki gott fyrir neinn að sitja heima

**Daníel Þór Harðarson** var í átján mánuði í Grettistaki eftir hálft ár á fjárhagsaðstoð. Hann átti lengri sögu um félagslega aðstoð og var tilbúinn að þiggja aðstoð við að breyta lífi sínu.

„Fúsleikinn skiptir miklu máli en það er líka mikilvægt að fara rólega af stað. Fyrst um sinn er erfitt að mæta á ákveðinn stað snemma á morgnana. Fyrir mér var stórt skref að láta mig hafa alls kyns verkefni, eins og að vera með 13 karlmönnum á leirnámskeiði,“ segir Daníel hlæjandi en bætir við að Grettistakið hafi veitt honum sjálfstraust til að fara aftur í skóla. „Ég var orðinn svo óviss um getu mína því maður er búinn að bregðast sjálfum sér svo oft.“

Daníel segir ekki gott fyrir neinn að fá pening í vasann og sitja svo heima og gera ekki neitt allan daginn. „Það er samt líklega erfitt að pína fólk. Það sýnir sig fljótlega að þeir sem vilja ekki þiggja aðstoð hætta fljótt að mæta.“

Í dag vinnur Daníel í byggingarvinnu og ætlar að klára sveinspróf í húsasmíði en hann hóf námið 1994. „Ég er kominn með vinnugleðina aftur og vinnumetnað. Ætli trúin á að ég geti gert eitthvað sé ekki komin aftur.“



## Þriðjungur tekur þátt í virkniverkefnum

**948** af þeim ríflega þrjú þúsund sem voru á fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjavíkurborg árið 2014 tóku þátt í einhvers konar virkniverkefni.*

**828** tóku þátt í átaksverkefni við atvinnuleit. **28% hófu störf í kjölfarið**

**120** fóru í endurhæfingu vegna félagslegs eða heilsufarslegs vanda.

*Oft í samstarfi við aðra, til dæmis Vinnumálastofnun, velferðarráðuneytið eða önnur sveitarfélög.

BOZZ sturtuklefi
80x80cm GÆÐAVARA
41.990
Fást einnig í 90x90cm á kr. 43.990. Einnig eru til rúnnaðir 90x90 klefar á kr. 43.990
Sturtustöng og -brúsa fylgja.





Guoren-BO Hitastýrt tæki með niðurstút
kr. 13.990
Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á kr. 1.290
Meiri gæði · Lægra verð · MÚRBÚÐIN
Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# netto
kræsingar & kostakjör

## Frábært verð!




-44%
KJÚKLINGALUNDIR
DANSKAR, 700 GR
**991**
ÁÐUR 1.769 KR/KG



KJÖTSEL

-50%
BAYONNESKINKA
KJÖTSEL
**999**
ÁÐUR 1.998 KR/KG

KJÖTSEL

## Mikið úrval af nýslátruðu!



LAMBALÆRI
FERSKT, KJÖTSEL
**1.487**
ÁÐUR 1.690 KR/KG



LAMBAHRYGGUR
FERSKUR, KJÖTSEL
**1.846**
ÁÐUR 2.098 KR/KG

KJÖTSEL

## Haustmarkaður - mikið úrval af íslensku grænmeti!



-30%




-32%
PIZZUR
NICE N'EASY, 4 TEG
**299**
ÁÐUR 439 KR/PK



-50%
PIZZASTYKKI
OSTUR, SALAMI
**190**
ÁÐUR 379 KR/STK




-38%
SOFT QUILT 9 RL
KLÓSETTPAPPÍR
**489**
ÁÐUR 788 KR/PK

## Namminamm!




EMMESS SKAFÍS
3 TEG, 1 L
**398**
ÁÐUR 498 KR/STK




PEPSI MAX
4 X 2L
**699**
KR/PK




OREO KEX
NABISCO, 66 GR
**99**
ÁÐUR 129 KR/PK

**Tilboðin gilda 17. sept – 20. sept 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

bilaland.is

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN




LAND ROVER DISCOVERY 4S
Nýskr. 2013, ekinn 38 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 131785

Glæsilegur bíll
10.790 þús.



SUBARU FORESTER PLUS
Nýskr. 2008, ekinn 116 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr. 120766.



BMW 318i
Nýskr. 2008, ekinn 85 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.840 þús.
Rnr. 102987.



KIA SORENTO
Nýskr. 2011, ekinn 173 þús km.
dísil, sjálfskiptur. Verð. 3.540 þús.
TILBOÐ kr. 2.950 þús.
Rnr. 10357.



HYUNDAI SANTA FE III PREMIUM
Nýskr. 2013, ekinn 38 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.990 þús.
Rnr. 120762.



HYUNDAI i20
Nýskr. 2013, ekinn 51 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.940 þús.
Rnr. 103056.



FORD FOCUS TITANIUM STATION
Nýskr. 2011, ekinn 65 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.620 þús.
Rnr. 143001.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is



Jeremy Corbyn var kosinn leiðtogi breska Verkamannaflokksins með 60 prósentum atkvæða um síðustu helgi. NordicPhotos/AFP

# Bar upp spurningar til ráðherra frá almenningi

**Jeremy Corbyn spurði David Cameron út í húsnæðismál og aðstæður geðsjúkra. Orðaskiptin voru siðfágaðri en venja er í spurningatíma forsætisráðherrans á þingi. „Það þarf smá tíma til að venjast þessum nýja stíl,“ sagði Cameron.**

**BRETLAND** Jeremy Corbyn, nýkjörinn formaður breska Verkamannaflokksins, átti í gær sína fyrstu viðureign við David Cameron forsætisráðherra í vikulegum spurningatíma á þingi.

Corbyn hafði sent út beiðni til almennings um að senda sér þær spurningar, sem fólki þykir brýnast að leggja fyrir forsætisráðherra.

„Ég fékk 40 þúsund svör,“ sagði Corbyn. Þar af snerust 2.500 um húsnæðismál og 1.000 um heilbrigðisþjónustu við geðsjúka. Þá snerust aðrar 1.000 spurningar um skattaafslætti, sem stjórnin hefur verið að afnema og þar með skerða tekjur margra einstaklinga.

Þessar spurningar bar Corbyn upp í þessum fyrsta spurningatíma forsætisráðherra, en samkvæmt reglum þingsins fær hann einungis að koma með sex spurningar í hvert sinn.

Athygli vakti að Corbyn bar spurningarnar fram með málefnalegum hætti, æsingalaust, þvert á þá hefð sem lengi hefur tíðkast í spurningatíma forsætisráðherrans á breska þinginu.

Cameron sagði þetta vera „öðruvísi, siðfágaðra en venjulega“, og reyndi að svara sjálfur í sömu mynt.

„Það þarf smá tíma til að venjast þessum nýja stíl,“ sagði Cameron þegar hann hafði farið aftur í gamla farið, og fékk strax skömm í hattinn fyrir frá þingsalnum.

Corbyn var kosinn formaður breska Verkamannaflokksins um helgina, með 60 prósentum atkvæða.

Hann þykir róttækari og vinstrisinnaðri en nokkur leiðtoga Verkamannaflokksins síðustu áratugina, hið minnsta, svo mjög að ýmist hlakkar í hægri mönnum eða þeir hrista hausinn gjörsamlega skilningsvana vegna úrslitanna í formannskjörinu.

Hann vakti hneykslun margra Breta í fyrradag fyrir að taka ekki undir þegar breski þjóðsöngurinn var sunginn við minningarathöfn um látna hermenn, sem haldin var í Pálskirkjunni í London á þriðjudag.

Corbyn er lýðveldissinni, andvígur því að Bretland haldi uppi konungsfjölskyldu, en segist ekki ætla að berjast sérstaklega fyrir því að konungdæmið verði lagt niður.

Hann sagðist ennfremur ekki hafa nein sérstök áform um að taka ekki undir þegar þjóðsöngurinn er sunginn. Hann hafi fyrst og fremst verið mættur í Pálskirkjuna til að minnast hermanna sem féllu í orrustunni um Bretland árið 1940.

## Nokkur helstu baráttumála Corbyns

- Jeremy Corbyn vill að sett verði lög um hámarkslaun í Bretlandi.
- Hann vill banna atvinnurekendum að gera vinnusamninga við starfsfólk án þess að tilgreina fastan fjölda vinnustunda á viku.
- Hann vill endurþjóðnýta járnbrautirnar og fleiri almenn þjónustufyrirtæki, sem Margaret Thatcher einkavæddi á sínum tíma.
- Hann vill losna við fjárlagahallann með því að hækka skatta frekar en að skera niður ríkisútgjöld.
- Hann vill auka skatttekjur meðal annars með því að skera upp herör gegn skattsvikum.

„Ég á eftir að mæta til margra viðburða og ég mun taka þátt í þeim að fullu,“ sagði Corbyn í gær. „Ég sé ekki að það verði neitt vandamál.“

gudsteinn@frettabladid.is

# Segir Vesturlönd bera sökina

**RÚSSLAND** Rússneska sjónvarpsstöðin RT sendi í gær út viðtal við Basher al Assad Sýrlandsforseta, þar sem hann segir að Vesturlönd verði að hætta að styðja hryðjuverkamenn í Sýrlandi.

Hann segir það vestrænan áróður að flóttafólkið frá Sýrlandi sé að flýja stjórn sína, heldur sé það á flótta undan hryðjuverkamönnum sem hafi stuðning Vesturlanda.

„Það er eins og Vesturlönd séu nú að gráta á flóttamennina með öðru auganu en miða vélbyssum á þá með hinu,“ sagði Assad í viðtalinu.

Rússnesk stjórnvöld hafa stutt Assad og veitt honum ýmiss konar hernaðaraðstoð, nú síðast með uppbyggingu herstöðvar. Þau hvetja Vesturlönd til að veita stjórnarher Assads liðsinni í baráttu við hryðjuverkasveitir. Vladimír Pútín Rússlandsforseti hyggst brátt kynna þessa tillögu á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Bandaríkin segja Assad hins vegar fyrir löngu hafa misst allan trúverðugleika.

Uppreisn gegn stjórn Assads hófst í Sýrlandi vorið 2011, þegar „arabíska vorið“ svonefnda var í hámarki. Assad tók strax til við að segja hryðjuverkamenn standa að baki mótmælunum og sendi herlið sitt til að berja þá niður af fullri hörku.

> Það er eins og Vesturlönd séu nú að gráta á flóttamennina með öðru auganu en miða vélbyssum á þá með hinu.
>
> Basher al Assad, forseti Sýrlands



Þegar átök hörðnuðu tóku hópar herskárra íslamista og hryðjuverkamanna að hreiðra um sig í landinu. – gb


DEBENHAMS
20-40%
AFSL.
AF GALLABUXUM
FYRIR
DÖMUR & HERRA
Opið til kl. 21:00 í kvöld
það smell passar
Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Þróun frá landnámi loksins snúið við

**Á aðeins aldarfjórðungi hefur gríðarmiklu af skógi verið eytt. Þó gengur hægar á skóga jarðar nú en gerði fyrir áratug. Á Íslandi hefur hopi skóga frá landnámi verið snúið í sókn. Fátt er meira í deiglunni á árinu 2015 en verndun skóga vegna loftslagsvandans.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is





Íslenskir skógar stækka og segja má að stanslausri rýrnun skóglendis frá landnámi hafi loksins verið snúið við. Fréttablaðið/GVA

Skógareyðing í heiminum nemur á aðeins aldarfjórðungi stærð Suður-Afríku, eða tólfföldu flatarmáli Íslands. Þó eru góðu fréttirnar þær að skógarnir tapast ekki eins ógnvænlega hratt og lengi var, þó miklu meira þurfi til að snúa þróuninni við. Hér heima á Íslandi stækka skógarnir þó jafnt og þétt og í krafti kortlagningar náttúrulegra birkiskóga treysta skógræktarmenn sér í fyrsta skipti til að segja að hnignun þeirra allt frá landnámi hafi verið snúið við.

**Milljón hektarar í Brasilíu**

Nýlega lauk World Forestry Congress í Suður-Afríku – heimsráðstefnu um skóga, sem haldin var í 14. sinn á vegum matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Á ráðstefnunni var kynnt ný skýrsla um ástand skóga heimsins, og kemur þar fram að skógareyðing síðustu fimm ára er langmest í Brasilíu og Indónesíu – tæplega milljón hektarar í Brasilíu og 684.000 hektarar í Indónesíu. Önnur lönd þar sem skógareyðing er mikil eru Mjanmar, Nígería, Tansanía, Paragvæ og Simbabve. Því er ljóst að það eru regnskógarnir sem hafa látið mest á sjá síðastliðin 25 ár. Samtökin World Wide Fund for Nature kalla eftir róttækum aðgerðum og ef ekki þá sé ljóst að með sama áframhaldi muni innan 20 ára tapast skógar af svæði sem að flatarmáli er á stærð við Þýskaland, Frakkland, Spán og Portúgal samanlagt.

Á vef Skógræktar ríkisins er málið reifað og kemur þar fram að af heimsálfunum er skógareyðingin mest í Afríku, Suður-Ameríku og Sauðaustur-Asíu. En sé litið lengra aftur í tímann liggur fyrir að um og upp úr 1990 minnkaði skóglendi heimsins um 1,18% á hverju ári en sú tala er nú komin niður í 0,08%. Nú er ræktun nýrra skóga mun umfangsmeiri en löngum var og vegur að nokkru leyti upp á móti eyðingu villtu skóganna.

WWF bendir á að grípa þurfi til margvíslegra aðgerða, stækka verndarsvæði, efla sjálfbæra nýtingu, sjálfbæran landbúnað og ekki síst að stuðla að sjálfbærara neyslumynstri jarðarbúa, enda aukist stöðugt þörf mannkyns fyrir mat, orku og ýmis hráefni. Viðarþörf mannkynsins getur nefnilega þrefaldast fram til ársins 2050 gangi spár um fólksfjölgun eftir. Bendir Skógræktin á að árið 2015 gæti verið eitthvert mikilvægasta ár í þessu samhengi; þjóðir heims ætla að innleiða sameiginleg markmið um sjálfbæra þróun og í desember hefst loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í París. Þar verður línan dregin í sandinn um hvert skal halda í loftslagsmálum heimsins og eyðing skóga er gríðarlega mikilvægt viðfangsefni í því samhengi.

**Ísland bætir við sig**

Þó að skógar og Ísland vegi ekki þungt á metunum í þessu samhengi, þá er þróunin hér heima fyrir athyglisverð í samhengi loftslagsmála og hlýnunar. Í febrúar síðastliðnum voru kynntar niðurstöður endurkortlagningar náttúrulegra birkiskóga og -kjarrs hér á landi. Með henni var í fyrsta skipti frá landnámi staðfest að birkiskógar landsins eru að stækka og þekja nú hálft annað prósent landsins – 1.506 ferkílómetra lands. Flatarmál þeirra hefur aukist um tæp 10% frá árinu 1989, alls um 130 ferkílómetra. Mestu munar um sókn skóga á Vestur- og Suðurlandi. Ef horft er til markmiða stjórnvalda um skógrækt, þá eru þau að tífalda þekju skóga fyrir aldamótin 2100; að sjá skóga Íslands vaxa í a.m.k. 12% af flatarmáli Íslands.

Arnór Snorrason, skógfræðingur hjá Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá, sem stýrði verki við kortlagningu birkiskóganna, segir að þróunin á Íslandi sé með öðrum hætti en í heiminum almennt og sérstaklega í skógum hitabeltisins. Þróunin hér sé svipuð og í Evrópu og á norðlægari slóðum þar sem skógar stækka. Það skýrist af tvennu. Töluvert er gróðursett en birkiskógar landsins auka líka við sig, en 2/3 eru erlendar trjátegundir.

> **Við getum verið ánægð með okkar árangur, skógrækt gengur vel og ljóst að hér er hægt að stunda nytjaskógrækt með hagnaði.**
>
> Arnór Snorrason, skógfræðingur



**Fleiri í svipaðri stöðu og við**

Hlýnun er ein ástæða þessa, þó aldrei sé hægt að draga upp svo einfalda mynd af þessari þróun. En skógarnir hafa tekið mjög vel við sér og eru að sá sér af miklum krafti allvíða. Þessi þróun getur snúist við á nokkrum stöðum á landinu ef vatnsbúskapurinn breytist mikið, t.d. í Vestur-Húnavatnssýslu og norðan Vatnajökuls, segir Arnór hins vegar.

„Við getum verið ánægð með okkar árangur, skógrækt gengur vel og ljóst að hér er hægt að stunda nytjaskógrækt með hagnaði. Eftirspurn eftir viði í því samhengi er margföld miðað við framboðið, sérstaklega frá kísiliðnaðinum,“ bætir Arnór við.

Þegar spurt er um Ísland og stöðu skóga og skógræktar í erlendum samanburði segir Arnór að í Vestur-Evrópu hafi staðan verið svipuð og hér á einhverjum stigum. Þar má nefna England og Írland sem voru að kalla skóglaus um tíma. Þau lönd sneru dæminu við mun fyrr en gert var hér á Íslandi og gengur betur en hér. Löndin eru auðvitað fjölmennari og náttúrulegar aðstæður hagstæðari. Sama má segja um Danmörku.

„Öll þessi lönd voru að eiga við mikla gróðurrýrnun á tímabili og sneru síðar við blaðinu,“ segir Arnór og bætir við að viður skipti gríðarlega miklu máli og með hverju árinu sem líður aukist mikilvægi hans.

„Með þessari miklu skógeyðingu sem hefur orðið verður viður alltaf verðmætari og verðmætari. Nánast frá iðnbyltingu hefur raunvirði viðar aukist jafnt og þétt, og tvöfaldað sig í verði á síðustu 100 árum. Aðgengið að viði verður sífellt minna og verðið hækkar stöðugt. Þetta hvetur okkur Íslendinga til að rækta meira í okkar skóglausa landi. Skógeyðingin á sér hins vegar eðlilegar skýringar; með mikilli fjölgun mannkyns verða menn að ryðja sér land til að hafa í sig og á. Þetta er að gerast í stórum stíl í Brasilíu og löndum Afríku, Indónesíu og fleiri stöðum. Það er erfitt að glíma við þennan vanda sem á sér slíkar skýringar,“ segir Arnór.

## Miklar gróðurbreytingar á Íslandi

- Gögn frá gervitunglum hafa verið notuð til að skoða gróðurbreytingar á Íslandi síðustu þrjá áratugi. Í ritinu „Remote sensing“ birtist nýverið grein um niðurstöðu rannsóknarinnar. Greinin nefnist Warming, sheep and volcanoes: Land cover changes in Iceland evident in satellite NDVI trends, en höfundar hennar eru Martha Raynolds frá Alaska-háskóla í Fairbanks og Borgþór Magnússon, Sigmar Metúsalemsson og Sigurður H. Magnússon við Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Gervitunglagögn fyrir tímabilið 1982–2010 benda til að gróður á norðurslóðum hafi aukist verulega, einkum umhverfis Norður-Íshaf. Rannsóknir á jörðu hafa einnig stutt þetta og er meginorsök rakin til hlýnandi loftslags. Þegar Ísland er skoðað í stóra samhenginu kemur jafnframt í ljós að landið er meðal þeirra svæða þar sem gróska hefur aukist hvað mest á þessu tímabili.
- Niðurstöðurnar benda til að gróður hér á landi hafi aukist mest 1982–1989 og er það rakið til stórfelldrar fækkunar sauðfjár. Gróska landsins eykst áfram 1990–1999 en heldur minna. Árin 2000–2010 ber hins vegar svo við að það hægir á breytingum. Gögn fyrir árin 2002–2013 benda einnig til hins sama.
- Það eru einkum á landgræðslu- og skógræktarsvæðum sem veruleg aukning gróðurs kemur fram. Tap á gróðurþekju var hins vegar á landi sem fór undir Hálslón árið 2006–2007 og þar sem aska féll í gosinu í Eyjafjallajökli 2010 og í Grímsvötnum 2011.
- Hægari aukning gróðurs á norðurslóðum eftir 2000 þrátt fyrir hlýrra loftslag er ekki einsdæmi fyrir Ísland. Á strandsvæðum í norðanverðri Skandinavíu hafa komið fram sömu vísbendingar og eru þær m.a. raktar til umhleypingasamari tíðar að vetrarlagi sem eykur álag á gróður og einnig til aukningar skordýrastofna sem herja á plöntur að sumarlagi og valda skemmdum.

*Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands*






# YVESSAINTLAURENT

## KYNNING Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG SMÁRALIND 17. - 23. SEPT.

Nýr ilmur í Black Opium línunni sem hefur slegið í gegn um allan heim.
Spennandi haustlitir og margt fleira.



**Touche Éclat Blur Perfector** – Mjög létt formúla sem breytist úr kremi í púður við ásetningu. Jafnar áferð húðarinnar samstundis. Húðin virðist sléttari auk þess sem opnar húðholur og fínar línur virðast hverfa.

Blur Perfector má nota í stað farða, til að fullkomna förðun eða til að lagfæra förðun af og til yfir daginn.

**20%** AFSLÁTTUR AF **YVES SAINT LAURENT** Á KYNNINGUNNI

Kaupauki fylgir með 2 eða fleiri keyptum vörum frá YSL á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## VIÐ ÞURFUM ÞINN STUÐNING!

Skrifaðu undir áskorun til stjórnvalda um að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Samningurinn er leiðarvísir að því hvernig tryggja skal fötluðu fólki mannréttindi og tækifæri til jafns við aðra í samfélaginu. Það er mikilvægt að hérlend stjórnvöld fullgildi hann sem fyrst en Ísland er eitt fjögurra Evrópulanda sem hafa ekki gert það.

Við skorum á stjórnvöld að fullgilda samninginn strax!

**OBI.IS/ASKORUN**

## JÖFN TÆKIFÆRI, JAFN RÉTTUR

Skoðaðu myndböndin á **OBI.IS**



# VIÐ HÖFUM SKRIFAÐ UNDIR EN ÞÚ?




SKORAÐU Á STJÓRNVÖLD Á **OBI.IS/ASKORUN**

## Alzheimer tengist skorti á D-vítamíni

Aldraðir sem eru með lítið af D-vítamíni í kroppnum eru líklegri til að fá Alzheimer en aðrir. Þetta eru niðurstöður rannsóknar vísindamanna við Rutgers-háskólann í Bandaríkjunum og styður rannsóknin fyrri rannsóknir.

Vísindamennirnir fylgdust með 382 öldruðum einstaklingum um nokkurra ára skeið en í hópum voru bæðir frískir einstaklingar og einstaklingar með vitglöp. Þeir sem voru með minna af D-vítamíni en aðrir fengu fyrr vitglöp.

Í grein vísindamannanna sem nýlega var birt í ritinu JAMA Neurology er tekið fram að enn sé ekki vitað hvort taka vítamíns geti verið fyrirbyggjandi gegn vitglöpum. Rannsóknin leiddi nefnilega ekki í ljós hvort D-vítamínskortur veldur vitglöpum.

Aðrir áhættuþættir vitglapa, eins og óhollt mataræði, lítil hreyfing og lélegt heilsufar almennt eykur einnig hættuna á skorti á D-vítamíni.

Vísindamennirnir taka þó fram að freistandi sé að mæla með því að aldraðir taki inn D-vítamín þar sem það geti varla verið skaðlegt. Greint er frá þessu á vefnum forskning.no. **– ibs**

**Þeir sem voru með minna af D-vítamíni en aðrir fengu fyrr vitglöp.**



**Aldraðir með lítið af D-vítamíni í kroppnum fengu fyrr vitglöp en aðrir.** Fréttablaðið/Vilhelm



**Þess í stað ætti fólk að skora sjálft sig á hólm; að sækja í tvíræðar aðstæður. Til dæmis óvissuaðstæður og hendast af stað án þess að undirbúa sig.**

Sóley Dröfn Davíðsdóttir, sálfræðingur

**Sóley Dröfn Davíðsdóttir segir að til þess að fólk geti losnað við almennan kvíða þurfi það að sækja í aðstæður þar sem það hefur ekki fulla stjórn.** Fréttablaðið/Anton

# Kvíðanum viðhaldið með því að forðast óvissuaðstæður

**Nýjar rannsóknir í sálfræði benda til þess að fólk með almennan kvíða hafi minna óvissuþol en aðrir. Það telji að tvíræðar aðstæður hafi slæmar afleiðingar. Til að vinna bug á kvíða verður fólk því að sækja í óvissu.**

Almenn kvíðaröskun er mjög vangreindur vandi, segir Sóley Dröfn Davíðsdóttir, sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni.

Ástæðan sé sú að kvíði einkennist af mörgum líkamlegum einkennum og fólk leiti þá ráða við þessum líkamlegu einkennum. Í sumum tilfellum leiti fólk sér hefðbundinna og óhefðbundinna ráða án þess að alltaf sé ráðist að rótum vandans. „Þannig að fólk er sjaldnast að fá fullnægjandi meðferð,“ segir Sóley Dröfn.

Sóley bendir á að nýlegar rannsóknir gefi til kynna að fólk með kvíða hafi minna óvissuþol en aðrir. Þar ber hæst rannsóknir Melisu Robichaud og Michel Dugas frá Kanada, en Melisa hélt nýverið námskeið fyrir íslenska sálfræðinga um meðhöndlun vandans.

Rannsóknir þeirra benda til að óhóflegar áhyggjur séu tilraun til að draga úr óvissu. Þeir sem hafa miklar áhyggjur hafi í grunninn lágt óvissuþol, það er að segja neikvæðar hugmyndir um óvissu. Þeir telji að óvissan hafi eitthvað slæmt í för með sér sem þeir muni ekki ráða við. Og þeir sem hafa minnst óvissuþol glíma við almenna kvíðaröskun. Hún einkennist af þrálátum áhyggjum og fylgja áhyggjunum iðulega spenna, þreyta, eirðarleysi, einbeitingarerfiðleikar og svefntruflanir.

Áætlað er að 6 prósent fólks glími við almenna kvíðaröskun um ævina og er vandinn helmingi algengari á meðal kvenna. Nýjar meðferðir snúast því um það að fólk með almennan kvíða er látið sækja meira í óvissuna. Til dæmis að fara illa undirbúinn og keyra út í bláinn. Þannig geti fólk lært að það þurfi ekki að hræðast óvissuna. „Það sem fólk gerir venjulega, ef það hefur þá hugmynd að það höndli ekki óvissu, er að það reynir að vera með allt á hreinu til að ekkert komi á óvart,“ segir Sóley.

Fólk reyni að skipuleggja allt, stjórna öllu og vera vanafast. En með því að skipuleggja aðstæðurnar sé verið að halda óvissuþolinu lágu. „Þess í stað ætti fólk að skora sjálft sig á hólm; að sækja í tvíræðar aðstæður. Til dæmis óvissuferðir og hendast af stað án þess að undirbúa sig. Bara til að sjá að það höndli aðstæður,“ segir Sóley. **jonhakon@frettabladid.is**






# Nú erum við líka í Kringlunni

Höfum opnað glæsilega verslun í Kringlunni. Af því tilefni eru **fjölmörg glæsileg opnunar-tilboð í verslunum okkar** við Laugaveg, í Kringlunni og á michelsen.is.

**Hlökkum til að sjá ykkur.**

FJÖLDI GLÆSILEGRA **OPNUNAR-TILBOÐA**

## Opnunarleikur

Allir sem versla við okkur í september fara í lukkupott. Dregið verður 3. október og **tveir heppnir viðskiptavinir eignast glæsilegt Michelsen Tradition úr** að eigin vali.

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni - sími 511 1900 - www.michelsen.is

# VIÐSKIPTI



**Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir tækifæri til að nýta sér aukna magnafslætti.** Fréttablaðið/GVA

## Ríkið geti sparað 2-4 milljarða í innkaupum

Sparnaður ríkisins af breyttri innkaupastefnu gæti orðið 2-4 milljarðar á ári samkvæmt niðurstöðu verkefnastjórnar um bætt innkaup ríkisins. Kaup ríkisins á vöru og þjónustu hafa numið 88 milljörðum króna á ári.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði á fundi með forstjórum ríkisstofnana og stjórnsýslufræðingum í gær of mörg dæmi um að sömu hlutirnir væru keyptir innan sama árs hjá mismunandi ríkisstofnunum með tugprósenta verðmun. Bjarni sagði innkaupastjóra ríkisins of marga og skortur væri á heildaryfirsýn í innkaupum ríkisins. Með auknum magninnkaupum þvert á stofnanir ætti að vera hægt að spara umtalsverðar fjárhæðir. Til að mynda ætti að vera hægt að spara fjárhæðir með því að áætla hve marga skrifstofustóla ríkið þurfi fram í tímann og fara fram á að birgjar veiti magnafslátt í þeim innkaupum. **– ih**




SEÐLABANKI ÍSLANDS

**Auglýsing um innlausnarverð verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs**

**Flokkur: 1995 1.fl. D 20 ár (RIKS 15 1001)**
**Innlausnardagur: 1. október, 2015**

| Nafnverð | | Innlausnarverð | |
|---|---|---|---|
| Kr. | 100.000 | Kr. | 249.164 |
| Kr. | 1.000.000 | Kr. | 2.491.643 |
| Kr. | 10.000.000 | Kr. | 24.916.427 |

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram hjá Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

Reykjavík, 17. september 2015.

**Seðlabanki Íslands**

*Innlausnarverð er höfuðstóll og verðbætur

## Drossíur í Frankfurt



**Bílasýningin í Frankfurt fer fram þessa dagana. Ljósmyndari AFP-fréttastofunnar var staddur þar í gær og sá þá hvar fólk var að virða fyrir sér fjölda nýrra bíla.** NordicPhotos/AFP

# Munum þurfa 400 ný herbergi á hverju ári

**Þörf er á 4-5 milljarða árlegri fjárfestingu í hótelum og gistiheimilum næstu árin samkvæmt skýrslu Íslenskra verðbréfa. Ferðaþjónustan verði áfram driffjöður í fjölgun starfa, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.**

Þörf er á 4-5 milljarða fjárfestingu í byggingu hótela og gistiheimila á ári á landsbyggðinni næstu árin. Þetta er niðurstaða skýrslu Íslenskra verðbréfa um fjárfestingaþörf á landsbyggðinni.

Stefán B. Gunnlaugsson, sérfræðingur hjá Íslenskum verðbréfum, dósent við viðskiptafræðideild Háskólans á Akureyri og höfundur skýrslunnar, áætlar að byggja þurfi 300-400 hótelherbergi á ári utan við höfuðborgarsvæðið til að halda í við fjölgun ferðamanna. „Ég held að þessi skýrsla sé frekar varfærin,“ segir Stefán. Í skýrslunni er gert ráð fyrir að ferðamönnum fjölgi um 15 prósent á þessu ári og vöxturinn verði svo við langtímameðaltal, 8,3 prósent, næstu árin.

Farþegum sem fara um Keflavíkurflugvöll það sem af er þessu ári hefur fjölgað um 23,9 prósent milli ára. Þá býst Icelandair við að ferja 3,5 milljónir farþega á næsta ári sem er 15 prósent fjölgun. Wow air hyggst svo fjölga flugvélum sínum um helming, og fara úr sex í níu. Því gæti fjölgun ferðamanna orðið mun meiri en gert er ráð fyrir í skýrslunni og þar með uppbyggingarþörfin.

Stefán býst við að uppbyggingin verði mest í nágrenni við höfuðborgarsvæðið þar sem nýting gistirýma hafi batnað mikið. Á Suðurnesjum hefur nýting gistirýma farið úr 44,5 prósentum árið 2007 í 58,2 prósent árið 2014. Þá hafi nýting gistirýma á Suðurlandi farið úr 30 prósentum árið 2007 í ríflega 40 prósent árið 2014.

Þá er búist við því að ferðaþjónustan verði áfram driffjöður í sköpun nýrra starfa hér á landi. Í skýrslunni er því spáð að yfir sjö þúsund ný störf verði til á árunum 2015-2020. Á síðasta ári störfuðu tæplega 17 þúsund manns í ferðaþjónustunni og því muni störfum í atvinnugreininni fjölga um 40 prósent.



**Hótel Húsafell var opnað fyrr í sumar. Kostnaður við byggingu hótelsins nam hálfum milljarði króna.** Mynd/Óli Mýrdal

Þar af megi gera ráð fyrir að ríflega þrjú þúsund störf verði til fyrir utan höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin. „Fjölgun starfa á landsbyggðinni, og reyndar líka á höfuðborgarsvæðinu, verður í ferðaþjónustunni. Það er það sem mun fjölga störfum úti á landi. Sjávarútvegurinn mun ekki gera það,“ segir hann.

Stefán segir að jákvæðustu áhrifin fyrir vöxt ferðaþjónustunnar hafi verið í Reykjavík. Þar sé straumur ferðamanna jafnastur yfir árið og því séu fleiri heilsársstörf í ferðamennsku þar auk þess sem nýting hótelherbergja sé góð allt árið. Hann segir að æskilegt væri að ferðamannastraumurinn yrði jafnari á landsbyggðinni en það verði erfitt í framkvæmd. „Ég hef ekki trú á því að landsbyggðin muni nokkurn tímann ná sömu jöfnu dreifingu og höfuðborgarsvæðið,“ segir hann. **ingvar@frettabladid.is**

> **Ég hef ekki trú á því að landsbyggðin muni nokkurn tímann ná sömu jöfnu drefingu og höfuðborgarsvæðið**
>
> Stefán B. Gunnlaugsson, sérfræðingur hjá Íslenskum verðbréfum



**40%**

**er áætluð fjölgun starfa í ferðaþjónustu fram til ársins 2020.**

# ÚTSALA

## SPARIÐ ALLT AÐ

# 50%

TOYS"R"US

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

TOYS"R"US
Ein magnaðasta leikfangaverslun í heimi™

@ Fréttabréf
Skráðu þig á toysrus.is

*Tilboðin gilda 20.09.2015. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

# Maturinn vegur þyngst



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Um áramótin voru felld niður almenn vörugjöld sem lögðust á ýmsar vörur. Þar vóg þyngst vörugjald á raftæki og byggingarvörur en 15-25 prósenta vörugjald lagðist á slíkar vörur sem augljóslega hafði áhrif á verðmyndun til neytenda. Samkvæmt könnun Samtaka atvinnulífsins hefur niðurfelling gjaldanna reynst veruleg búbót fyrir íslenska neytendur þar sem tekin voru dæmi um verð á þvottavélum og sjónvörpum sem hafa lækkað síðan gjöldin voru lögð af.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að tollar falli niður af fötum og skóm um næstu áramót. Gera má ráð fyrir að sú niðurfelling muni einnig skila sér í lækkuðu vöruverði og hafi enn frekari áhrif á stöðu neytenda, sem alla jafna kaupa oftar föt og skó heldur en stór og dýr raftæki. Í frumvarpinu var einnig kveðið á um að tollar verði felldir niður af nokkrum tegundum af mjólkurlausum ís. Um er að ræða staðgengdarvörur kúamjólkur, það er vörur úr sojabaunum, hrísgrjónum, höfrum, hnetum og/eða möndlum, sem neytt er í stað mjólkur til dæmis vegna mjólkurofnæmis eða óþols. Frekari tollalækkanir hafa verið boðaðar.

Niðurfelling vörugjaldanna sem og tollalækkanir eru stórt skref í átt að frekara viðskiptafrelsi og neytendavernd. Í Fréttablaðinu í dag er rætt við Ásgeir Baldursson, eiganda Ísbílsins, sem furðar sig á því að frostpinnar beri áfram toll og hefði talið eðlilegra að orða undanþáguna með almennum hætti þannig að hún næði yfir allan ís sem ekki er framleiddur úr mjólk. Sem dæmi má nefna að ís framleiddur úr kókosvatni fellur ekki undir undanþáguákvæðið né heldur ís úr ávaxtaþykkni. „Það eru bara MS og Kjörís sem njóta verndar af tolli sem leggst á vatn með bragðefni,“ segir Ásgeir og bætir því við að tollskýrslan verði líklegast talsvert flóknari með svo sértækum undanþágum.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, tekur í sama streng. Félagið fagnaði í vikunni viðleitni stjórnvalda til að viðurkenna að ekki eigi að leggja verndartolla á matvörur sem engin sér enga samsvörun í innlendri búvöruframleiðslu. Í blaðinu í dag harmar Ólafur að stjórnvöld gangi ekki lengra. Hann segir slíka tollheimtu ekki vernda neitt og fráleitt að íslenskir neytendur séu að greiða verndartolla af vatni, litarefnum og bragðefnum sem ekkert eigi skylt við íslenskan landbúnað.

Íslenska ríkið heldur uppi viðskiptahindrunum með tollum á ýmsar innfluttar vörur án þess að verið sé að vernda nokkra íslenska framleiðslu. Sem dæmi má taka franskar kartöflur, sem bera 76 prósenta toll, snakk ber 59 prósenta toll og sætar kartöflur bera 30 prósenta toll. Hverfandi eða engin framleiðsla er á þessum vörum hérlendis. Svo mætti áfram telja.

Matartollar hækka verð til neytenda en fátt, annað en húsnæði, vegur eins þungt í heimilisbókhaldinu og kaup á matvælum. Endurskoðun á matartollum er þannig nauðsynleg en tollvernduð matvæli geta verið allt að 59 prósentum dýrari en í öðrum ríkjum. Tollar á matvörur sem ekki eru framleiddar hér á landi eru fráleitir. Niðurfelling þeirra og tolla á önnur innflutt matvæli væri alvöru búbót fyrir íslensk heimili.

> Niðurfelling vörugjaldanna sem og tollalækkanir eru stórt skref í átt að frekara viðskiptafrelsi og neytendavernd.

## Halldór







## Frá degi til dags

**Tvískinnungur Framsóknar**

**Fram er komið öðru sinni frumvarp Willums Þórs Þórssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, um að leyfa fjárhættuspil á Íslandi. Margir þingmanna Framsóknar eru meðflutningsmenn lagafrumvarpsins. Í greinargerð með frumvarpinu er að finna rökstuðning með frumvarpi þingmannanna. Þar segir: „Raunin er sú að Ísland er eitt fárra ríkja í vestrænum heimi sem bannar rekstur spilahalla, en rekstur spilahalla er heimilaður í nánast öllum Evrópuríkjum að Íslandi og Noregi undanskildum.“ Það áhugaverða við þessa blessuðu röksemd er að hana má nota nánast óbreytta um afnám einkasölu ríkisins á áfengi. Er til of mikils mælst að þingmenn sýni það í verki að þeir séu samkvæmir sjálfum sér?**

**Að sniðganga vörur er ekki hatur**

**Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi, telur það með öllu ótækt að borgin ákveði að sniðganga vörur frá Ísrael og segir geðþótta ráða för þar sem fráfarandi borgarfulltrúi sé á leið til Palestínu. Hann bendir einnig á að borgin ætti að gera mannréttindabrjótum jafnlágt undir höfði; ekki væri hægt að taka eitt ríki út heldur þyrfti þá að sniðganga vörur frá mun fleiri ríkjum. Það eru verðug rök í málinu. Það að öskra á hatur á gyðingum eru hins vegar engin rök og ættu sem flestir að loka eyrum sínum fyrir slíkri þvælu.**

sveinn@frettabladid.is

# Skrifum undir mannréttindi fatlaðs fólks



Ellen Calmon
formaður ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands heldur áfram herferð sinni til að tryggja fötluðu fólki mannréttindi til jafns við aðra í samfélaginu. Herferðin er í formi undirskriftasöfnunar þar sem skorað er á stjórnvöld að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) á haustþingi 2015. Öryrkjabandalagið hefur í mörg ár barist fyrir því að samningurinn verði fullgiltur og lögfestur en hann var undirritaður af Íslands hálfu í mars árið 2007. Nú hafa 156 ríki fullgilt hann og er Ísland annað tveggja Norðurlanda sem ekki hafa fullgilt samninginn. Finnland er hitt norræna ríkið sem er að ljúka vinnu við fullgildingu um þessar mundir.

SRFF er alþjóðasamningur sem felur í sér skyldur aðildarríkja til að tryggja réttindi fatlaðs fólks. Hann markar tímamót í allri mannréttinda- og frelsisbaráttu fatlaðs fólks. Undirritun Íslands felur í sér að ríkið skuli ekki ganga gegn sáttmálanum og hugtakið „fullgilding“ þýðir að Ísland hefur formlega gerst aðili að samningnum á alþjóðavettvangi.

Samningurinn er óháður skerðingu einstaklingsins, kyni og aldri og er leiðarvísir að því hvernig tryggja skal fötluðu fólki sömu mannréttindi og tækifæri í lífinu og öðrum. Samkvæmt framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks átti að leggja fram frumvarp á vorþingi Alþingis 2013 til fullgildingar SRFF en það hefur ekki ennþá verið gert. Eru mannréttindi kannski ekki forgangsmál á Íslandi?

Á næstu dögum munu birtast myndbönd sem Öryrkjabandalagið hefur látið vinna og fjalla þau um aðstæður sem fatlað fólk upplifir margt hvert á Íslandi í dag. Myndböndin eru öll byggð á sönnum atburðum. Efnistökin eru meðal annars þátttaka í fjölskyldulífi, aðgengi fyrir alla, val um tjáningarleiðir, forræðishyggja, fordómar og framfærsla. Ég vil hvetja þig, lesandi góður, til að fylgjast með þessum myndböndum sem munu birtast á visir.is og á Facebook-síðu Öryrkjabandalagsins og skrifa undir áskorunina sem þar birtist eða á heimasíðunni, obi.is. Við ættum öll að geta skrifað undir mannréttindi fatlaðs fólks og stuðlað þannig að betra samfélagi fyrir alla!

> Við ættum öll að geta skrifað undir mannréttindi fatlaðs fólks og stuðlað þannig að betra samfélagi fyrir alla!

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Þegar þjóðlönd skilja

Í DAG



Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur

Lífríkið er þeirrar náttúru að plöntum og dýrategundum fer eftir atvikum ýmist fjölgandi eða fækkandi. Tegundir deyja út og aðrar vaxa fram. Sama lögmál gildir um þjóðtungur og þjóðmyntir. Nú fer gjaldmiðlum heimsins fækkandi þar eð hagkvæmt þykir að þjóðir sameinist um gjaldmiðla frekar en að hver og ein haldi úti sínum miðli. Þess vegna eru myntirnar nú orðnar miklu færri en löndin. Með upptöku evrunnar um 2000 hefur gjaldmiðlum Evrópulanda fækkað smám saman um sextán. Eins háttar um þjóðlöndin. Þeim ýmist fjölgar eða fækkar. Við fall Sovétríkjanna 1991 fjölgaði sjálfstæðum þjóðríkjum um fjórtán á einu bretti.

Hér vaknar spurning. Hvað á okkur að finnast um fjölgun þjóðríkja? Hvað á okkur t.d. að finnast um sjálfstæðisbaráttu Skota og Katalóna? Eigum við að taka umhugsunarlausa afstöðu með þeim sem vilja varðveita einingu ríkja? Varla. Flest okkar fögnuðu upplausn Sovétríkjanna og stofnun eða endurreisn fimmtán sjálfstæðra ríkja upp úr rjúkandi rústunum. Svarið við spurningunni ræðst m.ö.o. af samhenginu.

**Bandaríkin 1861-1865**

Í Bandaríkjunum gerðist það 1861 að ellefu suðurríki sögðu sig úr lögum við norðurríkin og stofnuðu sjálfstætt ríki. Uppspretta klofningsins var annars vegar ótti suðurríkjanna við að norðurríkin hygðust neyða suðurríkin með lagasetningu til að láta af þrælahaldi og hins vegar ótti norðurríkjanna við að vesturríkin sem fór fjölgandi myndu heimila þrælahald að fyrirmynd suðurríkjanna svo að andstæðingar þrælahalds í norðurríkjunum gætu hafnað í minni hluta í landinu.

Af þessu spratt borgarastyrjöld sem stóð í fjögur ár og kostaði 600 þúsund mannslíf. Bandaríkjastjórn undir forustu Abrahams Lincoln forseta vildi fyrir alla muni varðveita einingu ríkisins. En stríðið var í reyndinni þrælastríð. Lincoln gerði rétt í að halda landinu saman vegna þess að það var eina færa leiðin til að útrýma þrælahaldi. Ef þrælahald er ekki rangt, sagði Lincoln, þá er ekkert rangt. Eining Bandaríkjanna var ekki takmark í sjálfri sér, þótt Lincoln og hans menn segðu svo vera, heldur var hún tæki til að útrýma þrælahaldi.

> Í hvorugu landinu er einingar þörf til að uppræta djúpstætt ranglæti, þvert á móti.

**Sovétríkin, Bretland, Spánn**

Engin hliðstæð velferðarrök mæltu með því að varðveita einingu Sovétríkjanna á sínum tíma, þvert á móti. Upplausn Sovétríkjanna var liður í nauðsynlegu hruni kommúnismans. Landaskilnaðir í Evrópu hafa jafnan farið fram í góðri sátt, t.d. skilnaður Noregs og Svíþjóðar 1905, Íslands og Danmerkur 1944 og Tékklands og Slóvakíu 1993. Blóðugur skilnaður Írlands og Bretlands 1922 er undantekningin sem sannar regluna. Balkanskaginn er kapítuli út af fyrir sig.




Hvað um einingu Bretlands og Spánar? Ber að varðveita hana óháð vilja Skota og Katalóna? Í hvorugu landinu er einingar þörf til að uppræta djúpstætt ranglæti, þvert á móti. Skotar líta til Norðurlanda sem fyrirmyndar og telja ranglátt að þeir þurfi að lúta stjórn Englendinga sem taka heldur Bandaríkin sér til fyrirmyndar. Það væri því beggja hagur, segja margir Skotar, að löndin tvö skilji að skiptum. Þá getum við byggt norrænt velferðarríki í Skotlandi, segja þeir, og enska íhaldið fær að vera í friði fyrir okkur. Skotar fengu að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um málið 2014. Sjálfstæðissinnar lentu þá í minni hluta, en þeir hafa síðan sótt í sig veðrið m.a. með því að vinna 56 af 59 sætum Skotlands í brezka þinginu fyrr í ár.

Katalónar hafa aðra sögu að segja. Þeir eru sjöttungur af mannfjölda Spánar og telja sig vanræktan minni hluta í landinu. Katalónska er sjálfstæð tunga, ólík spænsku, en er ekki kennd í spænskum skólum. Katalónum finnst mörgum jafnsjálfsagt nú að stofna sjálfstætt ríki með Barselónu sem höfuðborg eins og okkur öllum finnst það sjálfsagt að Portúgal sé sjálfstætt ríki við hlið Spánar. Stuðningur við sjálfstæði Katalóníu hefur aukizt að undanförnu. Heimamenn segja að þar muni mest um gamla fólkið sem man borgarastríðið 1936-1939 og einræðisstjórn Francos fram til ársins 1976 og áræðir nú fyrst að kasta af sér hlekkjunum. Fjórði hver Katalóni – allt að 2 milljónir manns af 7,5 milljónum – þusti út á götur Barselónu um síðustu helgi til að lýsa stuðningi við stofnun sjálfstæðs ríkis í Katalóníu. Spænska ríkisstjórnin tekur það þó ekki í mál og leyfir Katalónum ekki að útkljá málið í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og Englendingar leyfðu Skotum að gera í fyrra. Stjórn Francos flutti Spánverja í stórum stíl til Katalóníu til að veikja viðnámsþrótt þeirra líkt og Stalín flutti Rússa til Eystrasaltsríkjanna, en það dugði ekki til.

Stjórnin í Madríd skýlir sér m.a. á bak við ákvæði í stjórnarskrá landsins frá 1978 sem kveður á um að eining Spánar sé órjúfanleg. Katalónar kunna að eiga svar við þessu. Þeir geta sett sér sína eigin stjórnarskrá og lýst því yfir að spænsk lög gildi því aðeins í Katalóníu að þau brjóti ekki gegn þeirri stjórnarskrá sem Katalónar hafa sjálfir sett sér. Þannig skákuðu Litháar Sovétríkjunum 1990 og höfðu frækilegan sigur.




## Volkswagen Crafter Extreme Edition

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytnum díeselvélum. Volkswagen Crafter er með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

Líttu við og í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynntu þér einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter Extreme Edition.

**Staðalbúnaður**

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftpúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

**Mögulegur valbúnaður**

- Dráttarbeisli 180.000. kr m/vsk

**Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition**

- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth símkerfi
- Hiti í bílstjórasæti
- Fjaðrandi hæðastillanlegt ökumannssæti með armpúða
- Vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakkmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými

Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá

**4.596.774 kr. án vsk**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík

Atvinnubílar

# Á að selja áfengi í matvörubúðum?



Gunnar Alexander Ólafsson
heilsuhagfræðingur

Ég veit ekki annað en að Íslendingar séu sáttir við þá stefnu sem hefur ríkt í áfengismálum og því tel ég að við eigum að halda í okkar íhaldssömu stefnu í áfengismálum.

Á Íslandi hefur ríkt íhaldssöm áfengisstefna. Til merkis um það, þá var sala á áfengum bjór leyfð árið 1989 eftir 70 ára bann. Árið áður 1988 var neysla hvers Íslendings (18 ára og eldri) af áfengi 4,53 lítrar. Árið 2007 náði neysla áfengis ákveðnu hámarki eða 7,53 l á hvern einstakling. Því má álykta að með tilkomu bjórsins hafi áfengisneysla aukist töluvert. Á síðasta ári var áfengisneysla 7,18 l á hvern Íslending.

Áfengi er ekki eins og hver önnur vara. Að neyta áfengis er ekki það sama og neyta gosdrykkjar eða mjólkur. Áfengi er vímugjafi og á að mínu mati ekkert erindi inn í stórmarkaði, heldur ætti vegna eðlis og skaðsemi þess að hindra sem mest aðgengi að áfengi.

Helstu þættir áfengisvarnastefnu opinberra aðila eru og hafa verið öflugar forvarnir, hár áfengiskaupaaldur, háir áfengisskattar og takmarkað aðgengi að áfengi. Áfengisforvarnir hafa í gegnum tíðina verið mjög öflugar, bæði af hálfu opinberra aðila og félagasamtaka eins og SÁÁ, íþróttahreyfingarinnar og góðtemplarareglunnar. Áfengiskaupaldur hefur verið hærri á Íslandi m.v. önnur lönd sem við berum okkur saman við. Það eru helst Svíþjóð og Finnland sem hafa sömu aldurstakmörk og Ísland. Áfengissala hefur verið undir stjórn ríkisins síðan áfengisbannið var afnumið að hluta árið 1922. Í dag rekur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 48 vínbúðir um allt land, sem tryggir nægilegt aðgengi að áfengi.

Ef einni stoð af þeim fjórum sem áfengisstefna stjórnvalda byggist á yrði breytt mun afleiðingin verða meiri áfengisneysla. Sú aukning mun leiða til fleiri félagslegra vandamála, meiri ölvunaraksturs, fleiri heimilisofbeldismála, fleiri skilnaða, fleiri áfengistengdra dauðsfalla, fleiri tapaðra vinnustunda vegna áfengisneyslu og stofnanir samfélagsins (félagsþjónusta, heilbrigðiskerfið, lögregla o.s.frv.) munu þurfa að eyða meiri tilkostnaði (mannskap og fé) í að glíma við afleiðingarnar.

Í nýlegri sænskri rannsókn var rannsakað hvaða áhrif það myndi hafa að leyfa sölu áfengis í matvöruverslun. Ölvunarakstur myndi aukast, árásum, dauðsföllum og veikindadögum myndi fjölga og ef tölurnar yrðu heimfærðar fyrir Ísland myndi tilfellum ölvunaraksturs fjölga um 230 á ári, árásum um 700 á ári og dauðsföllum vegna meiri áfengisnotkunar um 70 á ári. Veikindadögum myndi fjölga um 390 þúsund.[1]

Í sumar dvaldist ég í Frakklandi. Ég skoðaði áfengisúrval í einum stórmarkaði. Áfengi var sú vara sem fékk mesta rýmið innan stórmarkaðarins. Bara hillurnar með áfengi voru 130 metrar á lengd! Í þessum stórmarkaði þurfti maður að ganga fram hjá áfenginu til að komast að mjólkurvörunum! Ekki mæli ég með þeirri þróun í stórmörkuðum hér á landi.

**Viðhöldum sama fyrirkomulagi**

Er ástæða til að breyta um stefnu? Nei. Við eigum að viðhalda sama fyrirkomulagi um sölu á áfengi eins og er í dag. Ég veit ekki annað en að Íslendingar séu sáttir við þá stefnu sem hefur ríkt í áfengismálum og því tel ég að við eigum að halda í okkar íhaldssömu stefnu í áfengismálum. Hún hefur reynst ágætlega og sem dæmi um árangur má benda á niðurstöður rannsókna um vímuefnanotkun unglinga í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi 1997-2013.[2] Sú könnun sýndi að árið 1997 höfðu um 50% allra nemenda í 10. bekk neytt áfengis einu sinni eða oftar síðustu 30 daga. Þetta hlutfall var komið í 11% árið 2013.

Mín skoðun er sú að við eigum að viðhalda okkar íhaldssömu stefnu í áfengisvörnum sem við höfum haft undanfarna áratugi. Að mínu mati á ekki að selja áfengi í matvöruverslunum því það mun leiða til aukinnar áfengisneyslu.

*[1] Potential consequences of replacing a retail alcohol monopoly with a private licence system: results from Sweden. T. Norström, T. Miller, H. Holder, E. Österberg, M. Ramstedt, I.Rossow, T. Stockwell.*

*[2] http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Throun-vimuefnaneyslu-ungmenna-a-Islandi-1997-til-2013-L.pdf*

# Hjálpartækið öndunarvél!



Guðjón Sigurðsson
formaður MND félagsins

Að velja öndunarvél er ekki eitthvað sem fólk gerir að gamni sínu.

Að velja það að fara í öndunarvél er rökrétt framhald þess að geta ekki lengur andað hjálparlaust.

Að velja að fá næringu í beint í maga er rökrétt framhald þess að geta ekki lengur tuggið eða kyngt fæðu.

Að velja að fara í hjólastól er rökrétt framhald þess að geta ekki lengur gengið.

Hjálpartæki koma hvert af öðru eftir því sem þörf á þeim verður aðkallandi. Að velja öndunarvél er ekki eitthvað sem fólk gerir að gamni sínu. Það er bara þannig að fólk sem vill lifa þarf súrefni eins og annað fólk. Eða þekkið þið dæmi um lifandi veru sem getur verið án súrefnis?

Það að lifa er ekki í mínum huga að vera bundinn eins og belja á bás inni á stofnun. Það er svona frekar að lifa af, tóra. En að vera gert mögulegt að búa heima, ferðast og vera samvistum við fólk er meira það sem ég tel að fólk almennt telji líf. Að vera lifandi.

**Kolsvartur raunveruleiki**

Það að velja að lifa í öndunarvél er mögulegt á Íslandi í dag eftir áralanga baráttu við kerfið. En þá tekur raunveruleikinn við. Kolsvartur í boði sveitarfélaga og ríkis. Þau telja fullgott líf fyrir þá sem valið hafa öndunarvél sem hjálpartæki að vera bundinn eins og belja á bás lifandi af, tórandi.

Ég treysti á að yfirvöld hysji upp um sig og fari að standa við áður gert samkomulag um að tryggja þessum örfáu einstaklingum mannsæmandi líf. Tryggja þeim og fjölskyldum þeirra þá aðstoð sem þau eiga rétt á.

Við erum Íslendingar, búum í frábæru landi sem allir eiga að geta notið jafnt, bæði Jón og sr. Jón.

Lifið heil.

# Opið bréf til 10. bekkjar Salaskóla



Gunnar Bragi Sveinsson
utanríkisráðherra



Kæru nemendur í 10. bekk Salaskóla. Í vor áttum við frábæran fund í skólanum ykkar. Þið kynntuð fyrir mér ykkar sýn á drög að nýjum markmiðum um sjálfbæra þróun, sem var þá verið að ræða í Sameinuðu þjóðunum í New York. „Heimsmarkmiðin“ eins og líka má kalla þau, eru núna tilbúin og verða samþykkt á stórum fundi þjóðarleiðtoga helgina 25.-27. september. Mig langar að þakka ykkur kærlega fyrir fundinn og alla vinnuna sem þið lögðuð í að kynna ykkur markmiðin og miðla þeim til mín. Ég fann það sterkt að ykkur er greinilega ekki sama um hvað gerist í heiminum okkar og í lífi annars fólks. Þið sýnduð frumkvæði, nálguðust málin á ykkar eigin hátt og höfðuð greinilega áhuga á að finna lausnir sem virka til að gera heiminn að betri stað. Það er einmitt hugsunin á bak við nýju heimsmarkmiðin 17 að hvert og eitt land – og hver og ein manneskja – geti unnið að þessum sameiginlegu markmiðum. Í Sameinuðu þjóðunum eru 193 ríki og styrkleikar þeirra og áskoranir eru misjafnar. Ef við tökum sem dæmi markmið númer eitt og tvö, sem er að binda enda á fátækt og hungur í heiminum, blasir við að í sumum löndum þarf mikið að gerast meðan önnur ríki, til dæmis Ísland, standa mun betur. Þess vegna þurfum við að hjálpa. Það gerum við með þróunarsamvinnu, sem sautjánda heimsmarkmiðið fjallar einmitt um. Þróunarsamvinnan snýst ekki um að senda fólki mat, heldur að hjálpa fólki í samstarfslöndum Íslands að læra að hjálpa sér sjálft.

**Bjóða upp á ýmsar áskoranir**

Malaví er eitt af samstarfslöndum okkar Íslendinga í Afríku. Það er á stærð við Ísland þótt íbúarnir séu fleiri. Ég fór þangað í heimsókn í sumar og fannst minnisstæðast að heimsækja staði sem skipta máli í lífi venjulegs fólks í Malaví, svo sem skóla og spítala. Ísland styður nú við byggingu nýrrar fæðingardeildar til að tryggja líf og öryggi mæðra og barna í kringum barnsfæðingar. Það er ennþá þannig í Malaví að miklu fleiri börn deyja ung, og miklu fleiri mæður deyja vegna barnsfæðinga heldur en hér á landi. Það gleðilega er að þessar tölur eru að lækka og ég er ánægður að Ísland geti lagt af mörkum við að lækka þær enn meira. Þannig stuðlum við að því að Malaví nái þriðja heimsmarkmiðinu um heilsu og vellíðan, en tvö undirmarkmiða þess fjalla einmitt um mæðra- og barnadauða. Baráttan við að ná þeim tengist svo líka fimmta markmiðinu sem fjallar um kynjajafnrétti og fjórða markmiðinu sem fjallar um menntun fyrir alla. Nýju heimsmarkmiðin tengjast nefnilega mikið innbyrðis. Nýju markmiðin taka gildi í byrjun næsta árs, 2016, og gilda til 2030. Þau munu líka gilda fyrir Ísland og önnur þróuð lönd og bjóða upp á ýmsar áskoranir, svo sem í stjórnun umhverfismála. Þar kemur hreina orkan sem við Íslendingar höfum lært að nýta, sterk inn, en við eins og önnur ríki þurfum að skoða hvernig við getum unnið að markmiðunum hér heima og að heiman. Þið sem nú eruð að byrja í 10. bekk eruð fædd árið 2000. Það var árið sem Sameinuðu þjóðirnar settu sér fyrst þróunarmarkmið. Nú eruð þið fimmtán ára og ný og víðtækari markmið eru sett. Hvernig verður heimurinn þegar þið verðið þrítug og tíma þessara markmiða lýkur? Munu þau nást? Hvað geta Íslendingar gert til þess? Ég veit og vona að þið getið haft áhrif á það.

Ég fann það sterkt að ykkur er greinilega ekki sama um hvað gerist í heiminum okkar og í lífi annars fólks.

# Hjálpum stríðshrjáðu fólki



Solveig Lára Guðmundsdóttir
vígslubiskup á Hólum í Hjaltadal

Laugardagsmorguninn 5. september lögðum við hjónin af stað frá Keflavíkurflugvelli áleiðis til Stokkhólms og Uppsala þar sem við vorum boðin að vera viðstödd biskupsvígslu.

Þennan sama dag voru stórir atburðir að gerast sunnar í álfunni Evrópu. Flóttafólk frá Sýrlandi var að leggja af stað fótgangandi frá Búdapest og áleiðis til Austurríkis og Þýskalands. Sögulegur viðburður sem hefur hrært hjörtu okkar allra. Og ekki bara núna heldur marga mánuði aftur í tímann. Varðskipin okkar hafa verið að bjarga fólki á Miðjarðarhafi, en miklu fleiri hafa týnt lífi og drukknað vegna hörmulegra aðstæðna um borð í bátum sem ekki eru gerðir fyrir sjóferðir.

En af hverju vaknar fólk einmitt núna til meðvitundar? Mynd af þriggja ára dreng sem liggur dáinn á ströndinni hrærði hjörtu heimsbyggðarinnar. Við getum öll tengt við þessa mynd. Ég á til dæmis þriggja ára barnabarn sem ég sé fyrir mér í þessum hræðilegu aðstæðum.

Sunnudaginn 6. september vorum við viðstödd áhrifamikla messu í Uppsaladómkirkju, þar sem tveir biskupar voru vígðir. Við athöfnina flutti erkibiskup Svía, Antje Jackelin, eina bestu ræðu sem ég hef heyrt í kirkjunni. Hún byrjaði á því að mála fallega mynd af litla drengnum á ströndinni og endaði predikunina á því þegar lærisveinar Jesú sáu Jesú á ströndinni við Tíberíasvatn. Þessa predikun má lesa á vef svenska kyrkan. Svíar hafa staðið sig frábærlega vel í því að bregðast við flóttafólksvandanum. Þeir hafa sýnt náungakærleika í verki. Þennan sama dag birtust í Svenska dagbladet tölur um fjölda flóttafólks í 32 Evrópulöndum.

Árið 2014 tóku Svíar á móti 8.432 flóttamönnum á hverja milljón íbúa, en Svíar eru tæplega 10 milljónir. Það þýðir að á þessu eina ári tóku þeir á móti 84.320 manns. Og frá árinu 2008 hafa þeir tekið á móti 290.000 manns. Þar af 23.290 börnum sem komu til landsins ein síns liðs.

Þjóðverjar hafa líka staðið sig mjög vel, en þeir hafa tekið á móti 2.511 á hverja milljón íbúa, en þeir eru nú rúmlega 80.000.000 sem þýðir að á árinu 2014 tóku þeir á móti 200.880 manns og frá árinu 2008 hafa þeir tekið á móti 569.000 manns, þar af 15.120 börnum sem komu ein síns liðs.

**Fólk eins og við**

Við hér á Íslandi erum rík þjóð, þó hér búi fólk undir fátæktarmörkum eins og í öllum öðrum ríkum Evrópulöndum. Ef við gerðum eins vel og Þjóðverjar myndum við taka á móti 837 manns á ári og ef við gerðum eins vel og Svíar myndum við taka á móti 2.810 manns.

Flóttafólkið sem nú streymir inn í Evrópu er fólk eins og við. Þau eiga sínar ástir og sína harma. Mörg þeirra eru vel menntuð og vel efnuð. Þau hafa verið hrakin af heimilum sínum í burtu frá öllum sem ekki komust með. Getum við ímyndað okkur ef værum í þeirra sporum: að verða að fara burt úr heimalandinu til að leitast við að bjarga sínu eigin lífi og lífi barna sinna.

Sagan af miskunnsama Samverjanum kennir okkur margt. Hún kennir okkur að við eigum að hjálpa fólki í neyð skilyrðislaust. Samverjinn spurði ekki hinn særða hver hefði lamið hann. Hann spurði ekki hverrar þjóðar hinn særði var. Hann spurði ekki af hverju einhver annar gæti ekki hjálpað honum. Hann gekk hreint til verks. Hann bjó um sár. Hann tók í fang sér og hann kom honum í öruggt húsaskjól. Við sem manneskjur finnum til með þeim sem þjást. Nú skulum við öll sem eitt leggja okkar af mörkum til að koma stríðsþjáðu fólki til hjálpar.

Þau hafa verið hrakin af heimilum sínum í burtu frá öllum sem ekki komust með.




Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 Erum á Facebook • www.pier.is

# Foreldralausu flóttabörnin



**Sunna Stefánsdóttir**
upplýsingafulltrúi SOS Barnaþorpanna á Íslandi

**Tölurnar segja okkur að þúsundir flóttabarna hafa komið án fylgdar foreldra til Evrópu á síðustu mánuðum.**

Ég horfi stjörf á sjónvarpsskjáinn þar sem fjallað er um milljónir flóttamanna sem streyma frá stríðshrjáðum Mið-Austurlöndum í þeirri von að finna frið. Verið er að ræða við fjölskyldu á flótta og ég reyni að ímynda mér hvernig tilfinningin sé að þurfa að flýja heimili sitt, fara af stað gangandi með börnin og leggja svo í hættuför yfir Miðjarðarhafið. Staðreyndin er sú að í stríðsátökum er traðkað á mannréttindum þeirra sem eiga enga sök á ástandinu. „Á meðan við erum saman er þetta í lagi,“ segir fjölskyldufaðirinn vongóður við fréttamanninn.

Þarna stoppa ég. Þessi fjölskylda er í skelfilegum aðstæðum. En ótrúlegt en satt, þá eru einstaklingar sem hafa það verra. Hverjir? Jú, börnin sem koma ein. Tölurnar segja okkur að þúsundir flóttabarna hafa komið án fylgdar foreldra til Evrópu á síðustu mánuðum. Þetta eru börn sem misst hafa foreldra sína eða orðið viðskila við þau á leiðinni. Stundum koma þessi börn í fylgd með öðrum börnum en stundum eru þau alein. Flóttabörn sem koma ein síns liðs eru í mikilli hættu á að lenda í höndum þeirra sem ekki eiga undir nokkrum kringumstæðum að koma nálægt börnum. Barnavændi og mansal eru því miður örlögin í sumum tilvikum.

### Heimili fyrir flóttabörn

SOS Barnaþorpin sinna neyðaraðstoð fyrir flóttafólk í Evrópu. Samtökin leggja ávallt áherslu á foreldralaus börn og það sama er uppi á teningnum í þessu tilviki. Við hjálpum flóttabörnunum sem koma ein.

Yfir 30 flóttabörn sem komu til Austurríkis án foreldra eignuðust nýtt heimili í SOS Barnaþorpum þar í landi á dögunum. Til stendur að gefa 70 foreldralausum flóttabörnum til viðbótar ný heimili í barnaþorpum þar á næstu þremur mánuðum. Við erum að tala um börn á aldrinum 7-13 ára frá Sýrlandi, Afganistan og Íran. Þau komu öll ein en nú hafa þau eignast fjölskyldu og heimili í SOS Barnaþorpi. Þau þurfa á miklum andlegum stuðningi að halda en í fyrsta skipti í langan tíma eiga þau von um betra líf.

Hægt er að leggja málefninu lið með því að hringja í númerið 907-1001 (1.000 krónur) eða í 907-1002 (2.000 krónur). Einnig er hægt að leggja inn á reikning 334-26-52075, kt. 500289-2529 með skýringunni: Flóttafólk. Framlag þitt getur bjargað einu barni.

Hversu mikið hefur eignin þín hækkað í verði ?
Þú getur komist að því með fríu verðmati.





Kristján Þ. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is

Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Framúrskarandi þjónusta í þína þágu




# Orkan er ótakmörkuð en aflið verðmætt



**Gunnlaugur H. Jónsson**
eðlisfræðingur og fyrrverandi starfsmaður Orkustofnunar



**Markaður fyrir raforku vex ár frá ári. Þörfin á næsta ári verður meiri en í ár. Það er því öfugsnúið að virkja strax stórt og draga síðan úr raforkuframleiðslunni.**

Varmaorkan í jarðarkúlunni er nær ótakmörkuð. Hún gæti séð mannkyninu fyrir allri orkuþörf í milljarða ára ef hún væri aðgengileg. Þrátt fyrir þessa ótakmörkuðu orku sér jarðhiti heiminum aðeins fyrir 0,3% af allri raforku. Hvernig skyldi standa á því? Skýringin er sú að þessi varmi er aðeins að litlu leyti aðgengilegur vegna jarðfræðilegra aðstæðna, kostnaðar og ófullkominnar þekkingar. Jarðfræðilegar aðstæður takmarka hagkvæma raforkuframleiðslu með jarðhita við örfá lönd og mjög takmörkuð svæði innan þeirra.

Í fyrri greinum varaði undirritaður við þeirri sóun að nota jarðhitann á Reykjanesskaga til raforkuframleiðslu án þess að nýta varmann í hitaveitum. Við þessu brugðust tveir virtir sérfræðingar ÍSOR á sviði forðafræði jarðhita með því að fullyrða að þessi skoðun byggðist á misskilningi. Færðu þeir fyrir því ýmis rök þar á meðal þau að það væru lítil tengsl milli jarðhitasvæða Svartsengis og Reykjaness en segja jafnframt að það séu tengsl milli Eldvarpa og Svartsengis en því var einmitt varað við. Ekki er vit í að bæta nýrri virkjun í Eldvörp þar sem þrýstingur er að falla vegna tengsla við nálægar virkjanir. Virkjun Eldvarpa myndi enn auka á ofnýtingu svæðisins í heild og stuðla að fallandi afli í þeim holum sem fyrir eru.

Í sinni grein gerðu sérfræðingar í forðafræði enga grein fyrir þeim breytum sem skipta meginmáli í þróun afls úr háhitasvæðum Hengilsins og Reykjaness en það er þróun þrýstings, þyngdarafls og hita á jarðhitasvæðunum og því hvernig meðalafl úr borholum á svæðinu breytist. Fyrir liggja þó vandaðar skýrslur ÍSOR um þrýsting í borholum við Hverahlíð sem sýna að jarðvatnsborð lækkar um 1 til 8 metra árlega og þyngdarmælingar sýna að jarðhitavatn streymir af svæðinu m.a. fyrir áhrif Hellisheiðarvirkjunar áður en Hverahlíð er virkjuð.

Þeir upplýstu hins vegar a) að það tæki 1.500 ár að óbreyttu að breyta háhitasvæðinu Hellisheiði í afllaust lághitasviði og b) það mætti í upphafi byggja of stórt raforkuver og stunda ágenga vinnslu tímabundið. Jarðhitasvæðið muni jafna sig þegar dregið er úr vinnslunni. Skoðum þessi rök nánar.

### Aflið er takmarkandi

Eins og fram kom fyrst í greininni er varmaorka jarðarinnar ótakmörkuð miðað við þarfir mannsins. Hins vegar er það afl sem næst upp á hagkvæman hátt takmarkað. Forstjóri Hitaveitu Reykjavíkur fékk á sínum tíma viðurnefnið kuldaboli þar sem aflið sem HR réð yfir var takmarkað. Var því ráðist í að virkja fleiri svæði. HR virkjaði nokkur jarðhitasvæði og nýtti þau skynsamlega hvert fyrir sig að mörkum nýtanlegs afls. Laugarnessvæðið var virkjað árið 1930, Reykir í Mosfellssveit árið 1943, Reykjahlíð í Mosfellssveit árið 1973 og Nesjavallavirkjun árið 1990. Ekki var ráðist í nýja virkjun fyrr en fullreynt var að virkjað afl var ekki lengur nægjanlegt. Varmaorkan undir Reykjavík og Mosfellsbæ er enn nær óskert en aflið takmarkað. Af þessu sést að ábending forðafræðinganna um að varmaorkan í Henglinum muni duga í 1.500 ár hefur litla hagnýta þýðingu enda er jarðvarmaorka undir Íslandi nær óþrjótandi en virkjanlegt afl á hverju svæði takmarkað.

### Virkjum stórt og drögum síðan úr

Skoðum áhrif þess að virkja stórt, umfram sjálfbæra vinnslu jarðhitasvæðis. Fjöldi hola sem þarf að bora er í réttu hlutfalli við uppsett afl í jarðgufuvirkjun og áhrifin á umhverfið eru í sömu hlutföllum. Ágeng vinnsla þýðir að aflið úr hverri holu dalar fljótlega. Fjárfestingin í vinnsluholum nýtist illa. Bora þarf viðhaldsholur sem auka áhrif á umhverfið og kostnað. Verra er að reisa fleiri virkjanir en svæðið ber og því ekki rétt að virkja í Eldvörpum. Brennisteinsmengun og óæskileg umhverfisáhrif vaxa.

Næstu kynslóð þarf að draga úr aflinu. Þetta er ekki í anda sjálfbærni því hún felst í því að skila næstu kynslóð sömu eða meiri gæðum en okkar kynslóð tók við.

Stór virkjun eykur framboð á raforkumarkaði. Samkvæmt lögmálum hagfræðinnar lækkar raforkuverð og þar sem Ísland er lokaður markaður kallar það á stóran raforkusölusamning við stóriðju. Sá samningur felur í sér sölu á mikilli orku á „samkeppnisfæru verði“ til langs tíma. Semja þarf áður en tryggt er að orkan sé til staðar til lengri tíma.

Markaður fyrir raforku vex ár frá ári. Þörfin á næsta ári verður meiri en í ár. Það er því öfugsnúið að virkja strax stórt og draga síðan úr raforkuframleiðslunni. Nær er að virkja með gát, byrja smátt og auka síðan við í takt við markaðinn og aukna þekkingu á jarðhitasvæðinu. Um það erum við ÍSOR sammála.

Temjum okkur langtímahugsun og takmörkum uppsett afl til raforkuframleiðslu á Reykjanesskaga. Aðgengilegt hagkvæmt afl í jarðhita er takmarkað. Nýtum það vel.

# Veikleikavæðing og skilyrðingar



**Bjarni Karlsson**
MA í siðfræði og prestur við sálgæslustofuna Haf

**Fremur en að hræða fólk til þátttöku eigum við að gefa hvert öðru gildar ástæður til að vera með og uppgötva eigið vægi.**

Björk Vilhelmsdóttir, fráfarandi formaður velferðarráðs borgarinnar, gaf samfélaginu hressandi spark í nýlegu opnuviðtali í Fréttablaðinu. Tvennt sem hún ræddi vakti sérstakan áhuga minn; veikleikavæðing samfélagsins og hugmyndir um skilyrðingar fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

### Kjarkinum rænt

Við sem störfum við sálgæslu af einhverju tagi þurfum iðulega að setja mikla orku í það í samvinnu við notendur þjónustunnar að vinda ofan af neikvæðri sjálfsmynd sem stafar af gömlum greiningardómum sem engu hafa skilað öðru en því að læsa viðkomandi inni í neikvæðu sjálfstali. Þetta er raunverulegt vandamál og stafar af því að það er svo auðvelt að greina en erfitt úr að bæta. Stundum koma greiningar vissulega líkt og lausnarorð inn í líf fólks sem lengi hefur þjáðst og nýr skilningur leiðir til þess að unnt er að lifa við vandann og eiga betra líf. En hitt er jafn satt að ótal margt fólk situr uppi máttvana með einhverjar greiningar sem ekkert gera annað en að ræna það kjarki og sjálfsforræði þar sem eftirfylgd og hvatningu skortir. Gott að Björk skuli vekja máls á þessu því hér er um raunverulegt samfélagsmein að ræða.

### Réttindi og skyldur

Oft og lengi hefur verið rætt um hugsanlegar skilyrðingar fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Ég hef hallast að þeirri lausn sem lögð var til í skýrslu Rauða krossins í Reykjavík og Hjálparstarfs kirkjunnar frá árinu 2012 og bar heitið Farsæld (http://www.help.is/doc/119) að samfélag okkar viðurkenni tvennt:

- Skilgreind framfærsluviðmið sem tryggi að enginn einstaklingur eða fjölskylda búi við slíkan skort að varanlegur skaði hljótist af.
- Skilgreind þátttökuviðmið sem tryggi að samfélagið gefi öllu fólki skýr skilaboð um að búist sé við þátttöku þess.

Höfundahópur skýrslunnar samanstóð af sérfræðingum sem þekkja vel til fátæktar og farsældar í landinu auk þess sem notendur almannaþjónustu áttu sterka fulltrúa á staðnum. Hópurinn varð sammála um þá skoðun að velferðarkerfið megi hvorki letja fólk né þvinga heldur skuli það stuðla að samstöðu og mannlegri reisn. Með framfærsluviðmiðum væri verið að staðfesta að samfélagið sé skuldbundið einstaklingnum en með þátttökuviðmiðum væri jafnframt áréttað að einstaklingurinn er skuldbundinn samfélaginu. Þannig má með lagni halda jafnvægi milli réttinda og skyldu líkt og Björk er að kalla eftir. Framfærsluviðmið væru hugsuð í ljósi mannréttinda en þátttökuviðmið í ljósi hugmynda um valdeflingu og félagsauð.

### Hræðum ekki

Við verðum að skilja að fólk er ekki óvirkt vegna þess að það vilji ekki vinna eða læra. Vanvirkni stafar af tilgangsleysi og tilgangsleysi er alltaf merki um einangrun. Fremur en að hræða fólk til þátttöku eigum við að gefa hvert öðru gildar ástæður til að vera með og uppgötva eigið vægi. Til þess að svo megi verða þurfum við að breyta ýmsu í menningu okkar og komast út úr þeirri nauðhyggju sem viðheldur fátækt og hjálparleysi allt of margra.

HÚSASMIÐJAN
blómaval

# ÚTSÖLU
# HÚSASMIÐJUNNAR
## LÝKUR UM HELGINA

30% AFSLÁTTUR
BLACK & DECKER VERKFÆRI

25% AFSLÁTTUR
STANLEY LOFTPRESSUR

35% AFSLÁTTUR
ALLAR VERKFÆRATÖSKUR

999kr/3 stk
~~1.499~~kr
ERIKA OG CALLUNA 3 stk.
meðan birgðir endast

25% AFSLÁTTUR
ÖLL SMÁRAFTÆKI

20% AFSLÁTTUR
NORDLUX LJÓS

30% AFSLÁTTUR
ALLAR FLÍSAR

20% AFSLÁTTUR
ALLT HARÐPARKET

25% AFSLÁTTUR
EMMEVI BLÖNDUNARTÆKI

20-40% AFSLÁTTUR
VINNU - FATNAÐUR

25-50% AFSLÁTTUR
BÚSÁHÖLD

20-50% AFSLÁTTUR
POTTAPLÖNTUR

30% AFSLÁTTUR
PLASTKASSAR

25% AFSLÁTTUR
HREINSIVÖRUR

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Stelpurnar segjast sleppa allri umræðu um titilinn í bili til þess að einbeita sér að verkefnunum sem eru fram undan með íslenska landsliðinu. Fréttablaðið/Stefán

# Þurfum að ná taktinum aftur

**Glódís Perla og Sara Björk eru þessa dagana að berjast um sænska titilinn með félagsliðum sínum en þær segjast hafa ýtt því tímabundið til hliðar. Íslenska kvennalandsliðið leikur æfingarleik gegn Slóvakíu í kvöld en leikurinn er hluti af undirbúningi landsliðsins fyrir undankeppni EM sem hefst í næstu viku.**

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið leikur í kvöld æfingarleik gegn Slóvakíu á Laugardalsvelli. Flautað verður til leiks klukkan 18.00 í Laugardalnum en um er að ræða lokaundirbúning liðsins fyrir undankeppni Evrópumótsins 2017 sem fer fram í Hollandi.

Töluverð pressa er á íslenska liðinu sem var í efsta styrkleikaflokki þegar dregið var í undankeppnina enda hefur liðið komist á lokakeppni EM í síðustu tveimur tilraunum.

Sara Björk Gunnarsdóttir, sem er einn af leikreyndustu leikmönnum íslenska liðsins þrátt fyrir ungan aldur, segir að stelpurnar séu tilbúnar í slaginn.

„Stemmingin í hópnum er mjög góð, við erum spenntar að byrja þetta verkefni. Við erum búnar að ná að æfa aðeins saman áður en alvaran tekur við og við erum einbeittar á verkefnið sem er framundan. Þegar þú mætir í landsliðið fer alltaf öll einbeitingin í það verkefni."

**Þurfum að stilla saman strengina**

Gera má ráð fyrir að hin tvítuga Glódís Perla Viggósdóttir verði í lykilhlutverki í íslenska liðinu í undankeppninni. Hefur Glódís farið vel af stað á sínu fyrsta ári í atvinnumennsku en hún hefur verið í byrjunarliði í öllum átján leikjum Eskilstuna í sænsku deildinni.

Tók hún undir orð Söru um að það væri mikil spenna hjá leikmönnum liðsins að hefja undankeppnina.

„Við erum spenntar að bíða eftir leiknum gegn Slóvakíu og svo byrja undankeppnina í næstu viku, við munum reyna að nota leikinn í dag til þess að rifja upp áherslurnar okkar til undirbúnings."

Freyr Alexandersson, þjálfari liðsins, hafði orð á því á dögunum að kynslóðaskiptunum í landsliðinu sem hófust í síðustu undankeppni væri lokið. Sagðist hann vera spenntur fyrir hópnum sem hann hefði í höndunum en þetta er önnur undankeppni íslenska liðsins undir stjórn Freys.



„Freyr kom inn með góðar áherslur og við erum búnar að vera að spila okkur saman sem lið undanfarin tvö ár sem mér finnst ganga vel. Við erum með gott lið og góða blöndu sem ætlar sér stóra hluti," sagði Glódís en Sara var ánægð með frammistöðu yngri leikmanna liðsins.

„Það er frábært að fá æfingarleikinn til þess að stilla saman strengina og sjá hvernig liðið spilar. Það er liðið hálft ár síðan við spiluðum síðast saman gegn Hollandi og við þurfum að ná taktinum aftur. Nýju leikmennirnir eins og Glódís og Arna hafa komið inn í þetta af miklum krafti eins og sást í Algarvemótinu þar sem við spiluðum frábæran varnarleik," sagði Sara.

**Ætlum að vinna riðilinn**

Stelpurnar fara ekkert leynt með það að markmiðið er að vinna riðilinn enda úr efsta styrkleikaflokki. Hafa þær þurft að fara í umspil síðustu tvö skipti en núna er markmiðið að tryggja sig beint inn.

„Við erum fyrirfram sterkasta liðið í riðlinum en við munum ekki vanmeta neitt lið í þessum riðli, við megum ekki við því," sagði Sara og Glódís tók undir það.

„Markmiðið er að vinna riðilinn núna og fara beint inn á lokamótið en ekki í umspilið eins og síðustu tvö skipti. Þetta verður samt erfiður riðill, það er alltaf erfitt á útivelli og við verðum að gæta okkar að fara ekki fram úr okkur."

**Auðveldara þegar þú ert að vinna leiki**

Sara og Glódís eru samherjar í íslenska landsliðinu en lið þeirra, Eskilstuna og Rosengard, eru þessa dagana að keppa um sænska meistaratitilinn.

Glódís og félagar í Eskilstuna eru með fjögurra stiga forskot þegar fjórar umferðir eru eftir. Viðurkenndi Glódís að þetta væri draumi líkast en hún hefur leikið alla leikina á sínu fyrsta tímabili í atvinnumennsku.

„Þetta hefur gengið ótrúlega vel og það hefur eiginlega allt gengið upp hjá okkur í Eskilstuna sem auðveldar það að fara út í atvinnumennsku. Mér líður mjög vel úti og þetta er mun betra en ég þorði að vona. Okkur gekk vel í byrjun og þá fór maður að hugsa að við gætum kannski gert eitthvað úr þessu en það eru tólf stig í pottinum og við getum ekki gefist upp," sagði Glódís sem er ánægð í atvinnumennskunni.

„Mér líður mjög vel þarna hjá þessu félagi, þjálfararnir og leikmennirnir hafa tekið vel á móti mér sem var mér mikilvægt. Svo líður manni auðvitað betur þegar maður er að vinna leiki," sagði Glódís.

Þrátt fyrir að aðeins fjórar umferðir séu eftir hafa þær ekkert rætt titilbaráttuna.

„Þegar við erum í landsliðinu þá einbeitum við okkur bara að landsliðinu og við reynum að sleppa öllu öðru," sagði Sara og Glódís tók í sama streng.

„Við erum náttúrulega bara að hugsa um landsliðið og svo þegar það er búið förum við út og höldum áfram að slást þar. Það eru allir vinir hérna, við geymum það að skjóta hvor á aðra þangað til við komum út," sagði Glódís.

kristinnpall@365.is

## Nýjast

**Meistaradeildin**

**E-riðill**

**Leverkusen - BATE 4-1**
1-0 Ahmed Mehmedi (4.), 1-1 Nemanja Milunovic (13.), 2-1 Hakan Calhanoglu (47.), 3-1 Javier Herández (59.), 4-1 Calhanoglu, víti (76.).

**Roma - Barcelona 1-1**
0-1 Luis Suárez (21.), 1-1 Alessandro Florenzi (31.).
Florenzi tryggði Roma stig með stórkostlegu marki.

**F-riðill**

**Dinamo - Arsenal 2-1**
1-0 Josip Pivaric (24.), 2-0 Junior Fernandes (58.), 2-1 Theo Walcott (79.). Rautt spjald: Oliver Giroud, Arsenal (40.).
Arsenal byrjar ekki vel en lærisveinar Wengers töpuðu óvænt fyrir króatísku meisturunum í Dinamo Zagreb.

**Olympiacos - Bayern 0-3**
0-1 Thomas Müller (52.), 0-2 Mario Götze (89.), 0-3 Müller, víti (90+2).
Alfreð Finnbogason kom ekkert við sögu þegar grísku meistararnir töpuðu fyrir þeim þýsku.

**G-riðill**

**Dynamo Kiev - Porto 2-2**
1-0 Oleh Gusev (20.), 1-1 Vincent Aboubakar, 1-2 Aboubakar (81.), 2-2 Vitaliy Buyalskiy (89.).

**Chelsea - Maccabi 4-0**
1-0 Willian (15.), 2-0 Oscar, víti (45+4), 3-0 Diego Costa (58.), Cesc Fábregas (78.).
Lærisveinar Mourinho hrukku loks í gang og unnu öruggan sigur á Maccabi á Brúnni.

**H-riðill**

**Valencia - Zenit 2-3**
0-1 Hulk (9.), 0-2 Hulk (45.), 1-2 Joao Cancelo (55.), 2-2 André Gomes (73.), 2-3 Axel Witsel (76.).

**Gent - Lyon 1-1**
0-1 Christophe Jallet (58.), 1-1 Danijel Milicevic (68.).

**Það er algjörlega óásættanlegt að tapa fyrir liðum eins og Dinamo Zagreb þó að liðið hafi verið einum færri meirihluta leiks.**
Einar Guðnason
@EinarGudna

**ÆGIR ÞÓR LÍKLEGA Á LEIÐ TIL KR**
Ægir Þór Steinarsson, landsliðsmaður í körfubolta, spilar að öllum líkindum með KR í Dominos-deild karla í vetur. Að sögn Böðvars Guðjónssonar, formanns meistaraflokksráðs KR, hafa viðræður átt sér stað en hann vonast til að Ægir skrifi undir hjá KR á næstu dögum. Ægir Þór er samningslaus eftir að hafa spilað með Sundsvall Dragons í Svíþjóð á síðustu leiktíð en hann fór með íslenska liðinu á EM fyrr í þessum mánuði.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Ísland - Slóvakía | Laugardalsv. |
| 16.55 | Bordeaux - Liverpool | Sport |
| 19.00 | Tottenham - Qarabag | Sport |
| 19.00 | St. Étienne - Rosenborg | Sport 3 |
| 19.00 | Fiorentina - Basel | Sport 4 |
| 19.00 | BWM Championship | Golfstöðin |
| 18.30 | ÍBV - Fram | Vestmannaeyjar |
| 19.30 | FH - ÍR | Kaplakriki |
| 19.30 | Víkingur - Grótta | Vikin |
| 20.00 | Valur - Haukar | Vodafonehöllin |



## LEITAR AÐ DANSHERRA

**Það er mikið um að vera þessa dagana hjá Malínu Öglu Kristjánsdóttur. Hún vann nýlega titilinn Miss Talent Iceland 2015, eða Hæfileikastúlkan 2015, fyrir samkvæmisdansa í Ungfrú Ísland.**

**Síða 2**


TÆKIFÆRISGJAFIR



TILBOÐ

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





# VIRKNIN KEMUR ÚR NÁTTÚRUNNI

**HÁR OG SMINK KYNNIR** *Hárvörurnar frá ítalska framleiðandanum Framesi eru þekktar fyrir gæði en þær innihalda ýmis náttúruleg efni sem eru þekkt fyrir öfluga virkni. Hjónin Svala Ólafsdóttir og Helgi Loftsson hafa verið með umboðið fyrir vörurnar í fimmtán ár en þær fást einungis á hárgreiðslustofum.*

Hjónin Svala Ólafsdóttir og Helgi Loftsson hafa starfað við hárgreiðslu í 30 ár. Þau reka heildsöluna Hár og smink og samnefnda hárgreiðslustofu að Hlíðarsmára 17 í Kópavogi. Þau hafa verið umboðsaðilar fyrir ítölsku hárvörurnar Framesi síðastliðin fimmtán ár en fyrirtækið, sem hefur starfað í sjötíu ár, er með höfuðstöðvar í Mílanó. Það stendur framarlega í hárgreiðslugeiranum og er í samstarfi við mörg af helstu hönnunarfyrirtækjunum í borginni.

Hjá Framesi er lögð áhersla á náttúruleg efni og reynt eftir fremsta megni að forðast ofnæmisvaldandi efni sem er mikilvægt fyrir jafnt fagfólk sem neytendur. Þá leggur fyrirtækið mikla fjármuni í rannsóknir og þróun og vinnur í nánu samstarfi við bæði ítalskar og bandarískar stofnanir á heilbrigðissviði. Vörurnar styðja að sögn Svölu vel við vinnu fagfólks og eru einungis fáanlegar á hárgreiðslustofum.

Framesi framleiðir ólíkar vörulínur fyrir mismunandi hárgerðir. Densifying-línan eða hárloslínan inniheldur meðal annars eplastofnfrumur sem eru að sögn Svölu það nýjasta í hárbransanum í dag en þær byggja upp og endurnýja hárið. Þá inniheldur Sublims Oil-línan arganolíu sem er mjög rakagefandi svo dæmi séu nefnd. Meðal helstu innihaldsefna í vörunum eru bláber, granatepli, sítróna, appelsína, arganolía, sólblómaolía og kóralþörungar í bland við vítamín og steinefni en öll hafa þau gefið góða raun í snyrtivörugeiranum um langt skeið.



**FYRIR FAGFÓLK**
Svala segir vörurnar frá Framesi styðja vel við vinnu fagfólks en þær eru bara fáanlegar á hárgreiðslustofum.
MYND/ANDRI MARÍNÓ




Glæsilegt úrval af klútum

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 • Sími 581 2141

HEIMILISTÆKJA-DAGAR Í ELKO!

... er ekki kominn tími til að endurnýja heimilistækin?

ELKO

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429












**KÓSÍPEYSA Í UPPÁHALDI** Uppáhaldsflík Malínar Öglu er risastór hvít kósípeysa. „Ég lifi í henni og ég vil meina að allir eigi að eiga eina stóra góða kósípeysu inni í fataskáp!“ MYND/GVA

# ÆTLAR AÐ VERÐA HEIMSMEISTARI

**HÆFILEIKARÍK** *Það er mikið um að vera þessa dagana hjá Malínu Öglu Kristjánsdóttur. Hún vann nýlega titilinn Miss Talent Iceland 2015, eða Hæfileikastúlkan 2015 fyrir samkvæmisdansa í Ungfrú Ísland.*

Malín Agla Kristjánsdóttir nemi er á leið til Grikklands og Noregs á morgun til að fara í dansprufur í leit að rétta dansherranum en hún er án dansherra þessa stundina. Hún stefnir hátt í dansheiminum en markmiðið er að verða heimsmeistari einn daginn. „Ég er númer níu á heimslistanum í tíu dönsum í dag, svo ég á ekki langt í land.“

Malín spáir mikið í tísku og finnst gaman að setja saman mismunandi flíkur og liti og prófa eitthvað nýtt og öðruvísi.

**Hefurðu lengi pælt í tískunni?** Ég hef alltaf verið meðvituð um hana en ég byrjaði ekki að pæla í henni fyrr en ég flutti til Kaupmannahafnar árið 2012. Þar fékk ég rosalega mikinn innblástur og stíllinn minn breyttist mikið og hratt á meðan ég bjó þar. Svo flutti ég til Frakklands 2014 og þá má segja að tískuáhuginn hafi farið á flug.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Ég get nú ekki sagt að ég sé „gallabuxur og bolur-týpan“ því mér finnst svo rosalega gaman að prófa mig áfram. Ég reyni alltaf að vera í einhverri nýrri fatasamsetningu á hverjum degi. Ég á þó daga þar sem aðeins erfiðara er að koma sér fram úr og þá dett ég stundum í gallabuxna- og kósípeysu-gírinn.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Mér finnst rosalega gaman að klæðast fínum kjól og hælum þegar ég get. Svo er líka flott að para saman flottar gallabuxur, fínan bol og blazer-jakka með töffarastígvélum eða klassískum pinnahælum.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Klassískur, kynþokkafullur, fágaður og stundum töff. Það er erfitt að nota bara fáein orð því stíllinn minn fer algjörlega eftir því hvernig skapi ég er í þann daginn!

**Hvað veitir þér mestan innblástur?** Í augnablikinu fæ ég mikinn innblástur frá New York Fashion Week sem var að klárast í New York. Ég reyni að fylgjast með nýjustu tískustraumunum og halda mér í takt við þá þó svo mér finnist gaman að klæða mig eins og ég vil.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Ég kaupi flest öll fötin mín í útlöndum eða á netinu en ein búð hérna heima sem ég elska er Zara. H&M er líka klassísk og ég heimsæki líka Topshop og Gallerí 17 mikið.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Uppáhaldsflíkin mín er risastór hvít kósípeysa sem ég keypti í H&M. Ég lifi í henni og ég vil meina að allir, stelpur og strákar, eigi að eiga eina stóra góða kósípeysu inni í fataskáp!

**Uppáhaldshönnuður?** Nokkrir af uppáhaldshönnuðum eru Michael Costello, Vera Wang, Karl Lagerfield, Stella McCartney og þeir eru fleiri.

**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir haustið?** Ég er að leita mér að nýrri kápu í einhverjum fallegum haustlit því mig vantar eina svoleiðis í fataskápinn núna. Svo verður örugglega nokkrum rúllukragabolum, sætum ökklastígvélum og fallegum treflum bætt við inn í fataskápinn á næstunni.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Minn helsti veikleiki er örugglega skór og förðunarvörur. Mér finnst mig alltaf vanta meira af þessu og ég á alveg örugglega aðeins meira en maður þarf að eiga …

**Hvers konar fylgihluti notarðu?** Ég er alltaf með gullarmband og hálsmen sem ég fékk frá mömmu minni, ég tek þetta aldrei af mér. Svo finnst mér fallegt að vera með gullhringi og svo demantseyrnalokka eða eitthvað mjög einfalt. Svo er ég alltaf með handtöskuna mína með mér hvert sem ég fer og svartan trefil, núna þegar það er byrjað að kólna örlítið.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Allar mínar tískufyrirmyndir eru Hollywoodstjörnur en þær eru meðal annars Khloe Kardashian, Kim Kardashian West, Gigi Hadid, Kendall Jenner, Hailey Baldwin og margar fleiri. Annars eru bara allir í kringum mig líka tískufyrirmyndir. Mér finnst rosalega gaman að fylgjast með tískunni í kringum mig því hún er mjög fjölbreytt. Ég fæ innblástur frá öllu og öllum og ef ég sé einhvern í flík sem mér finnst flott eða áhugaverð hika ég ekki við að spyrja um hana.


OPNUM Í DAG NÝJA
Levi's
VERSLUN Í KRINGLUNNI
FRÁBÆR
OPNUNARTILBOÐ
50% af öllum stuttermabolum
ef keyptar eru buxur
20% af öllum Levi´s skóm
Levi´s 2pack sokkar kr. 1.990
Levi´s 2pack nærbuxur kr. 3.990
100 FYRSTU
viðskiptavinirnir fá sérmerktar
„Levis Reykjavík“ strigatösku.
HLJÓMSVEITIN FUFANU
SPILAR KL. 17.00 Í DAG
Í LEVI´S VERSLUNINNI.
LIVE IN Levi's
JEANS

# BARNATEIKNINGAR Á SILKIKJÓLUM

**LITRÍKT** *Þessir fallegu silkikjólar voru sýndir þegar ítalska tískufyrirtækið Dolce & Gabbana kynnti hausttískuna 2015 í Mílanó. Börn, mæður og fjölskyldur voru í fyrirrúmi, enda eru kjólarnir skreyttir með myndum eftir börn.*

Það eru frændsystkini Dolce sem eiga heiðurinn af þessum fallegu teikningum. Kjólarnir hafa vakið mikla athygli, jafnvel þótt þeir kosti yfir hálfa milljón stykkið. Þeir eru einnig fáanlegir í barnastærðum. Það vakti reyndar mikla athygli þegar kjólarnir voru fyrst sýndir að þeir Domenico Dolce og Stefano Gabbana útbjuggu sviðið eins og leikskóla og andrúmsloftið var innblásið af „ást til mömmu“. Sjálfir töluðu þeir félagar um „óð til frjóseminnar“.

Um svipað leyti voru þeir Dolce og Gabbana gagnrýndir harðlega fyrir ummæli um að samkynhneigðir ættu ekki að eiga börn, glasafrjóvgun og staðgöngumæður ættu ekki rétt á sér. Elton John var meðal þeirra sem gagnrýndu þá opinberlega, það gerðu einnig Madonna, Ricky Martin svo og Hollywood-leikkonan Sharon Stone ásamt fleiri stjörnum. Dolce og Gabbana eru sjálfir samkynhneigt par svo þessi ummæli komu mörgum á óvart. Gabbana reyndi að draga í land með þessi óheppilegu ummæli sem Dolce lét frá sér í ítölsku blaði og sagði þau komin frá strangkaþólsku uppeldi hans á Sikiley.

Dolce og Gabbana hafa rekið eigið fyrirtæki frá á 1985. Þeir kynntust í tísk húsi í Mílanó þar sem þe störfuðu árið 1980. Eftir a þeir settu á markað sína eig uxu vinsældir þeirra hratt um a im. Þeir hafa haldið þeim vi nda ná þeir til alls ald frá Dolce & Gab legu silkikjólar unum.

HAUST 2015 FRÁ DOLCE & GABBANA.



**D&G**

Tískurisinn Dolce & Gabbana leggur áherslu á móðurást og leggur til óð til frjóseminnar í fallegum silkikjólum með teikningum eftir börn.




SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

**Sendum í póstkröfu**



**Gullkistan**

Frakkastíg 10 - Sími 551 3160 - gullkistan@vortex.is - www.thjodbuningasilfur.is





## TENNIS OG TÍSKA

### Serena Williams fetar nýjar slóðir

Serena Williams er best þekkt fyrir afrek sín á tennisvellinum. Þó er önnur ástríða sem færri vita af en sem hún hefur unnið að í þó nokkur ár, og það er tískuhönnun.

Serena hefur raunar alltaf vakið talsverða athygli fyrir klæðaburð á keppnisvellinum. Þá á hún að baki tvö ár í tískuskóla auk þess sem hún hefur hannað eigin línur fyrir Nike og HSN. Það var einmitt fyrir síðarnefnda merkið sem hún kynnti nýja vorlínu fyrir 2016 á tískuvikunni í New York í vikunni. Áhorfendur voru ekki af lakara taginu en þar má nefna Önnu Wintour, Gigi Hadid og Lily Aldridge

„Ég hef alltaf elskað tísku. Þetta er því eitthvað sem ég hef virkilega gaman af," sagði Williams við Vogue.com.

Þó að hún hafi áður sýnt HSN-línu sína á tískuvikunni er sú nýjasta enn meira undir hennar eigin áhrifum. Til dæmis teiknaði hún sjálf og hannaði lokakjól sýningarinnar.



## JULIA FYLGIST MEÐ TÍSKUNNI

Tískuvika í New York stendur nú yfir. Þar sýna helstu tískuhönnuðir heims vor- og sumartískuna 2016. Stjörnurnar láta sig ekki vanta þegar uppáhaldshönnuður sýnir nýja línu. Tískuvikan er því eðaltími ljósmyndara. Til dæmis kom stórstjarnan Julia Roberts á sýningu Givenchy. Sjá mátti aðrar stórstjörnur eins og Lady Gaga, Kanye West og Kim Kardashian, Hilton-systur, Jessicu Alba, Carrie Underwood og Jennifer Hudson svo einhverjir séu nefndir.

Tískuvikurnar verða hver af annarri á næstunni. Þegar sýningunni í New York lýkur hefst önnur í London, síðan Mílanó og í París. Það er því nóg um að vera þessa dagana hjá þeim sem fylgjast vel með nýjustu tísku.

## LÚXUSÚR FRÁ APPLE

### Hermés fer í samstarf við tæknirisann.

Apple gerir nú tilraun til að sameina heim tækni og hátísku. Í því skyni hefur tæknirisinn gengið til samstarfs við tískufyrirtækið Hermés sem mun hanna nýja línu Apple-úra.

Samstarfið nær mun lengra en til fínna leðuróla en Apple Watch Hermés er að sönnu samstarfslína. Merki Hermés er grafið í hvert úr og hægt er að velja úr nokkrum gerðum.

Ólarnar leika þó stórt hlutverk. Boðið er upp á þrjár mismunandi gerðir sem allar eru handgerðar í París úr gæðaleðri.

Í tilkynningu frá Apple segir: „Apple og Hermés búa til afar mismunandi afurðir en eiga það sameiginlegt að bera djúpa virðingu fyrir gæðahönnun."


















**HÁAR Í MITTIÐ** Salma Hayek er 157 cm á hæð. Hér er hún í skósíðum buxum sem eru háar í mittið en þannig virðast leggirnir lengri.

**HNÚTURINN LENGIR** Leikkonan er 163 sentimetrar á hæð. Hún er oft með háan snúð en þannig bætir hún við sig nokkrum sentimetrum. Síða kápan gerir líka mikið fyrir hana.

**ALGER HIMNALENGJA** Með því að velja skósíðan kjól og setja hárið upp í snúð virkar Salma mun hærri en hún raunverulega er.

**VINSÆLAR OG VIRKA** Síðar peysur og vesti gera mikið fyrir lágvaxnar konur.

# ÝMSAR LEIÐIR TIL AÐ BLEKKJA AUGAÐ

*__NOKKUR HEILRÆÐI__ Hægt er að hafa umtalsverð áhrif á líkamsþyngd en það þýðir lítið annað en að sætta sig við hæðina. Margir kannast þó við að óska þess að vera hærri eða lægri. Fötin skapa manninn og þegar málið er skoðað er ljóst að það er hægt að breyta ásýndinni heilmikið með réttum klæðnaði.*

Lágvaxnar konur með stutta fætur geta virst hærri ef þær eru í skósíðum buxum sem eru háar í mittið. Til að gera enn meira úr lengdinni má auk þess girða ofan í buxurnar. Skósíðir Maxi-kjólar, sem gjarnan eru teknir saman í mittið eða fyrir neðan brjóst, gera líka heilmikið fyrir ásýnd lágvaxinna kvenna. Stutt pils og stuttbuxur láta fæturna líka líta út fyrir að vera lengri en hjá eldri konum getur verið betra að veðja á kjóla og pils sem nema við hné eða neðar. Það gefur lengri ásýnd. Síðar kápur, síðar peysur og vesti láta svo búkinn líta út fyrir að vera lengri.

Lágvaxnar konur geta svo leikið sér að því að vera í háum hælum af ýmsu tagi og má til gamans geta að sandlitaðir hælar sem falla vel að húðlit leggjanna láta þá líta út fyrir að vera lengri. Þá hafa margar lágvaxnar konur tekið snúðaæðinu fagnandi en hársnúðar ofan á höfðinu lengja þær um allnokkra sentimetra.

Þó löngum hafi þótt eftirsóknarvert að vera hávaxinn upplifa sumar hávaxnar konur sig eins og slána, sérstaklega þær sem eru einnig mjög grannar. Þá getur verið gott að skipta líkamanum svolítið upp. Hægt er að draga úr leggjalengd með því að velja styttri buxur, sem ná rétt niður fyrir kálfa. Sömuleiðis er hægt að bretta upp á buxurnar. Bolir, toppar og jakkar sem nema við mjaðmarbein henta líka vel til að skipta líkamanum upp. Þá henta kjólar og pils sem nániður á mið læri hávöxnum konum vel og getur verið gott að skipta þeim upp með belti í miðjunni. Með því að láta liti og munstur í fylgihlutum kallast á má sömuleiðis ná fram góðu heildarjafnvægi. Hávaxnar og grannar konur ættu heldur ekki að hræðast munstraðan og jafnvel þverröndóttan fatnað enda breikkar hann ásýndina. Það sama á við um lagskiptan fatnað og föt með rykkingum.



**ÞVERRÖNDÓTT BREIKKAR** Hávöxum konum er óhætt að velja styttri buxur vilji þær draga úr leggjalengdinni. Þverröndóttir bolir breikka svo ásýndina sem getur hentað konum sem finnst þær of grannar.

**FLOTT Í STUTTUM BUXUM** Kidman er 180 sentímetrar en eiginmaður hennar Keith Urban aðeins 178. Hún tekur sig vel út í stuttum buxum og topp. Föt og fylgihlutir kallast líka vel á sem gefur ásýndinni betra jafnvægi.

**SKIPT UPP MEÐ BELTI** Davis er 183 sentímetrar á hæð. Hávöxnum konum hentar oft að vera í kjólum og pisum sem nema við mið læri. Þá er gott að skipta líkamanum upp með belti.

# LJÓS&LAMPAR



**Kynningarblað**

**IKEA, Pfaff, Jóhann Ólafsson & Co., Lumex og S. Guðjónsson**

# Rétt lýsing rammar inn og býr til dýpt

**Arna Þorleifsdóttir innanhússhönnuður sérhæfir sig í hönnun og ráðgjöf fyrir heimili og vinnustaði. Hún hefur haft nóg að gera frá því hún kom frá London árið 2012 þar sem hún stundaði nám og starfaði við fagið. Arna segir lýsingu mikilvægan þátt í hönnun.**

Arna hefur aðstoðað fólk með ýmsar vel heppnaðar breytingar á heimilum. Hún var spurð hvort lýsingin skipti máli þegar húsnæði er hannað. „Lýsing segir gríðarlega mikið um lokaniðurstöðuna. Í raun þarf að hanna allt með lýsinguna í fyrirrúmi. Góð og útpæld lýsing hjálpar til við að leggja áherslur og ramma inn ákveðna hluti, áferðir og býr til dýpt í rými. Góð samvinna niðurlýsingar, vegglýsingar, baklýsingar og skrautlýsingar gerir kraftaverk. Samt þarf að passa að hlaða ekki inn lýsingarmöguleikum, en leyfa náttúrulegri birtu líka að njóta sín,“ svarar hún.



Arna Þorleifs.

## Lýsing mikilvæg

Arna segir að stundum gleymi fólk að gera ráð fyrir lýsingarkostnaði þegar verið sé að byggja eða standsetja híbýli. Flestir átti sig þó á mikilvægi lýsingarinnar. Litir skipta máli þegar lýsingin er sett upp. „Það þarf vissulega að velta fyrir sér heitum og köldum litum. Það er frábær leið til að búa til dýpt í takt við lýsingu með mismunandi áferð, gljástigi og litatónum, til dæmis 2-3 tóna af gráu,“ segir Arna.

Hún segir öll rými skipta máli þegar búa þarf til skemmtilega stemningu með lýsingu. „Mér finnst ekkert baðherbergi virka án góðrar vinnulýsingar við spegilinn – svo eru ljós í sturtunni alltaf skemmtileg. Falleg eldhúsinnrétting nýtur sín vel ef hún er lýst upp. Mér finnst nauðsynlegt að hafa ljósdeyfi á sem flestum ljósum til að geta stjórnað stemningunni. Loftljós alls kyns stílum eru til dæmi yfir sófa og borðstofuborðum í mjög vinsæl núna, helst nokkur saman í grúppu,“ segir Arna og bætir því við að alltaf séu tískusveiflur í útliti lampa og ljósa. „Ýmsir málmar eru vinsælir núna, brass er heitt núna ásamt svörtu lökkuðu. Koparinn er á undanhaldi. Mattir gráir tónar eru líka vinsælir,“ segir hún. Arna segir líka skemmtilegt að blanda saman kertaljósi og lýsingu frá lömpum.



Ljósið Calabash frá Light YEARS - sem er í uppáhaldi hjá Örnu. Gyllt er málið, segir hún.

MYND. PINTEREST

## Stýrikerfi góð nýjung

„Borðlampar þjóna yfirleitt fagurfræðilegum tilgangi og gefa frá sér milda lýsingu, þess vegna er hægt að leika sér með form og stíl og um að gera að taka áhættu.“

Þegar hún er spurð um nýjungar, segir hún að það séu stýrikerfin, til dæmis HDL. „Þá er hægt að stjórna lýsingu með snertiskjá, eins og iPad. Þar er líka hægt að stýra hljóðkerfi og gluggatjöldum til að nefna eitthvað,“ segir Arna sem er með Facebook-síðu þar sem hægt er að fylgjast með verkefnum hennar.



Speglar með LED-lýsingu á bak við og framan á sóma sér vel á flestum baðherbergjum. Einnig er flott að sleppa framlýsingunni. Gróf veggljós setja punktinn yfir i-ið.

MYND: ARNA ÞORLEIFS



SOHO. Þetta ljós er er bæði hægt að nota innan- og utandyra. Soho-ljósið kemur í þremur stærðum og fjórum litum og hægt er að raða því upp í skúlptúr á vegg. Lýsingin er á bak við formið.



BOX VEGGLAMPI. Kemur í tveimur stærðum og má nota bæði úti og inni. Ljósið er með stillanlegri ljóskúrfu á vegginn.



SERO. Fjórar stærðir af hangandi pendúlum í þremur litum. Inniljós og hægt er að velja um mismunandi perugerðir.



SERO VEGGLAMPI. Sero vegglampana má nota bæði úti og inni.



Einar Sveinn Magnússon, verslunarstjóri Pfaff.

MYND/GVA

# Öðruvísi og töff ljós frá Light Point

**Verslunin Pfaff selur hágæða ljós frá Light Point sem bjóða upp á sérstaklega skemmtilegar útfærslur og öðruvísi stemmingu. Fáið lýsingarhönnuð heim til skrafs og ráðagerða.**

Danski ljósaframleiðandinn Light Point fagnar 20 ára afmæli á þessu ári. Light Point er lítið og áhugavert fyrirtæki sem þekkt er fyrir að gera skemmtilega töff og öðruvísi hluti. „Aðalhönnuður Light Point, Ronni Gol, er óhræddur við að hugsa út fyrir boxið og hans hugmyndafræði er sú að ljós sé ekki bara ljós, það sé ekkert sem breyti stemmingunni eins mikið í hverju rými, innan húss eða utan, eins og lýsing,“ segir Einar Sveinn Magnússon, lýsingarhönnuður og verslunarstjóri hjá Pfaff, umboðsaðila Light Point á Íslandi.

„Það má flokka ljós í þrjá flokka, almenna lýsingu, áherslulýsingu og skrautlýsingu. Val á ljósi er því ekki bara val á fallegum lampa. Ljósin frá Light Point eru öðruvísi og skemmtileg.

Flest ljós frá Light Point má nota bæði úti og inni við erfiðustu aðstæður og þau standast vel íslenska veðráttu.

Við bjóðum upp á lýsingarráðgjöf, förum á staðinn og tökum út rýmið og aðstoðum fólk við að finna út hvaða ljós hentar hvar eftir því hverju lýsingin á að skila.“

PFAFF

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is s. 512-5446 Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.








**Hollenskir blómapottar með lýsingu fyrir þá sem vilja hafa nýstárlega og sérlega glæsilega aðkomu að fyrirtæki sínu eða heimili.**

Pottarnir eru gerðir úr sérstaklega sterku plasti sem þolir vel íslenska veðráttu, snjó, frost, rigningu og rok. Rafkerfið er mjög aðgengilegt, með sparperum og nota lítið rafmagn.

Margar stærðir, allt frá litlum upp í risastóra potta.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.zolo.is**, eða í síma 615 3333

ZOLO

# Dagsbirtan skiptir höfuðmáli

Ljóstæknifélag Íslands hefur það að markmiði að veita almenna og hlutlausa fræðslu um allt er varðar lýsingu og sjónstarf. Félagið gaf út bæklinginn Góð lýsing á heimilinu fyrir nokkrum árum en ákvað í tilefni 60 ára afmælis félagsins í fyrra að ráðast í uppfærslu og endurútgáfu hans. Að mati félagsmanna er mikilvægt að almenningur geti nálgast bæklinginn enda gegnir lýsing veigamiklu hlutverki á hverju heimili. Í honum er farið yfir heppilega lýsingu í hverju herbergi fyrir sig og gefin ýmis önnur gagnleg ráð.





Ávallt er mælt með því að nýta dagsbirtuna sem mest. Ljósir litir á veggjum, gluggum og gluggakörmum endurkasta ljósinu betur en dökkir. NORDICPHOTOS/GETTY

- Í bæklingnum er meðal annars mælt með því að dagsbirtan sé nýtt sem mest á heimilinu. Hún léttir lund og um leið er hægt að spara aðra lýsingu og þar með lækka rafmagnsreikninginn umtalsvert.
- Talað er um að á flestum heimilum sé yfirleitt hægt að minnka rafmagnsnotkun til ljósa um 40-50 prósent án þess að það komi niður á gæðum lýsingarinnar.
- Bent er á að skyggðar rúður, dökkir veggir og gólfteppi gleypa mikið ljós sem aftur kallar á meiri lýsingu frá hvers kyns ljósum og lömpum. Ljósir litir á veggjum, lofti, gólfi og húsgögnum endurkasta ljósinu hins vegar vel. Þeir mýkja einnig alla skugga og andstæðurnar minnka, auk þess sem minni hætta verður á að lampaljós valdi glýju.
- Talað er um að alhvítir gluggar og hvítir gluggakarmar nýti ljósið best. Þá er bent á að breiðir gluggakarmar og listar í gluggakörmum takmarki það ljós sem berst inn á heimilið.
- Í bæklingnum er lýsingu skipt upp í þrjá flokka: Almenna lýsingu, áherslulýsingu og skrautlýsingu. Almenn lýsing er til allra helstu athafna og er ætluð til að manneskjur sjái og skynji umhverfi sitt á öruggan hátt. Áherslulýsing dregur fram það mikilvæga í umhverfinu og flokkast leslampar til að mynda í þann flokk. Skrautlýsing er svo lýsing sem gleður augað. Til dæmis frá kristalsljósakrónum eða kertaljósum.

**Í bæklingnum er farið yfir heppilega lýsingu í hverju herbergi heimilisins fyrir sig.**

- Lögð er áhersla á að fólk hafi næga birtu til að geta séð áreynslulaust. Litlir hlutir og litlar andstæður krefjast meiri birtu en stórir hlutir og miklar andstæður. Það þarf til dæmis meira ljós til að sauma með svörtum tvinna í svart efni en að lesa dagblað. Það er einnig mikilvægt að ekki sé of mikill munur á björtum og myrkum svæðum í hverju herbergi fyrir sig. Of miklar andstæður þreyta augað. Betra er að setja upp marga mismunandi minni lampa sem hægt er að kveikja og slökkva á eftir þörfum,
- Ef rúður, ljósgjafar og lampar eru óhreinir getur það fljótt dregið úr lýsingu sem nemur fjórðungi. Því er mælt með því að þvo glugga og hreinsa lampa með reglulegu millibili.
- Þörfin fyrir meiri og betri lýsingu eykst með aldrinum og því er meðal annars mælt með lömpum sem er hægt að stilla eftir ólíkum þörfum heimilismanna. Mikilvægt er að innrétta heimilið þannig að lýsingin dreifist jafnt um hana alla til að koma í veg fyrir myrkvuð svæði og oft þarf að bæta við lömpum og kaupa sterkari perur.

*Hér er aðeins tæpt á örfáum atriðum en bæklinginn í heild má nálgast á ljosfelag.is*




# Allir litir regnbogans í Glóey



Sjáðu alla möguleikana í gerð lampa og ljósa. **Ótrúlegt úrval af silkisnúrum,** flottum perum og íhlutum til ljósagerðar. Fagmenn á staðnum. Frábært efni á góðu verði.

Glóey – *gerir lífið bjartara*

*Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is*



Með Osram Lightify er hægt að hafa mismunandi lýsingu í hverju og einu herbergi eða rými, og einnig í garðinum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Umbyltu lýsingunni heima

OSRAM LIGHTIFY er ný vídd í stýringu og stjórnun á lýsingu sem gefur fólki kost á þráðlausu ljósakerfi sem stýrt er í gegnum snjalltæki. Hægt er að stýra snjallperum og snjalllömpum innan- og utanhúss á einfaldan hátt með einföldu appi.

LIGHTIFY gerir þér kleift að stjórna og aðlaga lýsinguna heima hjá þér svo hún henti sem best fyrir það sem þú ert að gera hverju sinni eða þeirri stemningu þú vilt skapa. Viltu skemmta þér, einbeita þér, vinna eða slappa af? Möguleikarnir eru endalausir," segir Arnar Þór Hafþórsson hjá Jóhanni Ólafssyni & Co, umboðsaðila Osram á Íslandi.



Arnar Þór Hafþórsson

„Með uppsetningu á fríu appi í snjallsíma eða spjaldtölvu, getur fólk stjórnað fjölda nettengdra LED-vara eins og pera, lampa, LED-lengja og garðljósa," útskýrir hann og bendir á að möguleiki sé á að stýra hverju og einu ljósi fyrir sig eða safna saman nokkrum ljósum í einn hóp. „Þú getur jafnvel stýrt lýsingunni í garðinum hjá þér."

### Leikur að ljósum og litum

Þeir sem hafa áhuga á að umbylta lýsingunni heima hjá sér með þessum hætti þurfa í upphafi að kaupa byrjendapakka og ná í LIGHTIFY-appið í appverslunum. Í byrjendapakkanum er að finna þráðlausan sendi og snjall-LED peru, sem er ígildi 60 vatta glóperu. „Þessi pakki gerir þér ekki aðeins kleift að stýra og stjórna hvítum tónum heldur getur þú líka leikið þér að sextán milljónum lita," lýsir Arnar. Eftir þetta er fólki ekkert að vanbúnaði. „Uppsetningin er afar einföld en þetta er þó aðeins byrjunin því möguleikarnir eru óþrjótandi."

### Mismunandi lýsing í hverju herbergi

Að sögn Arnar er afar einfalt að bæta við svokölluðum ljóspunktum en hægt er að hafa fimmtíu mismunandi ljóspunkta á einu LIGHTIFY-kerfi og öllu er því stjórnað og stýrt með einu appi. „Því er möguleiki að hafa algjörlega mismunandi lýsingu í hverju og einu herbergi eða rými, og einnig í garðinum," segir Arnar. Hann bendir á að í næstu hugbúnaðaruppfærslum megi eiga von á því að hægt verði að láta ljósin kveikja og slökkva á sér, á ákveðnum tímum dags, og í ákveðnum herbergjum eða í ákveðinni röð.







### Helstu eiginleikar LIGHTIFY

- Endalaus litaheimur – Margir hvítir litatónar og 16 milljón litir. Möguleiki á að vista uppáhaldslitinn sinn.
- Litaval. Taktu mynd eða notaðu mynd úr myndaalbúminu þínu og veldu svo þann lit eða tón sem þú vilt fá fram í perunni/lampanum.
- Möguleiki á að vista ákveðnar ljósasenur sem auðvelt er að fá fram.
- Fyrirfram forritaðar ljósasenur – Relax og Active.

**Ljósarofar** tilheyra síðustu öld, stýrðu lýsingunni heima hjá þér með **snjallsíma** eða **spjaldtölvu** og gerðu lífið litríkara.

## VÖRUR SEM ERU Í BOÐI:

**LIGHTIFY Gateway**
Kjarni LIGHTIFY-kerfisins sem stýrir og stjórnar ljóspunktum kerfisins.

**LIGHTIFY Classic A60 tunable white**
Hægt að stjórna ljóslitnum frá hlýhvítum (2700K) upp í kalt dagsljós (6500K).

**LIGHTIFY Classic RGBW**
16 milljón litir í boði ásamt því að hægt er að stjórna litnum frá hlýhvítum (2700K) upp í kalt dagsljós (6500K).

**PAR1650 tunable white**
GU10 LED-pera sem kemur í stað 50W halogenperu með möguleika á að stjórna ljóslitnum frá hlýhvítum (2700K) upp í kalt dagsljós (6500K).

**LED Flex RGBW**
Sveigjanlegur LED-borði með 16 milljón liti í boði ásamt því að hægt er að stjórna litnum frá hlýhvítum (2700K) upp í kalt dagsljós (6500K).

**Downlight tunable white**
Innfelldur lampi með GU10 LED-peru sem kemur í stað 50W halogenperu með möguleika á að stjórna ljóslitnum frá hlýhvítum (2700K) upp í kalt dagsljós (6500K).

**Gardenspot Mini RGB**
Garðljós þar sem 16 milljón litir eru í boði ásamt því að hægt er að stjórna litnum frá hlýhvítum (2700K) upp í kalt dagsljós (6500K).

**Gardenspot Mini White**
Garðljós þar sem hægt er að stjórna litnum frá hlýhvítum (2700K) upp í kalt dagsljós (6500K).

**Surface light tunable white**
Nettur og þunnur vegglampi þar sem ytri hringur lampans lýsist upp sem gefur kost á skemmtilegri útfærslu á innri hringnum. Hægt er að stjórna litnum frá hlýhvítum (2700K) upp í kalt dagsljós (6500K).

# Myndu sennilega slást um gömlu koparveggljósin

**Það er mikilvægt að hafa góða birtu á heimilinu að mati systranna Kristínar Rögnu og Margrétar Sigrúnar Höskuldsdætra. Í uppáhaldi hjá þeim eru meðal annars Flowerpot-ljós Verners Panton, Artichoke frá Louis Poulsen og lamparnir frá Finnsdóttur.**

Systurnar Kristín Ragna Höskuldsdóttir leikskólakennari og Margrét Sigrún Höskuldsdóttir myndmenntakennari hafa mikinn áhuga á innanhússhönnun. Áhugi Kristínar á innanhússhönnun kviknaði fyrir alvöru þegar hún bjó í Danmörku. Þar tók hún áfanga um danska hönnun og kynntist meðal annars ljósunum hans Verners Panton. Síðan þá hefur dönsk hönnun verið í uppáhaldi hjá henni. Margrét hefur alltaf haft áhuga á hönnun og eyddi oft löngum tíma í að stílisera herbergin í foreldrahúsum.

Systurnar halda úti heimilisblogginu kaksimas sem þær kalla bara mAs og stofnuðu það til að ýta við framkvæmdagleðinni, þar sem þær eru duglegar að fá hugmyndir en minna fyrir að framkvæma þær. „Við hins vegar tölum mikið um allar hugmyndirnar og þaðan er nafnið eiginlega komið en það getur staðið bæði fyrir mas (að masa) og einnig fyrir Magga & Stína. Þetta bar tilætlaðan árangur því í framhaldi af blogginu ýttum við úr vör litla hönnunarfyrirtækinu okkar, Skeggi. Þar erum við að búa til það sem okkur dettur í hug, ýmislegt fyrir heimilið og vörur fyrir börn og í barnaherbergi.

Með blogginu langaði okkur að sameina áhuga okkar á fallegri hönnun og því að framkvæma skemmtilegar hugmyndir. Bloggið er eiginlega „alt-muligt“ blogg; hönnun, ljósmyndun, matur, fjölskyldustundir og hönnun. Við höfum lengi haft sérstakan áhuga á barnaherbergjum og hönnun þeirra, kannski ekki skrítið þar sem við erum báðar uppeldismenntaðar,“ segir Margrét.

## Lampar eru nauðsynlegir

Systurnar eru hrifnar af því hafa góða birtu á heimilinu, að það sé hægt að hafa góða vinnubirtu en líka að hægt sé að dempa ljósin og skapa notalega stemmingu. „Við erum sammála um að það sé flott að hafa stóra, flotta ljósakrónu yfir til dæmis borðstofuborðinu og svo góð halógen-ljós sem eru þá frekar hlutlaus í útliti. Svo er nauðsynlegt að eiga nokkra fallega lampa hér og þar um húsið sem skapa réttu stemminguna. Til dæmis er mikilvægt, ásamt því að hafa góða birtu, að hafa litla náttborðslampa í barnaherberginu. Og þá koma Heico-lamparnir sterkir inn. En þeir eru reyndar líka flottir í öðrum rýmum hússins. Í stofunni er flott af hafa svolítið fjölbreytta lýsingu. Að nota til dæmis fallegar seríur eða lampa til að búa til kósí stemmingu. Við erum mjög hrifnar af lömpunum frá Finnsdóttur en einn slíkur myndi sóma sér afar vel á stofuskenknum,“ segir Kristín og brosir.



Flowerpot frá Verner Panton.

## Iðnaðarstíll áberandi

Kristín hefur alltaf haldið mikið upp á Flowerpot-ljósið hans Verners Panton ásamt því að finnast lamparnir frá Heico mjög krúttlegir. Hún er nýbúin að eignast Heico-gæs og gæti vel hugsað sér fleiri Heico-lampa. Margrét er mjög hrifin af sixtís ljósum, jafnt krónum sem vegglömpum, og reynir sitt besta til að þefa uppi slík ljós á mörkuðum. Einnig er Artichoke eftir Louis Poulsen búið að vera þó nokkuð lengi á óskalistanum.

„Undanfarin ár hafa ljós í grófum iðnaðarstíl verið áberandi, hlöðuljós og einnig ljósastæði með Edisonperum. Þá er flott að hafa ljósin gróf og hrá og jafnvel hengd upp á krók eða á gamla talíu. Og þá hafa snúrurnar fengið aukið vægi, það er að hafa þær í litum og ekki eins hlutlausar og áður. Einnig hafa hvers kyns ljós í kopar verið mjög áberandi eins og til dæmis ljósin frá Tom Dixon. Gaman að þessu afturhvarfi í „mid-century“ og seventís hönnunina en foreldrar okkar voru til dæmis með koparkúlur sem veggljós þegar við vorum börn. Eitthvað sem við myndum sennilega slást um í dag,“ segja systurnar og hlæja.



Bigfoot-lampi frá Finnsdóttur.



Margrét Sigrún og Kristín Ragna Höskuldsdætur hafa lengi haft mikinn áhuga á innanhússhönnun og spá mikið í birtu, lampa og ljós. MYND/ANTON



Ætiþistillinn, Artichoke, kemur vel út í flestum rýmum.



Kristín og Margrét vilja að það sé hægt að hafa góða vinnubirtu á heimilinu en líka að hægt sé að dempa ljósin og skapa notalega stemmingu.



Heico-lamparnir eru fallegir á náttborðum barnanna.



Ljós í iðnaðarstíl hafa verið áberandi undanfarin ár.

# ANGLEPOISE®

AN ICONIC BRITISH BRAND
















*Anglepoise lampinn fékk þann heiður að prýða frímerki sem ein af hönnunarperlum Breta á 20. öldinni.*

# LIÐLEGUR LAMPI

## Sígild bresk hönnun

Anglepoise lampinn var upphaflega hannaður um 1930 af breska bílahönnuðinum George Carwardine. Sterkir en liprir gormar tengja liðamótin í arminum og þægilegt er að beina ljósinu nákvæmlega þangað sem best hentar. Jafnvægi og glæsilegt útlit er einmitt ástæða þess að þessi breska snilldarhönnun hefur notið stöðugra vinsælda áratugum saman, jafnt á vinnustöðum sem heimilum. Skoðaðu Anglepoise lampana á anglepoise.com.

---

VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

SÖLUSTAÐIR: Bazaar Reykjavík, Bæjarlind 6, 201 Kópavogi ı S. Guðjónsson, Smiðjuvegi 3, 200 Kópavogi

# Litrík og djörf hönnun

Lumex stendur á tímamótum en verslunin fagnar 30 ára afmæli á þessu ári. Af því tilefni verður nýtt og glæsilegt sýningarrými tekið í notkun í október og hressilega bætt við vöruúrval verslunarinnar.

Þemað er litrík, djörf og fjölbreytt vara en við vildum bjóða upp á meiri breidd, bæði hvað varðar framleiðendur og hönnuði en ekki síður verð,“ útskýrir Árný Björk Sigurðardóttir, verslunarstjóri Lumex, en nýtt og glæsilegt sýningarrými verður opnað í október í tilefni 30 ára afmælis verslunarinnar. „Helsta ástæða þess að við réðumst í framkvæmdir er sú að við vildum auka við vöruúrval frá spennandi fyrirtækjum eins og Tom Dixon og Moooi og þurftum hreinlega gefa þeim sér rými. Tom Dixon nýtur vaxandi vinsælda á íslenskum markaði og Moooi er auðvitað orðin klassík í hönnunarheiminum. Ennfremur hefur Foscarini verið að færast í aukana með samstarfi sínu við fataframleiðandann Diesel, við hönnun ljósa og húsbúnaðar – og við viljum kynna þessar nýju og flottu vörur fyrir íslenskum markaði.“

### Nútíma heimili

„Í nýja sýningarrýminu verður lýsingarhönnun sett í sterkara samhengi við nútíma heimili. Til að ná því fram fannst okkur tilvalið að breikka vöruúrvalið og taka inn meira af smávöru og húsgögnum en við höfum áður gert. Nýja sýningarrýmið er yfir tvö hundruð fermetrar á neðri hæð verslunarinnar í Skipholti 37. Rýmið verður tvískipt, annars vegar fullbúin íbúð þar sem við munum stilla hlutunum upp og gefa þannig hugmyndir að því hvernig nýta megi vöruna og hins vegar lítil verslun,“ útskýrir Árný.

### Ráðgjöf í sófanum

„Við hjá Lumex erum djörf í að tefla saman mismunandi stílum. Út á það gengur innanhússhönnun í dag og þannig eru mörg heimili. En markmiðið með nýju sýningaríbúðinni er að skapa notalega stemmingu og heimilislegt andrúmsloft. Við hellum upp á kaffi, tyllum okkur í sófa með viðskiptavinum þar sem hægt er að spjalla og veita ráðgjöf. Bara eins og í notalegu kaffiboði heima. Hér starfa vöruhönnuðurinn Hjörtur Matthías Skúlason og Jónína de La Rosa, hönnuður með BA í arkitektúr, ásamt lýsingarhönnuðum með áralanga reynslu. Til okkar má því leita með nánast hvaða verkefni sem er og við leysum úr því.“

### Nýjungar

„Veggfóðurslína frá Wall & Deco sem fáanleg er annars vegar utanhúss og hins vegar innanhúss er meðal nýjunga hjá okkur. Þetta eru bæði munstur og heilar myndir og þarf að sérpanta eftir máli. Við munum veggfóðra nokkra veggi hjá okkur í sýningarrýminu og eins verður hægt að fletta gegnum þykkan bækling og velja veggfóður.

Þýska merkið Pulpo er nýtt hjá okkur en við verðum bæði með smávöru og húsgögn frá Pulpo. Þessi framleiðandi er mjög flottur og djarfur,“ segir Árný.

„Vörulína Studio Hönnu Whitehead kemur einnig ný inn hjá okkur en hönnun hennar er afar falleg og smekkleg og hentar vel inn í flóruna hér í Lumex. Þar með bætist við þá íslensku hönnun sem við höfum verið með en Lumex hefur selt ljós Dóru Hansen innanhússarkitekts, loftljósið Tind og borðlampana Ronju og Jakob. Þá eigum við von á fleiri vörum frá bandarísku merkjunum Modernica og DenyDesigns.“

## TOM DIXON

- Sækir innblástur sinn mest í breskan iðnað og breska menningarhefð.
- Fyrirtækið var sett á stofn árið 2002.
- Leggur áherslu á nýsköpun.
- Markmið Tom Dixon er að klæða hversdagslega hluti í nýjan búning og gera þá þar með áhugaverðari.

## MOOOI

- Stofnað fyrir 10 árum af hollensku hönnuðunum Marcel Wanders og Casper Vissers.
- Lífsgleði og leikur fá að njóta sín í hversdagslegum hlutum í hönnun Moooi.
- Moooi bræðir saman tímalausa klassík og nýstárlegri hugsun.

## PULPO

- Ungt og framsækið þýskt fyrirtæki í hönnunargeiranum sem framleiðir hágæðavöru.
- Pulpo leggur mikið upp úr ánægjunni af því að starfa náið með hönnuðum.
- Pulpo stendur fyrir ástríðu í hönnun og áherslu á notagildi vörunnar.
- Allar vörur Pulpo eru framleiddar í Evrópu.

**TANK KARÖFLUR OG GLÖS** frá Tom Dixon.





**BOUTIQ**



**BASOTTI SÓFABORÐ** frá Moooi.



**BORÐLAMPI** frá Flos.

**CONTAINER VASAR** frá þýska merkinu Pulpo.



**VASAR** frá danska fyrirtækinu Herstal.





Hjörtur Matthías Skúlason, Árný Björk Sigurðardóttir og Jónína de la Rosa.



**QUE SÓFI** frá Moooi.



**ODA GÓLFLAMPI** frá Pulpo.



**LOLL SÓFABORÐ** frá Pulpo.



**HERACLEUM LOFTLJÓS** frá Moooi.



**KILLING OF THE PIGGY BANK OG BLOW AWAY VASAR** frá Moooi.



**KAFFISETT** frá Tom Dixon.



**MELT LOFTLJÓS** frá Tom Dixon.



MYND/LUMEX



Place du Château er torg við hliðina á Notre Dame dómkirkjunni. Dómarar keppninnar voru heillaðir af samruna ljósa á bæði láréttum og lóðréttum flötum, verkefni sem var leyst á einstakan og fágaðan hátt og voru því veitt þriðju verðlaun.



Cykelslangen eða Hjólaslangan er brú í Kaupmannahöfn sem ætluð er hjólreiðamönnum. Verkið hlaut önnur verðlaun í Citi.People.Light keppninni.

# Endalausir möguleikar til að lýsa upp byggingar og umhverfið allt

**Lýsing utanhúss hefur mikla þýðingu, ekki síst til að gera umhverfið öruggara, bæði fyrir umferð og aðra vegfarendur. Hún er einnig veigamikill þáttur í því hvernig fólk upplifir umhverfi sitt. Hér má sjá dæmi um byggingar sem vel hefur tekist til að lýsa.**

Sjónrænt umhverfi er einn af þeim þáttum sem skapa ímynd bæja og borga og er hluti af því sem skapar einkenni þeirra. Því er mikilvægt að lýsing utanhúss sé ekki einungis til þess að auka öryggi vegfarenda heldur sé hún líka sjónrænt aðlaðandi. „Það eru ýmis svæði í bæjarumhverfinu sem gefa má gaum þegar hugað er að lýsingu utanhúss. Þetta geta verið lítil afmörkuð svæði í hverfinu, falin leyndarmál sem áhugavert gæti verið að vekja athygli á eftir að myrkrið skellur á,“ segir Örn Guðmundsson, formaður Ljóstæknifélags Íslands og verkfræðingur á VSB verkfræðistofu ehf.

Hann segir upplagt að lýsa upp fallegar eða spennandi byggingar eða styttur bæjarins. Jafnvel listaverk á húsgöflum. „Byggingar og styttur gætu þá notið sín betur í bæjarmyndinni í skammdeginu okkar. Einnig væri hægt að lýsa upp einstaka veggi, nota þá sem striga fyrir tímabundna ljósainnsetningu. Svona uppákomur í takt við það sem við höfum verið að njóta á Vetrarhátíð í Reykjavík. Tækifærin er mörg og beint fyrir framan nefið á okkur í daglega lífinu.“

Helsta kúnstin er, að sögn Arnar, að finna tækifærin, koma með hugmyndirnar og að vinna að þeim af hæversku. „Þá er ég að tala um eðlilega tillitssemi við umhverfi þess sem verið er að lýsa. Það getur auðveldlega hlaupið verðbólga í útilýsinguna með tilheyrandi óþægindum fyrir íbúana og umhverfið. Sama og þegar maður fer að tala hærra til að yfirgnæfa hina,“ útskýrir Örn.

„Úrvalið af lýsingarbúnaði á markaði gefur hugmyndafluginu fjölbreytt tækifæri til að njóta sín. Litasamsetning eftir eigin höfði og endalausir möguleikar til stýringar. Ljóstæknifélagið hefur mikinn áhuga á að sveitarfélög marki sér stefnu í þessum málum, komi sér upp því sem er kallað ljósvistarskipulag. Þannig sé mörkuð stefna sem lýsingarhönnuðir taki mið af í sinni vinnu.“

Hann bendir hér á nokkur dæmi um byggingar, bæði á Íslandi og erlendis, þar sem vel hefur tekist til varðandi lýsingu.



„Perlan er búin að standa á toppi Öskjuhlíðarinnar í fjölda ára og er eitt af kennileitum borgarinnar. Er sýnileg dag og nótt án þess að troða sér of harkalega inn í myndina,“ segir Örn.



„Fyrr á þessu ári fékk bæjartorgið á Akranesi íslensku lýsingarverðlaunin í samkeppni á vegum Ljóstæknifélagsins. Það var dæmi um verk sem ekki lætur mikið yfir sér en auðgar umhverfið og setur svip á bæjarmyndina.“



Leipzig í Þýskalandi fékk fyrstu verðlaun í keppninni City.People.Light Awards í fyrra en keppnin er haldin árlega. Verðlaunin voru veitt fyrir enduruppbyggingu á Richard-Wagner-torgi.



Þetta húsasund í Wellington á Nýja-Sjálandi vakti sérstaka hrifningu í keppninni. Sundið var gert að öruggum og skemmtilegum stað fyrir vegfarendur að nóttu til með skapandi og gagnvirkri lýsingu.



„Friðarsúlan í Viðey er dæmi um árlega tímabundna innsetningu. Kannski ekki það gáfulegasta að kasta ómældu ljósi beint út í loftið, en hugmyndin er skýr og hefur mælst vel fyrir held ég. Það er mikilvægt að hugmyndavinnan fái sitt pláss í undirbúningi svona verkefna, ekki fara beint í búðina og kaupa helling af ljósum.“


Nýtt frá Belid
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
www.rafkaup.is

# Eldleiftur íslenskra eldfjalla

**Jón Helgi Hólmgeirsson og Þorleifur Gunnar Gíslason hönnuðu ljósaskerm úr pappír sem þeir kalla Kröflu. Jón er einnig höfundur Eldleifturs en bæði Krafla og Eldleiftur tilheyrðu Bestu vörulínu ársins 2015 að mati Reykjavík Grapevine.**

Ljósaskermarnir Krafla og Eldleiftur voru hluti vörulínunnar Selected by Bility sem útnefnd var Besta vörulína ársins 2015 af Reykjavík Grapevine. Jón Helgi Hólmgeirsson hannaði skerminn Kröflu í samvinnu við Þorleif Gunnar Gíslason en er einn hönnuður að Eldleiftri. Nýlega tóku Jón og Þorleifur yfir framleiðsluna á skermunum undir heitinu Børk og er Jón í viðræðum við sænskt fyrirtæki um framleiðslu á Eldleiftri. Hann vonast til að skermurinn komist á markað í vetur en Krafla var þegar komin á markaðinn.

Innblásturinn að hönnun skermanna var, eins og nöfnin gefa til kynna, sóttur að hluta í íslensk eldfjöll og eldglæringar.

### Borholuhús í Kröflu

„Upphaflega hönnuðum við Þorleifur Kröflu fyrir sýningu sem Landsvirkjun tók þátt í í Hörpu. Við vippuðum frumgerðinni upp á nokkrum dögum og er formið innblásið af borholuhúsum Landsvirkjunar á Kröflusvæðinu eftir Einar Þorstein Ásgeirsson arkitekt. Hann er mikill geómetrískur meistari og við tengjum í formið hans,“ útskýrir Jón Helgi. Skermurinn vakti athygli Guðrúnar Lilju, eiganda Studio Bility, sem fékk þá félaga til þess að útfæra Kröflu fyrir Selected by Bility línuna. Krafla er úr pappír og samanstendur af fimm mismunandi formum.

„Skermurinn kemur í flötum umbúðum og eigandinn setur hann sjálfur saman, sér til mikillar armæðu líklega,“ segir Jón sposkur.

Í pakkanum eru leiðbeiningar og er hægt að setja skerminn saman í þremur mismunandi stærðum, eftir því hve mörg form eru notuð. Litirnir eru hlýir jarðlitir, fengnir af Kröflusvæðinu. Sinn liturinn er á hvorri hlið formanna og fólk ræður því hvaða lit það lætur snúa út. „Ég er sjálfur með stærstu gerðina fyrir ofan eldhúsborðið mitt og miðstærðina í stofunni. Þá hanga litlar Kröflur í nýrri matstofu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Við Þorleifur erum að skoða framhaldið en við munum hanna nýjar umbúðir fyrir Kröflu og skerminn í nýjum litum.“

### Eldglæringar í gosmekki

Jón er einn hönnuður að Eldleiftri. Skermurinn er úr kopar og er innblásturinn sóttur til eldgosa en Jón lá yfir gömlum greinum um Kötlugos og datt niður á orðið eldleiftur í grein í Morgunblaðinu frá árinu 1968.

„Eldleiftur er blossi eða eldglæringar sem sjást í gosmekkinum. Þaðan fékk ég hugmyndina að forminu,“ segir Jón. „Ég vann lampann fyrir Bility en þau hafa mikið hannað úr málmi og aðallega áli en mér fannst koparinn spennandi. Formið er geómetrískt en ég skissaði endalausar hugmyndir en þetta fannst mér eiga við, form sem stefnir niður á við, á hraðri ferð eins og blossi.“

Eins og áður sagði á Jón í viðræðum við sænskt fyrirtæki um framleiðsluna á Eldleiftri og stefnir á að koma skerminum á markað í vetur. Jón er búsettur í Svíþjóð en hann lauk mastersnámi í Interaction Design í sumar. Hann er þó með annan fótinn á Íslandi í verkefnum og á von á að við bætist í ljósalínu þeirra Þorleifs Gunnars þegar fram líða stundir.



Eldleiftur dregur bæði nafn sitt og form af eldglæringum eða blossum sem sjást í gosmekkinum við eldgos. MYND/MARINO THORLACIUS



Jón Helgi Hólmgeirsson vöruhönnuður. MYND/BJÖRG VIGFÚSDÓTTIR



Krafla er samsett úr fimm mismunandi formum sem eigandinn raðar saman sjálfur. MYND/AXEL SIGURÐARSON



Raða má formunum í Kröflu saman á þrjá mismunandi vegu. MYND/AXEL SIGURÐARSON



Orðið eldleiftur fann Jón í gömlu Morgunblaði þar sem fjallað var um Heklugos. MYND/AXEL SIGURÐARSON

# Góð lýsing fegrar heimilið

Miklu máli skiptir að huga vel að lýsingu á heimilum. Nýleg tækni í ljósum býður upp á ótal spennandi möguleika, bæði innan- og utandyra. Hjá S. Guðjónssyni starfa hæfir og reynslumiklir lýsingarhönnuðir og ráðgjafar sem veita viðskiptavinum ókeypis ráðgjöf.

Lýsing í íbúðarhúsnæði er ákaflega mikilvæg enda hefur orðið mikil vakning í þeim málum hér á landi undanfarin ár. Áður fyrr var lýsing í heimahúsum einfaldari að sögn Skarphéðins Smith, framkvæmdastjóra S. Guðjónssonar, eða yfirleitt ein loftdós í hverju herbergi og 60W ljósakúpull eða kastari settur í loftið. „Þetta hefur heldur betur breyst með tilkomu innfelldra halogenljósa, flúrlampa og svo auðvitað LED-lampa í beinni eða óbeinni lýsingu svo eitthvað sé nefnt. Óbein lýsing er kannski sú tegund af lýsingu sem hefur síðustu ár færst mikið í aukana og hún er í miklu uppáhaldi hjá okkur enda afskaplega rómantísk auk þess sem þægileg birta kemur af henni.“ Þá er flúrlömpum eða díóðustrippum komið fyrir uppi á gifslofti eða undir innréttingum þannig að ljósgjafinn er ekki sýnilegur. Birtan flæðir hins vegar niður veggi eða á gólf. „Það hefur aukist mikið undanfarin ár að slíkir lampar eru settir inn á baðherbergi, undir innréttingasökkla, bak við hirslur eða meðfram veggjum inni í stofu.“

Eldhúsið er sá staður innan heimilisins þar sem flestir eyða miklum tíma. Því er afar mikilvægt að velja rétta lýsingu fyrir hvert svæði svo góð vinnulýsing sé til staðar fyrir alla fjölskyldumeðlimi.

### Ertu að byggja?

Þegar ráðist er í framkvæmdir þarf að huga að ýmsum þáttum varðandi lýsingu, raflagnir og rafbúnað. „Rafvirkjameistari ber ábyrgð á verklegri framkvæmd og er ráðgefandi í efnisvali og lausnum allt fram að lokaúttekt. Eftir það er raflögn á ábyrgð húseigenda. Raflagnahönnuður ber ábyrgð á að kynna hvaða lausnir eru í boði, þarfagreina og útfæra raflagnakerfi sem og lýsingu, hljóð og mynd. Þegar kemur að efnisvali er það yfirleitt samvinnuverkefni milli hönnuða, rafvirkjameistara og húsbyggjanda og því er ákaflega mikilvægt að vandað hafi verið til verka við þarfagreininguna.“

Útilýsing skiptir einnig miklu máli hér á landi þar sem myrkur er stóran hluta ársins. „Því er mikilvægt að lýsa upp svæði sem þarfnast lýsingar en um leið að leyfa myrkrinu að njóta sín. Þess vegna er mjög mikilvægt að við oflýsum ekki garða okkar heldur lýsum það svæði sem dregur fram arkitektúr hússins eða umhverfisins.“

Fyrir vikið er mikilvægt, að sögn Skarphéðins, að húsbyggjandi skoði sýningarrými verslana og ráðfæri sig við hönnuði og arkitekta til að gera sér grein fyrir hvað er í boði áður en hafist er handa við lokahönnun lýsingar. „Hér hjá S. Guðjónssyni starfa mjög hæfir og reynslumiklir lýsingarhönnuðir og ráðgjafar sem eru tilbúnir að veita ráðgjöf og koma með tillögur þér að kostnaðarlausu. Einnig vinnum við mikið með arkitektum, lýsingahönnuðum og verkfræðingum í að leita bestu lausna hverju sinni.“

Nánari upplýsingar má finna á www.sg.is.




Starfsmenn S. Guðjónssonar veita góða ráðgjöf til viðskiptavina sinna. F.v. eru Bjarnþór Harðarson lýsingarhönnuður og Skarphéðinn Smith framkvæmdastjóri. MYND/GVA



Óbein lýsing í eldhúsi setur fallegan svip á rýmið. MYND/ÚR EINKASAFNI



Óbein lýsing er sett undir baðkarið til skrauts og kemur virkilega vel út. MYND/ÚR EINKASAFNI



Smekkleg stofa verður enn fallegri með góðri lýsingu. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Bananabrjálæði Studio Job

Belgíska hönnunarstofan Studio Job hefur skapað lampalínu þar sem öll ljósin eru í laginu eins og afhýddir bananar. Sýning á lömpunum og öðrum bananatengdum munum stendur yfir í Samuel Vanhoegaerden galleríinu í Belgíu.

Í Samuel Vanhoegaerden galleríinu í strandbænum Knokke í Belgíu stendur nú yfir sérstök sýning á list og hönnun með bananaþema. Þetta er einkasýning belgíska hönnunarstúdíósins Studio Job sem stofnað var árið 2000 af þeim Job Smeets og Nynke Tynagel.

Bananaljósalína Studio Job er framleidd í takmörkuðu magni og samanstendur af sjö mismunandi ljósum sem eiga það þó sameiginlegt að vera öll í laginu eins og afhýddir bananar. Í línunni eru fimm lampar, eitt hangandi ljós auk ljóss í yfirstærð.

Bananahýði ljóssins er með fægðri bronshúð en ávöxturinn sjálfur er myndaður úr munnblásnu gleri sem fyllt er af LED-ljósum.

„Bananar eru einn vinsælasti ávöxtur heims og hönnunartvíeykið skírskotar í hönnun sinni til annarra táknmynda popplistar á borð við Campbell-súpuna, dollaramerkið og kókakóla. Það að endurspegla fegurð hins vinsæla er listform í sjálfu sér,“ segir í tilkynningu frá galleríinu.

Á sýningunni er að auki önnur list sem dregur dám af bananaforminu, til dæmis teikningar sem Job Smeets sjálfur teiknaði á árunum 1998 til 2005.

Sýningin sendur til 27. september.


Lamparnir koma í sjö útgáfum, hér sjást sex þeirra.


Lýsandi ávöxtur.


Einn bananinn er veggljós.


Bananaþema einkennir alla sýninguna.

MYNDIR/STUDIO JOB





IKEA fer nú alla leið með LED. Eftir 1. september í ár er aðeins seld umhverfisvæn LED-lýsing í versluninni. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

# IKEA leiðir LED-byltinguna

Fyrir utan augljósa hagnýta kosti lýsingar, er hún einnig afar mikilvægur þáttur í útliti heimilisins, ekki síst yfir dimma vetrarmánuðina hér á norðlægum slóðum. Við notum lýsingu auðvitað fyrst og fremst til að sjá í kringum okkur, en líka til að skapa vissa stemningu sem má ná fram með misbjartri lýsingu, beinni lýsingu eða dreifðri og þar fram eftir götunum.

IKEA á Íslandi hefur nýlega tekið alla ljósadeild verslunarinnar í gegn og þar er úrvalið meira en nokkru sinni fyrr. Þar að auki tók fyrirtækið stórt skref nýlega þegar hætt var að selja aðra lýsingu en LED-lýsingu í versluninni. Aldís Axelsdóttir, sölustjóri, segir að í raun megi segja að LED-lýsing sé bylting og IKEA hafi ákveðið að styðja hana af öllum kröftum með því að skipta alfarið yfir í LED þann 1. september síðastliðinn. „Í krafti stærðar sinnar getur IKEA stutt við slíkar breytingar þannig að það skipti máli. Markmiðið er að allir geti skipt yfir í LED á viðráðanlegu verði, en það er enn þannig að LED-perur eru töluvert dýrari en hefðbundnar glóperur. Aftur á móti nota þær um 85% minna af orku en glóperurnar og endast í um 20.000 klukkustundir þannig að þær eru mun hagkvæmari til lengri tíma,“ segir Aldís. „Þarna leika umhverfissjónarmið að sjálfsögðu stórt hlutverk. Það er einfaldlega orðið nauðsynlegt að huga að orkunýtni á öllum sviðum og LED-byltingin er mikilvægur þáttur í því.“

## Nýjar leiðir færar í hönnun

Burtséð frá augljósum ávinningi fyrir umhverfið, segir Aldís LED-lýsinguna vera fallega og bjóða upp á nýjar leiðir í ljósahönnun. „Hönnuðir geta leikið sér meira með LED-lýsinguna, hún er sveigjanlegri og bara það að perurnar hitna ekki veitir meiri möguleika.“ Aldís segir ljósaúrval IKEA mjög fjölbreytt, þar megi finna allt frá litlum ferðalömpum yfir í stórar ljósakrónur og hönnun sem henti mismunandi heimilum. „Svo er líka gaman að segja frá því að IKEA PS-ljósið okkar, sem vakti strax athygli fyrir öðruvísi

> **Þar að auki fást hjá okkur rafhlöðuknúin kerti, ljós með innbyggðum hleðslutækjum, ljós með USB-hleðslu og margt fleira, þannig að við getum sinnt flestum þörfum þegar lýsing er annars vegar.**

og skemmtilega hönnun, hlaut nýlega Red Dot-hönnunarverðlaunin, sem eru ein virtustu verðlaun sem veitt eru fyrir hönnun í heiminum. Ljósið þótti sérstaklega vel úthugsað en með því að toga í spotta á ljósinu er hægt að dimma það og það breytir um lögun í leiðinni,“ segir Aldís og bætir við að setið sé um hverja sendingu af ljósinu sem komi til landsins.

„Þar að auki fást hjá okkur rafhlöðuknúin kerti, ljós með innbyggðum hleðslutækjum, ljós með USB-hleðslu og margt fleira, þannig að við getum sinnt flestum þörfum þegar lýsing er annars vegar. Nú er líka tíminn; haustið að skella á okkur með styttri dögum og mun fleiri tækifærum til að leyfa fallegri lýsingu að njóta sín á heimilinu,“ segir Aldís að lokum.



STÖPEN kertin eru rafhlöðuknúin og því tilvalin þar sem börn eru að leik eða einfaldlega til að forðast eldhættu. Þau fást í nokkrum stærðum, bæði sem kubbakerti og sprittkerti.



SINNERLIG loftljósið er handofið og hver skermur því einstakur. Ljósið er úr bambus, sem er umhverfisvænt hráefni, og skapar hlýlega náttúrulega stemningu.



SINNERLIG línan er ein þeirra sem koma í takmörkuðu magni í IKEA. Borðlampinn er úr gleri með korkbotni og gefur hlýja dreifða lýsingu.



Lýsingin skiptir miklu máli í eldhúsinu. Þar þarf bæði beina vinnulýsingu og mýkri dreifða lýsingu. Skúffu- og skápalýsing setur svo punktinn yfir i-ið.



VARV borðlampinn er með innbyggðri þráðlausri hleðslu fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Þú leggur einfaldlega tækið á plústáknið og hleðslan hefst samstundis.



## TALIESIN 4 LAMPINN ENDURFRAMLEIDDUR

**Lampi úr** smiðju Frank Lloyd Wright er nú fáanlegur í almennri sölu.

Frank Lloyd Wright (1867 – 1959) var bandarískur arkitekt, innanhússhönnuður, rithöfundur og kennari sem hannaði yfir þúsund byggingar á lífstíð sinni en þar af hafa 532 verið smíðaðar. Wright aðhylltist lífrænan arkitektúr og lagði áherslu á að byggingarnar væru í sátt við umhverfið. Árið 1991 var hann útnefndur besti arkitekt í bandarískri sögu.

Wright hannaði einnig ófáa húsmuni á ferli sínum, þar á meðal Taliesin-lampalínuna. Fyrsta slíka lampann hannaði hann fyrir hús sitt í Taliesin í Wisconsin árið 1911 en í því húsi eru í dag bæði Frank Lloyd Wright-stofnunin og arkitektaskólinn.

Nú hefur japanska ljósafyrirtækið Yamagiwa fengið leyfi fyrir framleiðslu á Taliesin 4 lampanum. Lampinn verður þannig í fyrsta sinn til sölu fyrir almenning.



## ELSTA LJÓSAPERAN

**Centennial Light** er sú ljósapera sem hefur lifað hvað lengst. Hún er í húsi slökkviliðsins í Livermore-Pleasanton sem stendur við 4550 East Avenue í Kaliforníu. Slökkviliðsmennirnir segja að ljósaperan sé að minnsta kosti 113 ára gömul og að á henni hafi verið slökkt aðeins nokkrum sinnum. Oft er vitnað í Centennial Light-peruna í umræðum um að ljósaperur dagsins í dag séu vísvitandi gerðar þannig úr garði að þær endist styttra en þær ættu að gera.

Í upphafi var Centennial Light þrjátíu eða sextíu vatta pera en nú er hún mjög dimm og gefur frá sér svipað ljósmagn og fjögurra vatta náttljós. Hún var framleidd af Shelby Electric Company í Ohio rétt fyrir aldamótin 1900. Óvenjulegt langlífi perunnar vakti fyrst athygli fréttamannsins Mike Dunstan. Eftir að hafa varið mörgum vikum í að taka viðtöl við fólk sem hafði búið í Livermore alla sína ævi skrifaði hann greinina „Ljósaperan gæti verið sú elsta í heimi“ og birti í Tri-Valley Herald.

## LITFAGURT LISTAVERK

Listamaðurinn Ólafur Elíasson hannaði glerhjúpinn sem umlykur Hörpu, tónleikahöll og ráðstefnumiðstöð Reykjavíkur. Kveikt var á glerhjúpnum þann 20. ágúst árið 2011 að viðstöddum stórum hluta þeirra 100.000 gesta sem tóku þátt í dagskrá Menningarnætur það kvöldið.

Hjúpurinn, sem þekur alla bygginguna, er myndaður úr stórum tólfhliða staflanlegum mótum úr stáli og gleri. Honum er ætlað að endurspegla borgarlífið og mismunandi birtu sem er blanda af hreyfingum sólarinnar og fjölbreytilegu veðri.

Glerhjúpurinn er lýstur upp í mismunandi litum á kvöldin með 714 RGB LED-lömpum sem eru hannaðir og framleiddir af fyrirtækinu Zumtobel í Austurríki og er um leið eitt stærsta einstaka LED-verkefni á Íslandi til þessa.

Lömpunum er stýrt með öflugri tölvu sem gefur DMX-merki í hvern einasta lampa en hver lampi er einungis 12W en er um leið fær um að lýsa í öllum litum litrófsins. Fyrir vikið er hægt að sýna einfaldar hreyfimyndir á hjúpnum sem eru settar inn í stjórntölvuna. Lýsing hjúpsins fer í gang við sólsetur og gengur fram eftir nóttu öll kvöld ársins.

Heimild: www.reykjafell.is






TRI
Suðurlandsbraut 32
Hjólreiðar
Hlaup
Sund
TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við BORGUN
BORGUN
CUBE
Curve Pro
#Hybrid & Ferðahjól
139.990kr
>89.990kr
#cube_your_life
AIM SL 29"
139.990kr
>89.990kr
NATURE
169.990kr
CROSS
239.990kr
September @ TRI VERSLUN
Cube your life!
facebook.com/tri.is
instagram.com/triverslun
@TRIVERSLUN
25% afsláttur af aukahlutum með öllum seldum hjólum!
SHIMANO
WWW.TRI.IS
SHIMANO
- Opnunartími @ TRI VERSLUN -
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00
ParkTool
ParkTool

**Meðferð við háræðasliti - Tilboð**




**10% afsláttur** af 2 × 30 mín.meðferð
**15% afsláttur** af 3 x 30 mín.meðferð
**20% afsláttur** af 4 x 30 mín.meðferð
Miðast við samfelldan meðferðartíma.

**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

**Snyrtistofan Hafblik**

Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com




**DEBBIE HARRY MÆTTI Á COACH** Diskópönkdrottningin Debbie Harry sat á fremsta bekk þegar tískumerkið Coach kynnti nýjustu línu sína. Debbie var í leðurkjól frá merkinu.



**TÍSKUDÍVA** Ivana Trump mætti galvösk á sýningu Dennis Basso og sat þar á fremsta bekk.



**TÍSKUVIT** Leikkonan Chloe Grace Moretz klæddist einnig fatnaði Coach á sýningu merkisins.

# DEBBIE HARRY MÆTTI Á COACH

**TÍSKUVIKAN NYC** *Stjörnurnar flykkjast á sýningar tískuhúsanna þar sem þau kynna línurnar fyrir næsta ár á tískuvikunni í New York.*

Tískuvikan í New York stendur nú sem hæst og haustblíðan leikur við gesti. Sýningarnar laða iðulega að sér fjölda frægra sem ýmist hafa brennandi áhuga á tísku eða nota tækifærið til þess að sýna sig og sjá aðra. Hollywood-stjörnur og tónlistarfólk vermir gjarnan fremstu áhorfendabekkina eða fangar auga ljósmyndara á götum úti.

Á sýningu tískuhússins Coach mátti til að mynda sjá þekkt andlit sem klæddust flíkum úr haustlínu merkisins, meðal annarra leikkonuna Christina Ricci og söngkonuna Debbie Harry. Þá sveif söngkonan Zoe Kravitz meðal gesta Coach og Ivana Trump lét sig ekki vanta á sýningu Dennis Basso. Hailey Baldwin, dóttir leikarans Stephens Baldwin, mætti leðurklædd á sýningu Diesel.



**MÆTTI Í GÆRUJAKKA** Leikkonan Christina Ricci sem sló í gegn í hlutverki Wednesday Addams árið 1991 klæddist flíkum Coach á sýningu tískuhússins.



**LEÐUR OG HÁIR HÆLAR** Haily Baldwin, dóttir leikarans Stephens Baldwin, mætti leðurklædd á sýningu Diesel, Black Gold.



**FLOTTUR STÍLL** Ljósmyndarinn Natalie Joos þykir hafa svalan fatastíl enda fangaði hún athygli ljósmyndara á götum New York.



**KRAVITZ MÆTTI Á COACH** Leik- og söngkonan Zoe Kravitz lét sig ekki vanta á tískusýningu Coach.



**STÆLLEG** Leikkonan Kiernan Shipka mætti á Coach.


PRÓGASTRÓ
DDS PLÚS 3

100% NÁTTÚRULEGT

Styður að heilbrigðri magaflóru og léttir á meltingunni

Einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum



Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og verslanir

www.gengurvel.is



365 Lofthraði

MEIRI HRAÐI Í **BÚSTAÐINN**



• MEIRI **HRAÐI**
• STÖÐUGRA **SAMBAND**
• INNLENT NIÐURHAL **INNIFALIÐ**

Athugaðu hvort að þú getir fengið Lofthraða í bústaðinn þinn, kynntu þér málið á lofthradi.is

Lofthradi.is | Sími 1817 365



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

Vörubílastöðin Þróttur
ÞRÓTTUR 577-5400
Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Hjólbarðar

13 tommu góð vetrardekk. Verð 13þ S. 8644842

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Málarar

**INNIMÁLUN**
Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

## Garðyrkja

**GRÖFUÞJÓNUSTA AUBERTS.**
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, kranabílar, vörubílar, gámaleiga, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum.
**Sími 892 1663.**

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

## Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896 5778

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## til sölu



### Peugeot 308 Active

Nýskráður 12/2014, ekinn 2 þús.km, bensín, sjálfskiptur, 7" snertiskjár, fjarlægðarskynjarar, bluetooth handfrjáls búnaður, LED dagljós, þokuljós að framan, álfelgur.

**Verð kr. 3.390.000**

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## til sölu

### Land Rover Range Rover Supercharged



Árg '06 ek.144þús.
Sjálfskiptur.
4197cc. 397hö.
Topplúga.
**Verð 3.890.000.-**
Rnr.311449

BÍLAHÖLLIN S: 567-4949

Bíldshöfða 5
www.bilahollin.is

HÖFÐABÍLAR 577 4747

**Heitt á könnunni**

Opið alla helgina frá 11:00-16:00

# Þú gerir ekki betri kaup!

- Allir bílarnir ástandskoðaðir hjá Frumherji
- Bílar í toppstandi.



**SUZUKI Swift.**
Árgerð 2012, ekinn 128 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.590.000.** Rnr.110272.



**VW Polo trendline.**
Árgerð 2013, ekinn 107 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.390.000.** Rnr.221396.



**SUZUKI Grand vitara premium+** (cruise, a/c, álfelgur).
Árgerð 2011, ekinn 129 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.190.000.** Rnr.210137.



**NISSAN Qashqai+2 se.**
Árgerð 2012, ekinn 79 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.990.000.** Rnr.110286.



**HYUNDAI I10 gl.**
Árgerð 2012, ekinn 93 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.090.000.** Rnr.110285.



**VW Golf blue motion.**
Árgerð 2014, ekinn 54 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.990.000.** Rnr.110255.



**NISSAN qashqai.**
Árgerð 2015, ekinn 8 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 4.590.000.** Nýr bíll. Rnr.221378.



**SUZUKI Swift.**
Árgerð 2012, ekinn 108 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.690.000.** Rnr.110278.



**VW Polo trendline.**
Árgerð 2014, ekinn 59 Þ.KM, dísel, 5 gírar.
**Verð 1.840.000.** Rnr.221390.



**NISSAN Qashqai se.**
Árgerð 2011, ekinn 74 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.290.000.** Rnr.110254.



**SKODA Octavia ambiente.**
Árgerð 2012, ekinn 110 Þ.KM, dísel, 5 gírar.
**Verð 2.640.000.** Rnr.110258.



**SUZUKI Grand vitara premium+** (cruise, a/c, álfelgur).
Árgerð 2011, ekinn 124 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.290.000.** Rnr.221410.

Höfðabílar • S: 577 4747 • Fosshálsi 27, 110 Reykjavík • hofdabilar@hofdabilar.is • hofdabilar.is

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**www.lundurfasteignir.is**
**S. 690 3031 / 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA - VERSLUNARRÝMI**
Til leigu 400fm verslunarrými á jarðhæð við Auðbrekku. Innkeyrsludyr. s. 897 9743

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR -VINNUSTOFUR**
Nokkur 20 - 46 m2 rými laus eða að losna í snyrtilegu húsnæði. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu eða leigu mjög góð 50 m2 iðnaðarbil í Steinhellu 14, Hfn. Fjölbreyttir möguleikar. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Hausttilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Vinnutími frá 12:00 - 18:30 virka daga eða 06:30 - 13:00. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**HOUSEKEEPERS**
Apartment Hotel in 101 Reykjavik seeks full time and part time housekeepers. Please send applications to: headhousekeeper@apartmentk.is

Starfmenn vantar á hjólbarðaverkstæði Sólningar í Kópavogi. Uppl. í s. 544 5012 eða aegir@solning.is

Óskum eftir vönum dekkjamanni á hjólbarðaverkstæði. Umsóknir á staðnum eða í síma 568-3080 Barðinn Skútuvogi 2

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

Vanur smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 8645920

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Karlmaður vill flengja stráka. RauðaTorgið.is, s. 905-2000, augln. nr 8339

Karlmaður leitar ákaflega kynna náinna kynna við karlmann. RauðaTorgið.is, s. 905-2000, augln. nr 8517.

Heitur karl vill hitta ákaflega heitan karl. RauðaTorgið.is, s. 905-2000, augln.nr 8862

Karlmaður vill hitta karlmann með nánið sambandi í huga. RauðaTorgið. is, s. 905-2000, augln.nr 8378

**ÍSLENDINGAR.EU**
Nýr, frjálslyndur stefnumóta- og samskiptavefur, mjög sérstakur, sérsniðinn að stefnumóta- og samskiptamenningu íslendinga. Almenn samskitpi, stefnumót, makaleit, stundargaman, swingers (makaskipti) - blogg, dagbækur, hugrenningar, stöðufærslur - vefurinn dekkar regnbogann. Líttu við. www. islendingarl.eu.

**SKYNDIKYNNI? SÍMASEX?**
RauðaTorgið.is

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.
**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Föndurlist**
1000 fm Föndurverslun
Föndur - Lista og Hannyrðavörur
Stærsta föndurverslun landsins
www.fondurlist.is ~ Holtagörðum ~ s. 553 1800

**Eftirlitsmyndavél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is**

**XPRENT** - hönnun og merkingar
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
...og margt fleira
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

**EYJALIND** GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

- Jarðvegsvinna
- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Húsarif
- Öll almenn verktakavinna

**BROTAFL**
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

**VARAHLUTIR**
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI**
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**BLIKK**
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
**íshúsið ehf**
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## fasteignir

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS S: 773-4700



### Til sölu sérverslun fyrir konur.

Af sérstökum ástæðum er til sölu sérverslun með þekkt vörumerki með fallegan kvenfatnað. Er í 155 fm húsnæði með góðri leigu.Gott verð og tækifæri. Uppl. í síma 773-4700 og oskar@atv.is

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali S. 773-4700

EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

### Neshagi 15 107 Reykjavík - Ris og kjallari




Um er að ræða tvær íbúðir á þessum eftirsótta stað. Annars vegar 3ja herbergja 79,7 fm kjallaraíbúð með sér inngangi. **V. 31,6 m.** Hins vegar 4ra herbergja risíbúð með suðursvölum og fallegu útsýni. **V. 32,8 m.** Íbúðirnar eru lausar til afhendingar.
**Eignirnar verða sýndar fimmtudaginn 17.september milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 31,6 og 32,8 m.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Lækjarfit - Einbýli - Gbæ.



Hraunhamar fasteignasala kynnir glæsilegt nýtt 251,8 fermetra nýtt einbýli á einni hæð með innbyggðum bílskúr vel staðsett við við Lækjarfit 11 í Garðabæ.
Húsið er byggt 2010 úr steypu og skiptist þannig : anddyr/forstofa, gestasnyrting, hol, gott eldhús, borðstofa, stofa, gangur, þrjú herbergi, baðherbergi, þvottahús, hjónaherbergi með fataherbergi og baðherbergi inn af, geymsla og bílskúr. Fallegar innréttingar og gólfefni. **Verð 93 millj.** Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm 8960058.

### Svöluás - Hafnarfjörður - Einbýli



Hraunhamar fasteignasala kynnir glæsilegt 207 fermetra einbýli á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr við Svöluás 36 í Hafnarfirði. Eignin er í mjög góðu ástandi með fallegum innréttingum og gólfefnum. Eignin skiptist í forstofu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, gang, þrjú herbergi, sjónvarpshol, baðherbergi, þvottahús, bílskúr og geymslu. Glæsilegur garður frábær staðsetning. **Verð 58. millj.**

### Spóaás - Einbýli - Hf.



**Frábær staðsetning v/ Ásland tjörnina**
Hraunhamar fasteignasala kynnir mjög gott 198,2 fermetra einbýli á einni hæð ásamt 43,7 fermetra bílskúr samtals um 241,9 fermetrar. Eignin er staðsett við grænt svæði á frábærum útsýnisstað við Ástjörnina í Hafnarfirði. Eignin skiptist í forstofu, baðherbergi, forstofuherbergi, hol, stofu, borðstofu, eldhús, sólstofu, gang, tvö herbergi, baðherbergi, hjónaherbergi, þvottahús, geymslu og bílskúr. **Verð 69,5 millj**

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

Eignasala.is

LS S: 420 6070 • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA
Hafnargata 90, 230 Reykjanesbæ. www.eignasala.is
Júlíus M Steinþórsson Lögg. fasteigna, fyrirtækja og skipasali



### Freyjuvellir 3

**Fallegt einbýlishús á vinsælum stað í Keflavík.**
- 6 herbergja, 200m2 einbýlishús í Keflavík.
- Vönduð eign, viðhaldslétt byggingarefni.
- Fallegur og sólríkur garður
- **Verð kr. 46.000.000.-**

FASTEIGNASALAN SUND

Fasteignasalan Sund - Sundagörðum 2 - 104 Reykjavík
www.fastsund.is • Jónas Örn Jónasson hdl. og lgf.

### Blikaás 25 - 221 Hfn.




**Opið hús í dag á milli 17.30 og 18.00**

Glæsileg efri hæð í litlu fjölbýli með sérinngangi. Þrjú herbergi, rúmgóð stofa og þvottahús innan íbúðar. Eftirsóttur staður og góð eign. Stærð 119 fm.**V. 36,9m.** Uppl. Gylfi S. 822-0700

Ársalir - fasteignamiðlun - Ársalir - fasteignamiðlun

### Góður veitingastaður til sölu, miðsvæðis á Höfuðborgarsvæðinu.

**Hef til sölu góðan veitingastað með leyfi fyrir 330 manns.**
Fastar og góðar tekjur af mat og vínsölu til ört vaxandi viðskiptmanna hóps. Reksturinn og húsnæðið, sem er 611m² eru hvorutveggja til sölu. Öll aðstaða til fyrirmyndar. Nánari upplýsingar eru aðeins veitta á skrifstofu Ársala.

**Áhugasamir hafi samband:** Ársalir ehf – fasteignamiðlun Engjateigi 5, 105- Reykjavík.

Ársalir FASTEIGNAMIÐLUN Engjateigi 5, 105 Rvk 533 4200

Björgvin Björgvinsson
Löggiltur fasteignasali. FÉLAG FASTEIGNASALA

## atvinna




**Sómi óskar eftir að ráða bílstjóra til starfa.**
Rétta manneskjan þarf að geta unnið sjálfstætt, verið í góðu formi, snyrtileg og stundvís.

Vinnutími er frá 5.00 til 11.00 alla virka daga og annan hvern laugardag.

**Tekið er á móti umsóknum á staðnum eða á netfangið somi@somi.is.**

Gilsbúð 9, 210 Garðabæ
sími 565 6000, www.somi.is

SÓMI

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe
SAFT

Barnaheill Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
Ófbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

## atvinna

### Leiðandi fyritæki á innréttingamarkaði óskar eftir hönnuðum í tímabundin verkefni.

Helstu verkefni eru hönnun eldhúsinnréttinga fyrir einstaklinga og verktaka.

Umsóknir með upplýsingum um umsækjendur skal senda fyrir þriðjudaginn 22.09.2015.
á box@frett.is

Öllum umsóknum verður svarað.

# HAUST 2015

PEYSUDAGAR

**20% afsláttur**











COSMO

Kringlunni



Síðasti vetur var erfiður og ég náði engum sérstökum árangri sem voru vonbrigði.

Erla Ásgeirsdóttir, skíðakona

Erla er búin að fara á Ólympíuleika og tvö heimsmeistaramót þrátt fyrir að vera aðeins 21 árs, en nú tekur námið við.

Fréttablaðið/Getty

# Við gerum allt til að halda þeim

**Landsliðið í alpagreinum var tilkynnt í gær, en skíðalandsliðið verður án Erlu Ásgeirsdóttur. Hún bættist í hóp fleiri efnilegra ungmenna sem leggja skíðin á hilluna eða fara í pásu. Enginn landsliðsþjálfari verður í vetur en framtíðin er samt björt með stelpurnar í hópnum.**

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



**ALPAGREINAR** „Það er svona sitt af hverju sem olli því að ég tók þessa ákvörðun,“ segir Erla Ásgeirsdóttir, nú fyrrverandi landsliðskona í alpagreinum, í viðtali við Fréttablaðið. Þessi 21 árs gamla skíðakona var ekki í landsliðshópnum fyrir komandi vetur sem kynntur var af Skíðasambandinu í gær.

Í hópnum eru hinar þrjár gríðarlega efnilegu María Guðmundsdóttir, Freydís Halla Einarsdóttir og Helga María Vilhjálmsdóttir auk Sturlu Snæs Snorrasonar úr SKRR. Auk Erlu er enginn Einar Kristinn Kristgeirsson sem einnig ákvað að gefa ekki kost á sér vegna náms.

„Síðasti vetur var erfiður og ég náði engum sérstökum árangri sem voru vonbrigði,“ segir Erla sem komst upphaflega ekki á Ólympíuleikana í Sotsjí 2014 en datt inn þegar María Guðmundsdóttir meiddist í aðdraganda leikanna.

„Stelpurnar fóru síðan allar hver í sína áttina og því gat skíðasambandið ekki boðið upp á jafn flott verkefni og undanfarin ár. Mér fannst þetta ekki nógu spennandi og vildi þá frekar nýta árið í eitthvað annað og prófa eitthvað nýtt. Svo sjáum við bara til hvað gerist í framtíðinni,“ segir Erla sem hóf nám við HR í haust og lærir þar heilbrigðisverkfræði.

**Verður mikil tilbreyting**

Þar sem Freydís, María og Helga María verða allar í skíðaskólum í Bandaríkjunum og Noregi var ekki mikið að hafa upp úr því að vera í landsliðinu fyrir Erlu. Skíðasambandið ákvað einnig að ráða ekki annan landsliðsþjálfara eftir að Fjalar Úlfarsson sagði starfi sínu lausu eftir síðasta tímabili.

„Við leituðum að öðrum þjálfara eftir að Fjalar hætti en þegar við sáum í hvað stefndi með hópinn biðum við með að ráða mann,“ segir Jón Viðar Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Skíðasambands Íslands, við Fréttablaðið. Annar þjálfari hefði haft lítið að gera með stelpurnar allar í skólum erlendis.

„Krakkarnir sem eru að koma upp eru mjög efnilegir en þau eru svo ung,“ segir Erla. „Það skiptir máli að æfa með mjög góðu skíðafólki. Það verður að vera samkeppni og félagsskapur. Það er ekkert spennandi að vera bara ein.“

Erla er ekki alveg búin að leggja skíðin á hilluna, en hún ætlar að reyna að taka þátt í mótum hér heima eins og hún getur með skólanum.

„Ég hef síðustu sex ár lagt mikið í þetta og ég mun sakna þess mjög mikið þó þetta hafi verið erfitt. Það verður erfitt að horfa upp á krakkana vera á fullu í þessu,“ segir Erla.

**Áhyggjuefni**

Á rétt rúmu ári eru fjórir landsliðsmenn búnir að leggja skíðin á hilluna eða gefa ekki kost á sér í landsliðið vegna ýmissa ástæðna. Þetta eru Ólympíufararnir Brynjar Jökull Guðmundsson og Einar Kristinn Kristgeirsson, María Guðmundsdóttir og nú Erla. María ákvað þó að byrja aftur og verður í landsliðshópnum í vetur.

„Auðvitað höfum við áhyggjur af þessu. Þetta er ekki góð þróun. En við erum í svipuðu umhverfi og annað íþróttafólk. Það er kostnaðarsamt að vera afreksmaður í íþróttum og fólk vill líka reyna að stunda nám sem er erfitt með þessu,“ segir Jón Viðar Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Skíðasambandsins.

„Það er lítið sem við getum gert til að breyta þessu á stuttum tíma en við erum með langtímamarkmið að efla hreyfinguna og styrkja grunninn. Það er samt erfitt okkur að bregðast snöggt við einfaldlega vegna aðstæðna,“ segir Jón, sem vonast til að fleiri fari leið Maríu og hætti við að hætta.

„Það er ekki á hverjum degi sem við sjáum fólk koma til baka eins og við sjáum Maríu en vonandi sjáum við þau sem flest aftur. Að sjálfsögðu gerum við svo allt til að halda þessum krökkum sem við erum með núna. Stelpurnar okkar eru ungar en reynslumiklar og stóðu sig frábærlega síðasta vetur. Framtíðin er mjög björt hjá þeim,“ segir Jón Viðar Þorvaldsson.

**tomas@365.is**





SÚPUKJÖTSTILBOÐ!
Í haustlægðunum er fátt betra en að sitja inni og njóta dýrindis kjötsúpu. Þú færð allt í súpuna á ótrúlegu verði í Iceland.
VERÐSPRENGJA
FYRSTUR KEMUR
FYRSTUR FÆR
699 kr. kg.
Esja Gæðafæði súpukjöt 1. flokkur
Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.
4 TONN Í BOÐI
ESJA
GÆÐAFÆÐI
Jón Jónsson
150.000 kr.
200.000 kr.
Borga
Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausan greiðslufrest.
Skráðu þig á www.netgiro.is
Netgíró
Betri leið til að borga
Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Iceland

# Star Wars-nördar hjartanlega velkomnir

**Kvikmyndakviss á vegum RIFF verður á Lofti Hosteli í Bankastræti klukkan átta í kvöld.**

„RIFF, Loft Hostel og Nexus halda kvikmyndakviss og þér er boðið!“ segir Berglind Sunna Stefánsdóttir, ein þeirra sem standa að baki heljarinnar kvikmyndakvissi þar sem þemað er Star Wars.

„Við erum að telja niður í RIFF-hátíðina og nýju Star Wars-myndina sem verður frumsýnd í lok árs,“ heldur hún áfram. Kvissið verður haldið á Lofti Hosteli í Bankastræti klukkan átta í kvöld, er liðakeppni og aðeins mega fjórir eða færri vera saman í liði.

„En þetta snýst um meira en Star Wars. Það verður líka spurt út í kvikmyndir almennt og almenn gleði við völd. Spurningahöfundar eru líka miklir fagmenn, en það eru þau Anna Ásthildur Thorsteinsson, verkefnastjóri hjá ÚTÓN og Star Wars-aðdáandi, og Björn Teitsson, kynningarfulltrúi Rauða krossins og kvikmynda- og spurningalúði.“

Berglind segist þó hvað spenntust fyrir verðlaununum. „Meðal verðlauna eru hátíðarpassar á RIFF, klippikort á hátíðina og inneign í Nexus svo eitthvað sé nefnt. Fyrstu þrjú sætin fá verðlaun sem og eitt lið af handahófi, svo allir geti unnið.“

RIFF, Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, hefst svo 24. september næstkomandi.

olof@frettabladid.is



Berglind Sunna Stefánsdóttir er einn skipuleggjenda.



Star Wars: Episode III – Revenge of the Sith.

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Bryndísar Kjartansdóttur**

Fífuseli 37,
Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjartadeildar Landspítalans fyrir góða umönnun og hlýju í hennar garð.

**Karl Arason**
**Sigríður Sigurðardóttir** — **Eiríkur Ingimagnsson**
**Kjartan B. Sigurðsson** — **Unnur Erla Malmquist**
**Birgir Sigurðsson** — **Hildur Loftsdóttir**
**Arnar Þór Ingólfsson** — **Unnur Sigurrún Kristleifsdóttir**
**Ari Karlsson** — **Elfa Scheving Sigurðardóttir**
**Guðlaugur Karl Karlsson** — **Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Sigmundsdóttir**

Lautasmára 25,
Kópavogi,
lést föstudaginn síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Hjallakirkju föstudaginn 18. september kl. 11.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Eygló Dröfn Hraundal** — **Hjalti Reynir Ragnarsson**
**Vera Björk Hraundal** — **Albert Már Eggertsson**
**Anna Margrét Hraundal** — **Anna Cecilia Inghammar**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Baldvin Gestsson**

vélaverkfræðingur,
Álagranda 12, Reykjavík,
lést föstudaginn 11. september sl.
Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 18. september kl. 13.00.

**Lotte Sophie Gestsson**
**Rúna Baldvinsdóttir** — **Jóhann Þór Jóhannesson**
**Karl Baldvinsson** — **Lára Helga Sveinsdóttir**
**Dagný Baldvinsdóttir** — **Benedikt Sigurðsson**
**og barnabörn.**

---



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Sigríður Magnea Hermannsdóttir**

Bárugötu 11,
Dalvík,
lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 9. september.
Útför hennar fer fram frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 18. september kl. 13.30.

**Jóhanna Dagbjört Tómasdóttir** — **Birgir Ingvason**
**Hermann Jón Tómasson** — **Bára Björnsdóttir**
**Guðrún Hrönn Tómasdóttir** — **Brynjar Aðalsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Hauks Þormars Ingólfssonar**

Sveighúsum 8.

**Ágústa Eygló Óskarsdóttir**
**Jófríður Hauksdóttir** — **Kristinn Halldórsson**
**Gunnlaugur Magnús Hauksson**
**Ingólfur Jón Hauksson** — **Anna María Gísladóttir**
**Óskar Hauksson** — **Sigrún María Eyjólfsdóttir**
**Eygló Margrét Hauksdóttir** — **Guðlaugur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Hulda Ingibjörg Sigurbjörnsdóttir**

áður til heimilis að
Skagfirðingabraut 37, Sauðárkróki,

sem lést þriðjudaginn 8. september á Sjúkrahúsi Suðurlands, verður jarðsungin föstudaginn 18. september kl. 14.00 frá Sauðárkrókskirkju.

**Dætur, tengdasynir, barnabörn, tengdabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sólveig Geirsdóttir**

frá Hallanda, Hraungerðishreppi,
Garðatorgi 7, Garðabæ,

lést fimmtudaginn 10. september á Landspítalanum í Fossvogi.
Hún verður jarðsungin frá Vídalínskirkju föstudaginn 18. september kl. 13.

**Ingimar Örn Ingimarsson** — **Ella Kristín Karlsdóttir**
**Geir Ingimarsson** — **Una Hannesdóttir**
**Auður Ingimarsdóttir** — **Ómar Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær maður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhann Karl Bjarnason**

Svarthömrum 68,
Reykjavík,
varð bráðkvaddur að heimili sínu 14. september. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 23. september kl. 15.00.

**Álfhildur S. Jóhannsdóttir** — **Þórarinn Gunnarsson**
**Gunnar Þór Jóhannsson** — **Þóra Egilsdóttir**
**Guðmundur I. Jóhannsson**
**Kristín Jóhannsdóttir** — **Sumarliði Kristmundsson**
**Bjarni Jóhann Jóhannsson**
**Jóna G. Ragnarsdóttir** — **Ísak Jóhann Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Gíslína Vigfúsdóttir**

frá Sólvangi,
Árskógsströnd,
lést mánudaginn 14. september á dvalarheimilinu Hlíð. Útför hennar fer fram frá Stærri-Árskógskirkju laugardaginn 26. september kl. 14.00.

**Bjarni H. Hjaltason** — **Anna G. Sigurðardóttir**
**Bjarki V. Hjaltason**
**Elín Hjaltadóttir**
**Reynir G. Hjaltason** — **Helga Ó. Finnbogadóttir**
**Vignir Hjaltason** — **Edda B. Kristinsdóttir**
**Vigdís E. Hjaltadóttir** — **Guðmundur Þ. Jónsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



Elskuleg eiginkona mín og móðir mín,

**Ásthildur Alfreðsdóttir**

Vesturströnd 6,
Seltjarnarnesi,

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 14. september. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á heimahjúkrun Karitas.

**Þórhallur Birgir Jónsson**
**Gyða Þórhallsdóttir**

---



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Inga Guðrún Gunnlaugsdóttir**

sjúkraliði,
Víðihlíð 10,

andaðist á dvalarheimilinu Grund 14. september sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 22. september kl. 13.00.

**Sigurjón Hreiðar Gestsson**
**Sigríður Sigurjónsdóttir** — **Eiríkur Steingrímsson**
**Gunnlaugur Sigurjónsson** — **Þórdís Arnardóttir**
**Rúnar Sigurjónsson** — **Kristín Loftsdóttir**
**Arney Eva, Inga Guðrún, Halla, Jón Hreiðar og Ragna Steinunn**




Þú festist í dagskránni með okkur í vetur

365

# FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI

365.is
Sími 1817




Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar. Spennandi íslenskir og erlendir þættir, kvikmyndir og vandað talsett barnaefni. Að auki fá áskrifendur internet, heimasíma, Stöð 2 Maraþon og aðild að Vild.* **Með því að greiða 3.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 10 GB í GSM.**

PIPAR\TBWA · SÍA

3 Krakka stöðin HBO BRAVO MARAÞON Vild

SKEMMTIPAKKINN

9.290 kr.

Aðeins 310 kr. á dag

*20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma. Nánari upplýsingar á 365.is

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur



Í dag, fimmtudag, er gert ráð fyrir hægri norðanátt og lítils háttar vætu á Norður- og Austurlandi, en annars yfirleitt bjartviðri. Áfram fremur hlýtt.




## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. strit
6. umhverfis
8. skordýr
9. lærdómur
11. samtök
12. gljái
14. rífa
16. í röð
17. dýrahljóð
18. eldsneyti
20. ólæti
21. frumeind

**LÓÐRÉTT**
1. erfið
3. frá
4. gera óvandlega
5. sólunda
7. afsökun
10. poka
13. tala
15. arða
16. kerald
19. holskrúfa



**LÁRÉTT: 2.** baks, **6.** um, **8.** fló, **9.** nám, **11.** aa, **12.** glans, **14.** slíta, **16.** áb, **17.** urr, **18.** mór, **20.** at, **21.** atóm.
**LÓÐRÉTT: 1.** þung, **3.** af, **4.** klastra, **5.** sóa, **7.** máls-bót, **10.** mal, **13.** níu, **15.** arta, **16.** áma, **19.** ró.

Mickey Adams (2.742) fann mjög óvanalega leið til að knésetja Viktor Laznicka (2.676) á Heimsbikarmótinu í skák í Bakú.



**Hvítur á leik**
**25. Kf2!** (Snjöll leið til að koma hróknum á h-línuna) **25...Hf8** (25...Dc6 dugar ekki vegna 26. Be4 Dc7 27. Bxb7 Dxb7 28. Hh1) **26. Hh1 f5 27. hxg6 hxg6 28. Dh7+ Kf7 29. Hh6** og Tékkinn gafst upp.
**www.skak.is:** Og þá eru eftir 32 í Bakú.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 3 | 7 | | | | 1 | |
| | 8 | 2 | 5 | | | | | 4 |
| 5 | | | 6 | 2 | 3 | 7 | | |
| 4 | | 1 | | | 2 | 5 | 9 | |
| | | | | 3 | 7 | | 6 | 1 |
| 3 | 9 | | | | | | 2 | |
| | | | 2 | 1 | 5 | | | |
| 8 | 4 | 9 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 8 | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | | | | 4 | | 8 | |
| 2 | 3 | 6 | 9 | | | 1 | | 7 |
| | | 4 | | | 3 | | | |
| 4 | | 2 | | | | | 1 | 6 |
| | 9 | | | | | | 5 | |
| | 6 | | 7 | | | 8 | | |
| | | | 2 | 4 | | 3 | | |
| 3 | | | 5 | 6 | | | 7 | |
| 9 | | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | 2 | | |
| 9 | 6 | 8 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | 7 | 9 | 1 | | |
| | | 3 | 2 | | | 5 | | |
| | 1 | 6 | | | 5 | | 7 | |
| | | | 4 | | | | 6 | |
| | | | | 9 | 8 | 6 | | |
| | | | 7 | | 1 | | | |
| | 4 | | | | | | | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 4 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 8 |
| 8 | 2 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 | 4 | 5 |
| 3 | 7 | 5 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 | 6 |
| 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 | 6 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 1 | 4 |
| 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 1 | 3 | 6 | 9 |
| 6 | 5 | 9 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 5 | 6 | 4 | 7 | 9 | 3 | 8 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 9 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 9 | 4 | 8 | 1 | 3 | 5 | 2 | 6 | 7 |
| 3 | 6 | 2 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 9 |
| 5 | 8 | 7 | 9 | 6 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| 4 | 9 | 1 | 5 | 8 | 2 | 3 | 7 | 6 |
| 8 | 3 | 9 | 7 | 2 | 4 | 6 | 1 | 5 |
| 2 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 | 7 | 9 | 3 |
| 7 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 4 | 7 | 8 | 3 | 2 | 5 | 6 | 1 | 9 |
| 5 | 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 9 | 8 | 7 | 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 5 | 1 |
| 6 | 1 | 5 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 2 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 6 | 8 | 1 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 6 | 2 | 4 | 1 | 3 | 9 | 8 |
| 8 | 4 | 1 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 | 6 |






## Myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# AFMÆLIS VEISLA

## FJÖRIÐ HELDUR ÁFRAM • ÓTRÚLEG AFMÆLISVEISLA

### E5-552

1920x1080 FHD ANTI-GLARE SKJÁR MEÐ BLUELIGHT SHIELD!

3 LITIR

**NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA**

Ný kynslóð fartölva með 4ra kjarna Carrizo örgjörva, öflugra þráðlausu neti, enn hraðari SSHD harðdisk og TrueHarmony hljóðkerfi.

- AMD A10-8700P Quad Core 3.2GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 8GB AMD R6 Carrizo DX12 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

KEMUR Í ÞREMUR LITUM

acer

**129.900**

FÆST Í 3 LITUM

### KOSS HEYRNARTÓL — PORTAPRO

HEYRNARTÓLIN SEM FÓLK HEFUR BEÐIÐ EFTIR ERU LENT! FRÁBÆR HEYRNARTÓL MEÐ KRISTALTÆRUM HLJÓMI! HEARING IS BELIEVING!

**FERÐAHEYRNARTÓL**

- Fislétt Ultra-ferðaheyrnartól frá Koss
- Kristaltær 3D hljómur og þéttur bassi
- Oxygen-free copper og 15-25.000 Hz
- Opnir og þægilegir eyrnapúðar
- Stillanlegur þéttleiki á spöng
- Samanbrjótanlegt fyrir fólk á ferðinni
- Fullkomin ferðapoki úr leðri fylgir!

**9.990**

MEÐ MIC OG SVARHNAPP 16.900

### KÜRBISBT

AFMÆLIS TILBOÐ — VERÐ ÁÐUR 29.900

THONET & VANDER

Bluetooth

**2.0 HLJÓÐKERFI**

- 60W RMS og 50Hz - 20kHz tíðnissvið
- Öflug 5.25" Aramid Fiber bassakeila
- Hárnákvæmur 1" tweeter úr silki
- Drone FX tæknin skilar kristaltærum hljóm
- Hammer Bass tækni fyrir meiri bassa
- BT 4.0, Stereo RCA og jack tengi
- Tengist þráðlaust við síma og fleiri tæki

**24.900**

NÝ KYNSLÓÐ - ENN ÖFLUGRI

### YOGA3 PRO

QHD+ IPS FJÖLSNERTISKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI

80HE00JAMT

360° SNÚNINGUR

Lenovo

- Intel Core M-5Y51 2.6GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 13.3" QHD+ IPS fjölsnertiskjár 3200x1800
- Intel HD 5300 DX11 skjákjarni
- AccuType lyklaborð með baklýsingu
- 867Mbps WiFi AC, BT 4.0, USB 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 7 tímar
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

**199.900**

EIN SÚ ALLRA FLOTTASTA!

### MacBook

AFMÆLIS TILBOÐ — VERÐ ÁÐUR 249.900

2015

64GB TYPE-C 19.900

ÞÚ FÆRÐ MACBOOK Á BETRA VERÐI MEÐ ÍSLENSKUM LETUR LÍMMIÐUM — EINN BETRA VERÐ!

**12" RETINA 256GB**

- Intel Core M Dual Core 2.4GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD PCIe Flash - 60% hraðari
- 12.1" IPS Retina 2304x1440 skjár
- 867Mbps WiFi AC, BT 4.0 og USB 3.1
- Li-Polymer rafhlaða allt að 10 tímar
- Apple OS X Yosemite stýrikerfi

**239.900**

MEÐ 512GB AÐEINS 299.900

### J4120DW

AFMÆLIS TILBOÐ — VERÐ ÁÐUR 24.900

Wi-Fi

A3 PRENTAÐU LJÓSMYNDIRNAR Í A3 STÆRÐ

ÞESSI GERIR ALLT NÆSTUM ÞVÍ!

brother at your side

**WIFI A4/A3 FJÖLNOTATÆKI**

Ótrúlegt þráðlaust undratæki frá Brother sem skannar, ljósritar og prentar hágæða ljósmyndir í allt að A3 stærð, rammalaust.

- Hágæða þráðlaust A4 lita fjölnotatæki
- Prentar allt að 18 bls/mín, 16 bls/mín í lit
- 4 hagkvæm hylki, fáanleg allt að 1200 bls
- 6000x1200 dpi prentari og 2400 dpi skanni
- 150 bls A4 bakki og A3 bak-matari
- Duplex sjálfvirk tvíhliða prentun, 6bls/mín
- 4.5cm lita snertiskjár fyrir allar aðgerðir
- Þráðlaust WIFI / Airprint / Cloud Print
- USB 2.0 tengi, PC, MAC og LINUX

**19.900**

HIN FULLKOMNI PRENTARI!

### 7" SPJALDTÖLVA

ACER ICONIA — B1-750 — **19.900**

2 LITIR

### C80 MINNISLYKILL

360° TYPE-C — VERÐ FRÁ **9.990**

ÞRJÁR STÆRÐIR 16GB, 32GB EÐA 64GB

Silicon Power

### 1TB FERÐAFLAKKARI

HV100 — **11.900**

ADATA

### LEIKJASTÓLAR

HÁGÆÐA LEIKJASTÓLAR — ENZO — **34.900**

4 LITIR

Arozzi

17.September 2015 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

2011 - 2014 Framúrskarandi fyrirtæki

acer · Lenovo · hp · KOSS · TOSHIBA · THONET & VANDER · Microsoft · intel Security

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

300 kr. verðlækkun

1.198 kr. ks.

**Prince Polo**
32 stk. í kassa
Verð áður 1.498 kr.

359 kr. stk.

**Toblerone,** 200 g

## NÝ UPPSKERA
### Beint frá Kaliforníu

895 kr. kg

**Vínber,** græn og rauð

## NÝBAKAÐ!

198 kr. pk.

**Poco Loco Tortillakökur**
4 stk. stórar eða 8 stk. litlar

80 kr. verðlækkun

399 kr. stk.

**BÓNUS Scrubstone**
Verð áður 479 kr.

259 kr. stk.

**BÓNUS Heilkornabrauð** 770 g

718 kr. pk.

80 kr. verðlækkun

2250 blöð í pakkanum

**BÓNUS Salernispappír,** 9 rúllur
Verð áður 798 kr.

169 kr. stk.

**BÓNUS Baguette**

NÝBAKAÐ!

259 kr. 4 stk.

**BÓNUS Kringlur**
4 stk. í poka

EURO SHOPPER

298 kr. 450 g

**Euro Shopper Tortilla Chips**
450 g, 2 tegundir

359 kr. 500g.

**Euro Shopper Kaffi,** 500 g

79 kr. 420 g

**Euro Shopper Bakaðar baunir** 420 g

79 kr. 400 g

**Euro Shopper Tómatar**
400 g, 2 tegundir

98 kr. 1 l.

**Euro Shopper Eplasafi,** 1 l
**Trönuberjasafi,** 1 L

VALITOR

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




698 kr. kg

**BÓNUS**
**Grísahakk,** ferskt




1.698 kr. kg

**BÓNUS Ungnautahakk**
Íslenskt - 8-12% fita

## NÝTT ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



298 kr. kg

**Kjarnafæði**
Lambahjörtu og lambalifur
af nýslátruðu, ferskt



ÍSLANDS LAMB

Af nýslátruðu 2015

1.579 kr. kg

**Íslandslamb Lambalæri**
af nýslátruðu, ferskt, sérskorið



ÍSLANDS LAMB

2.098 kr. kg

Af nýslátruðu 2015

**Íslandslamb Lambahryggur,**
hálfur lundapartur, ferskur




1.898 kr. kg

**Kjörfugl**
**Kjúklingabringur**

659 kr. kg



Haust-slátrun 2014

**Kjarnafæði Súpukjöt**
haustslátrun 2014, frosið

## ÓDÝR PIZZUVEISLA




259 kr. 400 g

**Pizzadeig,** 400 g

398 kr. pk.




**BÓNUS Pepperoni,** 153 g

198 kr. pk.




**BÓNUS Samlokuskinka,** 237 g

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



Jón Páll Eyjólfsson leikstjóri og hans fólk frumsýna annað kvöld. Fréttablaðið/Ernir

# Áminning um ábyrgðina sem fylgir því að vera manneskja

**Annað kvöld frumsýnir Leikfélag Akureyrar Býr Íslendingur hér? Jón Páll Eyjólfsson er leikstjóri sýningarinnar sem hann segir eiga óþægilega sterkt samhengi inn í samtímann.**

Annað kvöld frumsýnir Leikfélag Akureyrar leikgerð Þórarins Eyfjörð, Býr Íslendingur hér? En verkið er byggt á samnefndri bók Garðars Sverrissonar og Leifs Muller þar sem segir frá lífshlaupi Leifs sem hélt ungur maður til náms í Noregi. Þegar nasistar hernámu Noreg var Leifur svikinn í hendur Gestapó og sendur í Sachsenhausen sem voru alræmdar þrælkunar- og útrýmingarbúðir nasista.

Leikstjóri sýningarinnar er Jón Páll Eyjólfsson og hann segir að sviðsetningin sé önnur en var upprunalega í leikgerð Þórarins og að þau fari aðeins aðra leið að sögunni. „Við erum með tvo sögumenn sem eru Leifur eldri og yngri, sem Arnar Jónsson og Benedikt Karl Gröndal leika, en þeir hittast á sviðinu og segja okkur þessa sögu. Sýningin er einföld og tær enda er frásögn Leifs hispurslaus og einlæg.

Bakland helfararinnar og órarnir á bak við hana eru okkur þekktir. En þegar maður sviðsetur eitthvað í líkingu við þetta þarf vissulega að stíga varlega til jarðar. Sýningin og frásögn Leifs er náttúrulega í samhengi við umræðu síðustu vikna vegna þeirra barna, fullorðinna og gamalmenna sem eru að drukkna í síki við virki Evrópu.“



Benedikt Karl Gröndal og Arnar Jónsson sem takast á við Leif Muller á yngri og eldri árum í leiksýningunni Býr Íslendingur hér?

**Aðgreiningin lifir enn**

Jón Páll bendir á að sýningin finni óneitanlega ákveðið samtímalegt samhengi þegar farið er að ræða virði lífs eins og er gert í dag. „Þá getum við vísað í dæmin þar sem skólabörnin í Þriðja ríkinu voru látin reikna raunverulegt virði manneskju. Þá var tekið inn í dæmið hvort viðkomandi væri þroskaheftur eða glæpamaður og hvað viðkomandi kostaði samfélagið. Um leið og við erum farin að reikna út virði manneskju út frá hagfræðilegum forsendum erum við stigin inn í heim vinnu- og útrýmingarbúðanna. Gleymum því ekki að þetta voru vinnubúðir sem Leifur var í og þar var búið að reikna út hagnaðinn af hverjum fanga, vinna hans var seld að frádregnum kostnaði við að reka hann og að viðbættum hagnaðinum af því að draga úr honum tennurnar þegar hann var dauður. Það er kannski gróft að segja það en innviðir hins kapítalíska samfélags hafa kannski aldrei birst jafn skýrt og í vinnubúðunum.

Við erum ennþá í útreikningunum og í þeim útreikningum virðist hörundslitur og fæðingarstaður skipta máli. Þarna erum við komin með hugmyndina um hina. Það erum við og svo eru aðrir. Þessir aðrir eru ekki manneskjur heldur reikningsdæmi. Það er grunnurinn í sýningunni. Við megum ekki gleyma ábyrgðinni sem fylgir því að vera manneskja.“

**Ógnin nærð**

Jón Páll segir að í raun sé alltaf verið að selja okkur að það sé einhver ógn ef við látum af þessari aðgreiningu. „Það er alltaf verið að tala við skriðdýrið í okkur og segja við það: Ef fleiri koma hingað þá er minna handa þér. Fleiri flóttamenn þýða þynnri naglasúpu á elliheimilinu en það sem er merkilegt, og ég er hér að vísa í skopmynd Morgunblaðsins, er að það er samt naglasúpa á elliheimilinu en hún er bara þynnri. Hvað gerum við ekki fyrir auka súpuskammt? Hvað gerði fólk ekki í útrýmingarbúðunum fyrir auka súpuskammt? Þeir litu í hina áttina þegar aðrir voru beittir ofbeldi og þegar nasistarnir röðuðu fólki í ofnana og drógu úr því tennurnar. Ég veit að þetta er ansi brjálað en þeim mun meira sem maður er inni í þessum heimi, þeim mun betur áttar maður á sig á því hvar línurnar liggja.“

**ÞAÐ ER ALLTAF VERIÐ AÐ TALA VIÐ SKRIÐDÝRIÐ Í OKKUR OG SEGJA VIÐ ÞAÐ: EF FLEIRI KOMA HINGAÐ ÞÁ ER MINNA HANDA ÞÉR. FLEIRI FLÓTTAMENN ÞÝÐA ÞYNNRI NAGLASÚPU Á ELLIHEIMILINU.**

**Margt óuppgert**

Það er margt sem Íslendingar eigi óuppgert varðandi heimsstyrjöldina og þann tíma í íslenskri sögu, segir Jón Páll. „Hvers vegna tölum við hér til að mynda um blessað stríðið en ræðum ekki um þá flóttamenn sem var vísað frá fyrir stríð. Það voru Þjóðverjar hér sem voru sendir úr landi þegar stríðið braust út. Hvernig þeim gekk að komast aftur heim til Íslands versus það hvernig þeim Íslendingum vegnaði sem hlutu dóma fyrir stríðsglæpi en slíkir einstaklingar fengu ríkisborgararétt hér á landi eftir stríð. Ólafur Pétursson er gott dæmi um þetta. Hann var maður sem framseldi og sveik fólk í Noregi í hendur nasista, þar á meðal líkast til Leif Muller, en þetta fólk endaði í dauðabúðum í Þýskalandi. Ólafur hlaut dóm fyrir þetta í Noregi en var svo framseldur til Íslands að beiðni íslenska ríkisins og Leifur mátti búa við það að mæta þessum manni sem frjálsum manni á götum Reykjavíkur.

Egill Holmboe sem sat í ríkisstjórn Quislings fékk einnig ríkisborgararétt hér og fór síðan að starfa hjá hinu opinbera. Ólafur Pétursson var líka einn af þeim sem áttu þátt í átökunum á Austurvelli 1949 þegar við göngum í NATO en þá fór hann fyrir hvítliðunum og gekk vasklega fram eins og það var orðað. Þegar mál Ólafs var rifjað upp í Þjóðviljanum var farið í mál við blaðið fyrir að birta dómsskjölin frá Noregi en þáverandi utanríkisráðherra, Bjarni Benediktsson, óskaði eftir því að málinu yrði hætt og Ólafur látinn í friði því hann hefði þurft að þola nógu mikið.

Leifar þessarar hugsunar búa enn í íslensku samfélagi og hún gýs upp nú þegar hundruð þúsunda vilja freista þess að ná til lífs á lekum bát. Orðræðan er: Ég vildi að við gætum hjálpað en við getum það bara ekki af því að þá verður minna fyrir okkur hin. Sýningin er áminning um ábyrgðina sem fylgir því að vera manneskja.“

magnus@frettabladid.is


VÉLASÝNING
17. 18. og 19. september frá kl. 10-17
Kaffi á könnunni





Sýndar verða vélar frá Robland og allt það sem við höfum upp á að bjóða í þjónustu við tréiðnaðinn.

Starfsmenn frá Robland verksmiðjunni verða á staðnum.

Röggi ehf.
Smiðshöfða 12, 110 Reykjavík • S: 5868000 • www.roggi.is



TILBOÐ



Upphengt IDO salerni
með hæglokandi setu,
Geberit kassi og spjald.
49.900 kr.
Verð áður 61.798 kr.

Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi
Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
www.tengi.is • tengi@tengi.is
TENGI


GÖNGUSKÓDAGAR
TIL MÁNUDAGS
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GÖNGUSKÓM
20%
Í VERSLUNUM ÚTILÍFS
MFS (Memory Foam) veitir aukin þægindi.
DIGA fix styður vel við hælinn.
Vibram sólar fyrir aukið öryggi.
Sérlega góður ökklastuðningur.
Vatnsvarið vandað Nubuck leður.
Gúmmírönd sem ver yfirleðrið.
MEINDL ISLAND GÖNGUSKÓRNIR HAFA FENGIST Í ÚTILÍF Í ÁRATUGI OG HAFA REYNST AFAR VEL VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR, ENDA NEFNDIR EFTIR ÍSLANDI. ÞEIR ERU, ÁSAMT ÖÐRUM GÖNGUSKÓM, Á 20% AFSLÆTTI TIL MÁNUDAGS.
MEINDL
Shoes For Actives
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# Piers Handling verður meðal gesta á RIFF

**Stjórnendur frá kvikmyndahátíðunum í Cannes, Toronto, Tribeca og Feneyjum eru meðal þeirra sem sækja hátíðina heim en hún hefst þann 24. september næstkomandi.**

Meðal gesta á RIFF, Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, verður Piers Handling, forstjóri Toronto-kvikmyndahátíðarinnar.

„Það er náttúrulega mikil heiður og gaman. Hann er náttúrulega búin að stýra Torontohátíðinni í mörg ár og það verður gaman að fá svona stórlax til landsins. Hann er svona þungavigtarmaður í heimi kvikmyndanna,“ segir Hrönn Marinósdóttir stjórnandi RIFF.

Handling bætist í hóp þeirra Arnauds Gourmelen sem er yfir flokknum Directors Fortnight á kvikmyndahátíðinni í Cannes, Frederiks Boyer, listræns stjórnanda Tribeca-hátíðarinnar en Boyer er formaður dómnefndar í aðalflokk RIFF í ár, og Helgu Stephensen sem er fyrrverandi stjórnandi Toronto International Film Festival og heiðursformaður RIFF en hún hefur sótt hverja RIFF hátíð frá upphafi. Verða því fulltrúar fjögurra af tíu stærstu kvikmyndahátíðum í heimi á RIFF í ár.

Af þessu tilefni hefur verið boðað til umræðna undir yfirskriftinni Að velja á kvikmyndahátíð og tekur Giorgio Cosetti, dagskrárstjóri RIFF og dagskrárstjóri Feneyjadaga á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum, einnig þátt í umræðunum sem fara fram þann fyrsta október í Norræna húsinu og hefjast klukkan 12.00. Rætt verður um hlutverk og áhrif dagskrárstjóra á ferðalag kvikmynda um heiminn og hvaða þættir það eru sem móta það hlutverk.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá verður kanadíski leikstjórinn David Cronenberg heiðursgesur hátíðarinnar í ár og verður maraþonsýning á eldri hrollvekjum hans og einnig mun leikstjórinn sitja fyrir svörum í sérstöku meistaraspjalli. Annar heiðursgestur hátíðarinnar verður þýski leikstjórinn Margarethe Von Trotta og verða myndir hennar The Misplaced World, Rosenstrasse og Marianne and Julianne sýndar.

RIFF hefst þann 24. september næstkomandi og er hægt að kynna sér dagskrá hátíðarinnar nánar inn á Riff.is. Nóg verður um að vera og fjöldi fjölbreyttra viðburða. Í kvöld verður hitað upp fyrir hátíðina með kvikmyndakvissi, eða pub-quiz, á Lofti Hosteli og hefst það klukkan 20.00. gydaloa@frettabladid.is




**ÞAÐ ER NÁTTÚRULEGA MIKIL HEIÐUR OG GAMAN. HANN ER NÁTTÚRULEGA BÚIN AÐ STÝRA TORONTOHÁTÍÐINNI Í MÖRG ÁR OG ÞAÐ VERÐUR GAMAN AÐ FÁ SVONA STÓRLAX TIL LANDSINS. HANN ER SVONA ÞUNGAVIGTARMAÐUR Í HEIMI KVIKMYNDANNA.**

Hrönn Marinósdóttir
stjórnandi RIFF





Þrestir verður heimsfrumsýnd í Toronto og Íslandsfrumsýnd á RIFF.

### KVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í TORONTO

- » Piers Handling hefur starfað sem forstjóri kvikmyndahátíðarinnar í Toronto frá árinu 1994.
- » Kvikmyndahátíðin í Toronto hefur verið haldin frá árinu 1976.
- » Hátíðin fer fram, líkt og nafnið gefur til kynna, í borginni Toronto í Kanada.
- » Í ár stendur hátíðin yfir frá 10. september til 20. september og er því í fullum gangi núna.
- » Sýndar eru yfir 300 kvikmyndir frá 60 löndum.
- » Kvikmyndin Þrestir eftir Rúnar Rúnarsson verður heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni þann 20. september en hún verður Íslandsfrumsýnd á RIFF þann 30. september.
- » Einnig verður heimildarmyndin Sjóndeildarhringur eftir Friðrik Þór Friðriksson og Berg Bernburg, kvikmyndin Hrútar eftir Grím Hákonarson og sjónvarpþættirnir Ófærð sýnd á hátíðinni.

## Frumsýningar



**EVEREST**
Spenna, drama og ævintýramynd
Hlutverk: Jake Gyllenhaal, Josh Brolin, Jason Clarke, Keira Knightley, Robin Wright og Sam Worthington.
Frumsýnd: 18. september
IMDb 7,8/10, Rotten Tomatoes 83%

## Þriðja myndin um Englana hans Kalla?

Þær sögur fljúga nú fjöllum hærra að standi til að nýja Charlie's Angels mynd.

Myndirnar eru byggðar á samnefndum sjónvarpsþáttum sem sýndir voru á árunum 1976 til 1981. Með aðalhlutverk ímyndunum fóru þær Lucy Liu, Cameron Diaz og Drew Barrymore.



Erlendir miðlar segja að viðræður standi yfir um að gera þriðju myndina, en sú síðasta kom út árið 2003 og sögur segja að leikkonan Elizabeth Banks sé orðuð við leikstjórastólinn en hún leikstýrði myndinni Pitch Perfect 2 sem kom út fyrr á árinu.

## Mun Jon Snow snúa aftur?



Kit Harington, sem er best þekktur fyrir hlutverk sitt sem Jon Snow í Game of Thrones gerði aðdáendur sína heldur betur æsta á dögunum.

Harington var í viðtali við tímaritið Humo þar sem hann gaf í skyn mögulega endurkomu sína í þættina. Þættirnir eru byggðir á samnefndum bókum og hafa notið gríðarlegra vinsælda um heim allan en leikarinn hefur farið með eitt af lykilhlutverkunum í þáttunum þar til undir lok síðustu seríu.




# SAMSUNG

# Gæði og glæsileiki

TILBOÐ



**48" eða 55" Samsung 4K** *UltraHD sjónvarp með þráðlausu interneti*

UE**48**JU6415 **kr.189.900.-**
UE**55**JU6415 **kr. 239.900.-**



*RB29FSRNDWW*

***Kælir - frystir***

*178 cm skápur. 192+98 ltr. Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða. Hvítur eða stál.*

**Kr. 109.900,-**



*RB31FERNCSS*

***Kælir - frystir***

*185 cm skápur. 208+98 ltr. Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.*

**Kr. 129.900,-**



*WF70F5E4P4W*

***7 kg þvottavél***

*· Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð*
*· 1400 snúningar*
*· Ecobubble*
*· Demantatromla*
*· Orkunotkun A+++*

**Kr. 89.900,-**



*DV70F5E0HGW*

***7 kg þurrkari***

*· Varmadæla sem sparar orku*
*· Barkalaus*
*· Demantatromla*
*· Rakaskynjari*
*· Orkunotkun A+++*

**Kr. 119.900,-**

TILBOÐ




*43" Samsung SMART sjónvarp með þráðlausu interneti.*

UE**43**J5505AK **kr. 99.900.-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| KNOCK KNOCK | KL. 8 - 10:10 |
| KNOCK KNOCK VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 |
| LOVE & MERCY | KL. 8 |
| SELF/LESS | KL. 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 10:20 |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 10:20 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| LOVE & MERCY | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 |
| ANT-MAN 2D | KL. 10:45 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| KNOCK KNOCK | KL. 5:30 - 8 |
| SELF/LESS | KL. 5:30 - 10:20 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 - 10:30 |
| VACATION | KL. 5:50 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| KNOCK KNOCK | KL. 10:30 |
| LOVE & MERCY | KL. 8 |
| THE TRANSPORTER REFUELED | KL. 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 |
| VACATION | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| KNOCK KNOCK | KL. 8 - 10:10 |
| LOVE & MERCY | KL. 8 |
| MAZE RUNNER: SCORCH TRIALS | KL. 10:30 |










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MAZE RUNNER | 6, 9 |
| NO ESCAPE | 5:45, 8 |
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | 10:15 |
| ABSOLUTELY ANYTHING | 5:30 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

## 17. SEPTEMBER 2015

### Tónlist

**Hvað?** King's Singers
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Skálholtskirkja, Skálholti
Breski karlasextettinn heldur tónleika í Skálholtskirkju. Þeir munu sníða efnisskrá sína eftir hljómburði kirkjunnar og velja viðfangsefni að hluta til á staðnum. Miðaverð er 7.900 krónur.

**Hvað?** Páll Óskar og Monika
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Café Flóran, Laugardal
Á efnisskránni eru ýmis lög sem Palli og Monika hafa spilað undanfarinn áratug auk þekktustu laga Palla í útsetningum fyrir hörpu. Um er að ræða tvenna tónleika og hefjast þeir seinni klukkan 21.30. Miðaverð er 2.900.

**Hvað?** Mozart og Beethoven
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur nokkur af dáðustu verkum Mozarts og Beethovens. Stjórnandi er Matthew Halls og einleikari Robert Levin. Miðaverð frá 2.400 krónum.

**Hvað?** Styrktartónleikar Parkinsonsamtakanna
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a
Tónleikarnir eru haldnir til fjáröflunar fyrir Parkinsonsamtökin á Íslandi. Meðal þeir sem koma fram eru Eyþór Ingi, Magni Ásgeirsson, Valdimar Guðmundsson, Stefanía Svavarsdóttir og sænski tónlistarmaðurinn Amit Paul. Miðaverð er 3.900 krónur.

**Hvað?** 24 Prelúdíur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10
Nýtt verk eftir Nathan Hall í samvinnu við píanóleikarann Rose Lachman. Verkið stendur saman af 24 stuttum þáttum. Einnig verða flutt verk eftir Bach, Scriabin auk frumsaminna verka eftir Nathan Hall. Miðaverð er 1.800 krónur.

**Hvað?** Hamingjan og Úlfurinn, Jónas Sig og Héðinn Unnsteinsson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn tónlistarhús, Hamraborg 6
Tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson ræðir um og leikur tónlist sína og Héðinn Unnsteinsson, höfundur skáldsögunnar Vertu úlfur gerir lífsorðunum 14 skil og fjallar um lífsreynslu sína og hamskipti. Miðaverð er 3.900 krónur.

**Hvað?** Þórdís Gerður og Sunna Friðjónsdóttir í Akranesvita
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Akranesviti
Sellóleikarinn Þórdís Gerður Jónsdóttir og flautuleikarinn Sunna Friðjónsdóttir flytja spunadrifið tónverk innblásið af hljómburði Akranesvita eftir Ástbjörgu Jónsdóttur. Fólki er bent á að mæta vel klætt þar sem kalt getur verið í vitanum.

**Hvað?** Ragga Gröndal & Guðmundur Pétursson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Tónlistarhjónin heimsækja Mengi á ný og flytja eigin tónlist í bland við klassíska standarda úr smiðju Dukes Ellington og Scotts Walker. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Jam Session
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu 22



Hugleikur Dagsson verður með uppistand á Café Rósenberg í kvöld.

**Hvað?** Dj Atli Kanill
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** BarAnanas, Klapparstíg 28

**Hvað?** Dj Styrmir Dansson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Boston, Laugavegi 28B

**Hvað?** Dja ThaDarkStranger
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó, Laugavegi 22

**Hvað?** Glacier Mafia Showcase
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti 12

**Hvað?** Ingó Veðurguð
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Austur, Austurstræti 7

### Pub-Quiz

**Hvað?** RIFF Film Pub Quiz: Star Wars
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft Hostel, Bankastræti 7
Þema pöbbkvissins er Star Wars en einnig verður spurt almennt út í kvikmyndir. Spurningahöfundar eru Anna Ásthildur Thorsteinsson og Björn Teitsson.

### Sýningar

**Hvað?** Frami
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12
Sviðsverk Björns Leós Brynjarssonar sem fjallar um þrá listamanns eftir velgengni í nútímanum og baráttu hans við eigin fantasíur og þráhyggjur. Miðaverð er 2.900 krónur.

### Uppistand

**Hvað?** Þroskastríðið
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rósenberg, Klapparstíg 25-27
Uppistand Hugleiks Dagssonar sem vinnur gegn eigin vanþroska með því að ræða mikilvæg málefni á borð við rasisma, Tinder og glútenóþol. Snjólaug Lúðvíksdóttir hitar upp. Miðaverð 1.000 krónur.

**Hvað?** Iceland Comedy Festival
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11, Hverfisgötu 18
Töfrakvöld Comedy Klúbbsins. Jón Víðis, Einar Einstaki, Gunnar Kr. Sigurjónsson og Pétur Þorsteinsson sýna listir sínar ásamt Gunnari Hrafni Jónssyni grínista. Miðaverð 1.500 krónur.



**Ragnheiður Gröndal tekur lagið á styrktartónleikum Parkinsonsamtakanna og heldur tónleika í Mengi síðar í kvöld.** Fréttablaðið/Vilhelm

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Kyngervi og kynhneigð í Búlgaríu eftir fall Sovétríkjanna
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fyrirlestrasalur Þjóðminjasafns Íslands
Búlgarski félagsfræðingurinn Shaban Darakchi flytur fyrirlesturinn, sem er hinn fyrsti á hádegisfyrirlestraröð RIKK. Fyrirlesturinn er fluttur á ensku, er öllum opinn og aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Eiríks saga víðförla í miðaldahandritum
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Askja, Sturlugötu 7
Kolbrún Haraldsdóttir, handritafræðingur og fræðimaður við háskólann í Erlangen, flytur fyrirlesturinn sem fer fram í stofu 132. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**EKKI MISSA AF**

**RIFF kvikmyndakvissi á Lofti Hosteli, Bankastræti 7 kl. 20.00 Spurt út í Star Wars og almennt um kvikmyndir.**

### Leiðsögn

**Hvað?** Leiðsögn um sýninguna Rýmisþræði
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Ketilhús, Listasafnið á Akureyri
Leiðsögn um sýningu Ragnheiðar Bjarkar Þórsdóttur, Rýmisþræðir. Ragnheiður og Hlynur Hallsson, safnstjóri safnsins, taka á móti gestum. Aðgangur er ókeypis.


KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
JASON CLARKE
JOSH BROLIN
JOHN HAWKES
ROBIN WRIGHT
EMILY WATSON
KEIRA KNIGHTLEY
SAM WORTHINGTON
AND JAKE GYLLENHAAL
EVEREST
BYGGÐ Á ÓTRÚLEGRI SANNRI SÖGU
FORSALA HAFIN Á midi.is, eMiði OG SAMbio.is
FRUMSÝND Á MORGUN
LAUGARÁS BÍÓ
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN
BORGARBÍÓ

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur




**2 | 21:55**
**LUCAN**
Fyrri hluti spennandi breskrar framhaldsmyndar sem byggð er á sönnum atburðum um lávarðinn Lucan sem lifði hátt en hvarf á dularfullan hátt árið 1974 eftir að hann var ákærður fyrir morð.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

**2 | 19:50**
**MATARGLEÐI EVU**
Það er klassískt þema hjá Evu Laufeyju. Létt og gott ítalskt salat, spaghetti Bolognese með hvítlauksbrauði og eplakakan hennar ömmu.



**2 | 20:20**
**MASTERCHEF USA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast um hylli dómnefndarinnar.



**2 | 21:05**
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**3 | 22:00**
**WITCHES OF EAST END**
Dulmagnaðir þættir um tvær systur sem lifað hafa eðlilegu lífi þar til móðir þeirra upplýsir systurnar um að þær séu í rauninni máttugar nornir.



**G | 20:10**
**BROADCHURCH**
Magnþrunginn spennuþáttur sem fjallar um rannsókn á láti ungs drengs sem finnst í fjörunni í litlum smábæ.




**Krakkastöðin | 19:00**
**HAPPILY N'EVER AFTER**
Vonda stjúpan hennar Öskubusku nær völdum í Ævintýralandi og fær til liðs við sig tröll og nornir.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.40** iCarly
**08.05** The Middle
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Jamie's 30 Minute Meals
**11.25** Heilsugengið
**11.45** Á fullu gazi
**12.05** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**13.00** Austin Powers. The Spy Who Shagged Me
**14.35** Ocean's Eleven
**16.30** Ninja-skjaldbökurnar
**16.55** iCarly
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** The Simpsons
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag.
**19.25** Fóstbræður Fóstbræður eru mættir aftur til leiks. Leikstjóri er Ragnar Bragason.
**19.50** Matargleði Evu Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Eva kennir á horfendum að töfra réttina fram á skemmtilegan hátt.
**20.20** Masterchef USA
**21.05** NCIS
**21.50** Lucan
**23.00** Death Row Stories
**23.45** Rizzoli & Isles
**00.30** The Third Eye
**01.15** X Company
**02.00** 2 Days in New York
**03.35** Riddick
**05.30** Fréttir og Ísland í dag



Masterchef USA, 20.20

## SPORT

**07.30** Meistaradeildin
**08.00** Meistaradeildin
**08.30** Meistaradeildin
**09.00** Olympiakos - Bayern Munchen
**10.45** GNK Dinamo - Arsenal
**12.30** Þróttur R. - Haukar
**14.10** Ítölsku mörkin 2015/2016
**14.40** Chelsea - Maccabi Tel-Aviv
**16.25** Meistaradeildin
**16.55** Bordeaux - Liverpool Bein útsending
**19.00** Tottenham - Qarabag Bein útsending
**21.05** FH - ÍBV
**23.00** St. Etienne - Rosenborg
**00.40** Roma - Barcelona

## SPORT 2

**10.00** Reading - Ipswich
**11.45** Pepsimörkin 2015
**13.20** Crystal Palace - Man. City
**15.05** Football League Show 2015/16
**15.35** WBA - Southampton .
**17.20** Premier League Review 2015
**18.15** West Ham - Newcastle
**20.00** Premier League World 2014/
**20.30** Messan
**21.55** Arsenal - Stoke
**23.40** 1001 Goals
**00.35** Premier League World 2014/

## GOLFSTÖÐIN

**08.25** PGA Championship 2015
**13.55** Golfing World 2015
**14.45** European Tour 2015
**17.45** 2014 FedExCup Playoffs Official
**18.35** Inside The PGA Tour 2015
**19.00** PGA Tour 2015
**23.00** Inside The PGA Tour 2015
**23.25** This is the Presidents Cup

## STÖÐ 3

**18.40** Glee
**19.25** Last Man Standing
**19.45** Cristela
**20.10** Sirens
**20.35** Witches of East End
**21.20** Supernatural Áttunda þáttaröðin af yfirnáttúrlegu spennuþáttunum um Winchester-bræðurna sem halda ótrauðir áfram baráttu sinni við yfirnáttúrulegar furðuskepnur. Englar og djöflar eru hluti af daglegu lífi bræðranna og í fjórðu þáttaröðinni þurfa þeir einnig að gera upp nokkur mál sín á milli.
**22.00** Grimm
**22.45** In the Flesh
**23.40** Cristela
**00.05** Sirens
**00.25** Witches of East End
**01.10** Supernatural
**01.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN



Dóra könnuður, 08.00

**07.00** Kalli á þakinu
**07.25** Latibær
**07.47** Stóri og Litli
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Doddi litli og Eyrnastór
**08.55** Hókus Pókus
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Tom and Jerry
**09.55** UKI
**10.00** Brunabílarnir
**10.22** Lukku láki
**10.47** Elías
**11.00** Kalli á þakinu
**11.25** Latibær
**11.49** Stóri og Litli
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Doddi litli og Eyrnastór
**12.55** Hókus Pókus
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.45** Tom and Jerry
**13.55** UKI
**14.00** Brunabílarnir
**14.22** Lukku láki
**14.47** Elías
**15.00** Kalli á þakinu
**15.25** Latibær
**15.49** Stóri og Litli
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Doddi litli og Eyrnastór
**16.55** Hókus Pókus
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.45** Tom and Jerry
**17.55** UKI
**18.00** Brunabílarnir
**18.22** Lukku láki
**18.47** Elías
**19.00** Happily N'Ever

## GULLSTÖÐIN

**16.25** Strákarnir
**16.55** Friends
**17.20** The New Girl
**17.45** Modern Family
**18.05** How I Met Your Mother
**18.30** Ally McBeal
**19.20** Cold Feet
**20.10** Broadchurch
**21.00** Grey's Anatomy
**21.45** The Sopranos
**22.30** It's Always Sunny in Philadelp
**22.50** Footballers' Wives
**00.00** Ally McBeal
**00.45** Cold Feet
**01.35** Broadchurch
**02.25** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.10** Journey to the Center of the Earth
**12.45** The Armstrong Lie
**14.50** Percy Jackson Sea of Monsters Spennandi ævintýramynd frá 2013 um táninginn Percy Jackson og vini hans. Í fyrstu myndinni komst Percy að því að hann er sonur sjávarguðsins Póseidons og þurfti að bjarga heiminum frá tortímingu. Núna halda vinirnir til skrímslahafsins og freista þess að finna hið gullna töfrateppi sem ógnvænlegur sjávardreki gætir. Þar með hefst ótrúleg ævintýraferð. Aðalhlutverkin leika Logan Lerman, Alexandra Daddario og Brandon T. Jackson.
**16.35** Journey to the Center of the Earth
**18.10** The Armstrong Lie
**20.15** Percy Jackson Sea of Monsters
**22.00** Insidious. Chapter 2 Spennutryllir frá 2013 sem fær hárin til að rísa. Lambert-fjölskyldan reynir komast að því hvers vegna illir andar ásækja hana. Aðalhlutverkin leika Patrick Wilson, Rose Byrne, Barbara Hershey og Ty Simpkins.
**23.45** The Details
**01.25** Europa Report
**02.55** Insidious. Chapter 2

## RÚV

**16.40** Tónahlaup
**17.20** Stundin okkar
**17.45** Kungfú Panda
**18.08** Sveppir
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Drengjaskólinn
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Toppstöðin
**21.05** Scott og Bailey
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** EM stofa
**22.35** Glæpahneigð
**23.15** Poldark
**00.15** Kastljós
**00.55** Fréttir
**01.10** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.05** The Biggest Loser
**09.46** The Biggest Loser
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Cheers
**13.13** Dr. Phil
**13.56** Odd Mom Out
**14.18** America's Next Top Model
**15.03** Survivor
**16.37** Parks & Recreation
**17.01** Playing House
**17.23** Men at Work
**17.46** Dr. Phil
**18.28** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**19.11** The Late Late Show with James Corden
**19.50** The Royal Family
**20.15** Royal Pains
**21.00** Agents of S.H.I.E.L.D.
**21.45** Extant
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Scandal
**00.30** Law & Order. Special Victims Unit
**01.20** Secrets and Lies
**02.05** Hannibal
**02.50** Agents of S.H.I.E.L.D.
**03.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.15** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

VERÐHRUN!

# RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18 • MÖRKINNI 1

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

## MIKIÐ ÚRVAL BÓKA Á 99 KR.




MATREIÐSLUBÆKUR:
ALDREI MEIRA ÚRVAL OG ALDREI BETRA VERÐ!

## ALDREI MEIRA ÚRVAL AF BARNABÓKUM!



BÓKAPAKKAR Á FRÁBÆRU VERÐI | OG NÚ ENN LÆGRA VERÐ!

## ALLIR SEM VERSLA FÁ FRÍA BÓK!



HÓLF
& GÓLF

18. SEPTEMBER

BYKO BREIDDINNI

VERT

# Já, jólin eru handan við hornið



**Auglýsingar um jólatónleika og jólahlaðborð dynja nú á Íslendingum, og það í miðjum september. Jólavertíðin byrjar sífellt fyrr og styttist í að hægt verði að kaupa hangikjöt í IKEA. Lífið ræddi við listamenn sem hafa tekið upp jólaplötur snemma á árinu og komst að því hvenær nákvæmlega jólin koma til landsins. Einn tónlistarmaður segir frá því að ræða Katrínar Jakobsdóttur hafi veitt honum innblástur að nýju jólalagi.**

Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatli@frettabladid.is





Undanfarin ár hefur jólavertíðin orðið sífellt lengri hér á landi. Í vikunni mátti heyra fyrstu auglýsingarnar um jólatónleika ársins og er fjöldi fólks á leið í jólaferðir til útlanda, enda innan við hundrað dagar til jóla. Auglýsingar sem tengjast jólunum virðast fara í taugarnar á einhverjum, ef marka má viðbrögð á samfélagsmiðlum; sumum finnst verið að lengja jólin um of. En auðvitað eru aðrir sem eru hlynntir þessari þróun og vilja jólin sem fyrst.

**Styttist í hangikjötið**

Þeir sem vilja taka jólin snemma geta bráðlega gætt sér á hangikjöti í veitingastað IKEA. „Jólin hefjast 15. október hjá okkur," segir Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, og heldur áfram: „Við erum löngu búin að plana jólin og alla uppsetninguna. Margar jólavörur eru komnar í hús og aðrar eru á leiðinni."

IKEA hefur undanfarin ár verið einna fyrst með jólin hér á landi. „Þetta er bara stemning. Við erum með massífa dagskrá, bakstur í búðinni og mikla gleði. Til dæmis geta börn, og aðrir sem vilja, fengið mynd af sér með jólasveinunum. Það byrjar eftir sex vikur. Svo höldum við líka upp á Thanksgiving á veitingastaðnum okkar með kalkúni, sem er ótrúlega vinsælt." Þórarinn segir að enginn í IKEA fái nóg af jólunum, þrátt fyrir að þau byrji svona snemma í búðinni. „Nei, þetta er svo gaman. Er hægt að fá leiða á jólunum?"

**Vilja ekki byrja of snemma**

Eins og maður lærði á unga aldri er fólk ólíkt og með ólíkar áherslur. Sama á greinilega við um verslanir og verslunarmiðstöðvar. Jólin koma á mismunandi tíma í verslunarmiðstöðvar landsins. Hluti af jólaundirbúningi margra er að fara í Kringluna á aðventunni. Þar á bæ er þess gætt að byrja ekki of snemma, segir Baldvina Snælaugsdóttir, markaðsstjóri Kringlunnar. „Við byrjum yfirleitt í kringum aðventuna, kannski eitthvað aðeins fyrr. Við viljum ekki byrja of snemma og leggjum áherslu á að hafa bara dásamlegan desember. Það er hægur uppgangur hjá okkur í skreytingunum og svo fer allt á fullt eftir að við kveikjum á jólatrénu okkar á fyrsta sunnudegi aðventu."



Baldvina segir að mikið sé lagt upp úr því að fólk njóti þess að vera í Kringlunni fyrir jólin. „Við viljum að það sé eftirsóknarvert að koma til okkar og við vitum að það er stór hluti jólaundirbúnings margra að versla í Kringlunni. Við finnum líka fyrir því hvað margir njóta þess að taka þátt í pakkasöfnuninni okkar. Margar fjölskyldur kaupa alltaf eina aukagjöf sem fer til Mæðrastyrksnefndar. Það er nánast bara eins og að kaupa hangikjötið." Sem sagt, í Kringlunni er keppst við að byrja ekki of snemma, þó að kaupmenn sjálfir skreyti sínar búðir að vild.

**Nóvember lykilmánuður**

Í Smáralind er byrjað að skreyta í nóvember og segir Guðrún Margrét Örnólfsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar, að það sé mikil vinna að skreyta stærstu verslunarmiðstöð landsins. „Okkur finnst mikilvægt að skreyta þetta fallega hús og hafa það hátíðlegt. Þetta er auðvitað margra vikna vinna, en er algjörlega þess virði. Byrjað er að skreyta húsið snemma í nóvember og það er komin endanleg mynd á það í seinni hluta mánaðarins."

Eins og í Kringlunni hafa kaupmennirnir sinn eigin hátt á skreytingum verslana sinna. Guðrún segir að mikil stemning verði í Smáralind í aðdraganda jólanna. „Við erum með reglulegar uppákomur alla aðventuna. Hvort sem er fyrir börn eða fullorðna. Þetta eru mishátíðlegar uppákomur, en það verður mikið líf hjá okkur fyrir jólin."

**Beðið eftir jólatónleikum**

Í Markaðnum, sem fylgdi Fréttablaðinu í gær, kemur fram að miðar á alla sex jólatónleika Baggalúts hafi selst upp á klukkustund. Gert er ráð fyrir að tónleikum sveitarinnar verði fjölgað talsvert, en í fyrra hélt hún þrettán tónleika og verður svipað upp á teningnum í ár, að sögn Garðars Þorsteins Guðgeirssonar, stjórnarformanns Baggalúts.



Ef marka má auglýsingar geta jólabörn landsins valið úr fjölda tónleika. Ein reyndasta stjarna íslensku jólanna, Helga Möller söngkona, segist skilja vel að auglýsendur séu farnir að auglýsa fyrr. „Framboðið er orðið alveg ótrúlega mikið," segir hún en bætir við: „Margir fá sig fullsadda af auglýsingum vissra tónleika og það getur haft öfug áhrif. Þess vegna er oft gott að bíða aðeins og koma með eitthvað nýtt og ferskt inn á markaðinn."

Helga er sjálf að syngja á mörgum minni jólatónleikum í ár, auk jólahlaðborða og jólaballa. Hún kemur einnig fram á jólatónleikum Norðurljósa í Hofi á Akureyri.

**Jólin að sumri til**

Tónlistarmenn sem gefa út jólatónlist þurfa að geta sett sig í jólagírinn á hinum ótrúlegustu tímum. Friðrik Ómar söngvari gefur út jólaplötu fyrir þessi jól og hefur verið að vinna í plötunni á árinu.

„Það hefur ekki verið mikið mál að setja sig í gírinn. Veðrið er búið að vera svo leiðinlegt," segir söngvarinn hlæjandi og heldur áfram: „Nei, auðvitað er þetta alltaf svolítið spes. Maður tengir lögin við stundir sem maður á um jólin og það getur verið skrítið að taka þau upp að sumri til. En það er annaðhvort þetta eða að taka plöturnar upp með árs fyrirvara."

Friðrik segir hina ótrúlegustu hluti veita honum innblástur við að semja jólalög. Til dæmis ræða Katrínar Jakobsdóttur í eldhúsdagsumræðunum á þingi, fyrr í mánuðinum. „Ræðan hennar Kötu var svo frábær. Þegar ég heyrði ræðuna fór ég að semja. Lagið heitir Leiðin liggur heim og ég er ótrúlega ánægður með það."

**Byrjar að skreyta á aðventunni**

Ljóst er að jólin eru handan við hornið. Búast má við fleiri auglýsingum um jólatónleika, jólahlaðborð og allt sem tilheyrir jólaundirbúningnum. Jólaskraut fer bráðum að sjást í verslunum landsins, hvort sem fólki líkar betur eða verr.

Segja má að jólastjarnan Helga Möller taki Kringluna á þetta, því hún byrjar að skreyta á fyrsta sunnudegi í aðventu. „Ég fæ aldrei nóg af jólunum en þau hafa vissulega breyst með árunum. Í dag er ég ekki að þrífa upp um alla veggi og smákökubakstur er nánast horfinn úr mínu jólahaldi. Aðalástæðan er sú að fólkið mitt er ekkert mikið fyrir þetta og flestar lenda þær á rassinum á mér. Eins skreyti ég ekki eins mikið lengur. Jólin hjá mér hafa líka lengi snúist um að syngja jólin inn í hjörtu fólks og það er mín besta jólaupplifun."



Fréttablaðið/Vilhelm

# DEBENHAMS

## 20% AFSLÁTTUR

af BIOEFFECT EGF SERUM 15 ml




Dagana 17.-23. september




Kaupauki ef keyptar eru BIOEFFECT húðvörur fyrir 7.900 kr eða meira. *

* á meðan birgðir endast

www.bioeffect.is

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Man ekki eftir að hafa sungið með Jessie J í Höllinni






**Yrsa Ír Scheving** tróð óvænt upp með þessari heimsþekktu poppprinsessu á tónleikum á þriðjudag. Hún segist sjálf mest hissa á þessu, þar sem hún þori allajafna ekki að syngja fyrir annað fólk.

Ég man eiginlega ekkert eftir þessu, ég var bara svífandi um á einhverju skýi,“ segir Yrsa Ír Scheving sem varð heimsfræg á Íslandi í kjölfar tónleika Jessie J sem fram fóru í Laugardalshöll á þriðjudag, þar sem söngkonan heimsfræga bauð Yrsu að syngja með sér vinsælt lag.

Það hnussar í Yrsu þegar hún er spurð hvort atriðið hafi verið fyrirfram planað. „Þetta var reyndar mjög





Jessie J var ansi dugleg að ræða beint við áhorfendurna, sem fannst það ekki leiðinlegt.

Fréttablaðið/Anton Brink

fyndið, þarna var ég bara í ham. Þegar hún spurði salinn hvort einhver hefði verið áður á tónleikum, sagði ég já, án þess að hafa verið á tónleikum áður. Hún spurði mig þá hvar ég hefði séð hana og ég gat þá ekki sagt annað en á YouTube,“ útskýrir Yrsa og skellir upp úr. Í framhaldinu fékk hún míkrófóninn í hendurnar og hóf upp raust sína. „Jessie bara hætti að syngja, settist niður og horfði á mig á meðan ég söng. Þetta var sturlað.“

Yrsa segist ekki skilja hvað hafi gerst, hún hafi verið stjörf af stressi, en ekki var það að heyra á henni á myndbandi sem einn tónleikagesta tók upp og deildi á netinu. Ekki leið á löngu þar til það hafði farið um eins og eldur í sinu. „Ég syng ekki opinberlega, ég hef ekki þorað það, svo ég get eiginlega ekki útskýrt hvað gerðist þarna,“ segir Yrsa sem elskar að syngja, og syngur alla daga, endalaust.

„Ég elska Beyoncé, hún er mín hetja og ég syng mikið lögin hennar,“ bendir Yrsa á, en segist hlusta mikið á Jessie J. „Hún er með svo magnaða rödd, tæknin er svo rosaleg hjá henni, og ég hef notað hana mikið til að æfa mig,“ segir þessi rísandi stjarna, og skýtur að: „Ég vona bara að þetta verði upphafið að einhverju ævintýralegu.“ **gudrun@frettabladid.is**




BARÁTTAN GEGN KRABBAMEINI

BLÁA FJÖÐRIN

# Fjöður sem vegur þungt

**Kauptu Bláu fjöðrina – til stuðnings rannsóknum á bættri greiningu krabbameins.**

**Blái naglinn og Landsspítalinn**

Landssöfnunin **Fjöður sem vegur þungt** er samstarfsverkefni Bláa naglans og Erfða- og sameindalæknisfræðideildar Landspítalans til að byggja upp fullnægjandi aðstöðu til rannsókna á kjarnsýrum í líkamsvökva.

**Mælingar á kjarnsýrum**

Kjarnsýrur, bæði DNA og RNA, losna frá líffærum út í líkamsvökva. Magn kjarnsýranna og gerð þeirra endurspeglar heilsu einstaklingsins. Vonir eru bundnar við að nota megi mælingar á kjarnsýrum í blóði og þvagi til að skima fyrir margvíslegum sjúkdómum, til sjúkdómsgreininga og til að fylgja eftir meðferð. Vonir standa til að mögulegt verði að nota þessi próf í rannsóknaskyni til að berjast gegn krabbameini. Vitað er að stökkbreytingar í erfðaefni meinsins valda sjúkdómum og þessar stökkbreytingar eru einmitt greinanlegar í líkamsvökvum.

*Með kaupum á Bláu fjöðrinni leggurðu þitt af mörkum til stuðnings rannsóknum á bættri greiningu krabbameins. Afrakstur landssöfnunarinnar verður notaður til kaupa á tækjum sem bæta greiningu krabbameins.*

BLÁI NAGLINN

# Einelti er ógeð

## Leggðu þitt af mörkum!

Einelti rænir mörg börn og unglinga gleðinni sem þau ættu að njóta. **Á allra vörum** styrkir Erindi og uppbyggingu samskiptaseturs fyrir ungmenni sem glíma við einelti.

**Með því að kaupa Á allra vörum-varasettið leggur þú þessu brýna málefni lið.**

Varasettið fæst á yfir 150 sölustöðum um land allt. Nánar um sölustaði, átakið og starfsemi Erindis á **aallravorum.is**, **erindi.is** og **facebook.com/aallravorum.is**

**#eineltieroged**







**Magnús og fjölskylda eru algjörar leikhúsrottur eins og hann kýs að kalla það. Hann telur leikhúslíf á Íslandi ekki vera síðra en á Broadway í New York.** Mynd/GVA

# Eyðir hundruðum þúsunda í leikhús á ári

Magnús Skarphéðinsson kaupir 70 leikhúskort í Borgar- og Þjóðleikhúsið hvort um sig á hverju ári. Stór hluti kortanna fer til tilraunahóps Sálarrannsóknafélagsins en fjölskyldan notar nærri helminginn.

Ætli við förum ekki í leikhús nánast hverja helgi á veturna," segir Magnús Skarphéðinsson sem var að festa kaup á 50 leikhúskortum í Borgarleikhúsið en býst við að þurfa að kaupa 20 í viðbót. Hann ætlar líka að kaupa 70 stykki hjá Þjóðleikhúsinu en hvert kort gildir á fjórar sýningar. Meirihluti kortanna er notaður fyrir Sálarrannsóknarfélagið þar sem tilraunahópar fara ásamt fjölskyldum. Magnús ásamt manni sínum og tveimur dætrum notar þó nærri helming miðanna en þau eru algjörar leikhúsrottur eins og Magnús orðar það.

„Við höfum gert þetta í fjórtán ár. Þetta er það eina sem við leyfum okkur en við lifum ekki dýrt. Heildarútgjöldin fyrir árskortin eru um 1,5 milljónir en helmingurinn af því er fyrir tilraunahópana. Svo erum við líka duglegir að bjóða vinum dætra okkar en ég er í raun að endurgreiða Guðna Walter sem er nú látinn en hann fór alltaf með okkur systkinin í þrjúbíó í mörg ár og það er ógleymanlegt," segir Magnús en hann segist vera spenntur fyrir komandi leikári.

„Eins og margt er í ólagi á þessu landi, efnahagurinn, fiskveiðimálin, og skólamál, þá er leikhúslífið ákaflega vandað , flott og vel gert. Ég hef farið á þó nokkrar sýningar erlendis, meðal annars á Broadway í New York, en íslensku sýningarnar eru alls ekkert síðri og það er eitthvað sem landinn má vera stoltur af. Við erum heppin með leikara og leikhús."

Magnús og fjölskylda eru orðin heimakær í leikhúsunum enda leikarar, starfsfólk og aðrir fastagestir farnir að þekkja til þeirra. „Bestu sætin að mínu mati eru niðri í hornunum enda best að vera við ganginn. Þau sæti eru ekkert voðalega vinsæl en þau eru mjög góð. Sumir leikararnir eru byrjaðir að þekkja okkur og hafa stundum vinkað okkur. Það er mikilvægt að mæta úthvíldur og í góðu formi í leikhús og vera búinn að borða hollan mat áður til þess að minnka nammiátið," segir Magnús en hann hefur verið að slá í gegn hjá starfsfólki Borgarleikhússins með því að mæta með pönnukökur fyrir móttökufólkið og leikara.



Dætur Magnúsar fara ekki einungis á barnaleikrit heldur fá þær einnig að upplifa alvarlegri og dramatísk verk. „Þetta er svo þroskandi og gott fyrir börn. Það er algjör misskilningur að alvarleg verk séu ekki góð fyrir börn en það er mikil speglun þjóðfélagsins í þeim og gagnrýni. Við erum reyndar búin að fara fjórum sinnum á Billy Elliot en það er eitt besta leikverk ársins."

Eftir að hafa stundað leikhúsin í fjölmörg ár þá hefur Magnús góða yfirsýn yfir leikhúslífið á Íslandi seinustu ár. „Það leikrit sem hafði einna mest áhrif á mig var Stalín er ekki hér eftir Véstein Lúðvíksson sem var sýnt í Þjóðleikhúsinu fyrir 30 árum. Eitt fallegasta verk sem ég hef séð var Mary Poppins í Borgarleikhúsinu hér um árið. Ég fílaði líka Karítas í tætlur en ég fór fimm sinnum á það og það voru allir í fjölskyldunni að verða þreyttir á mér. Að fara á Karítas fyrir mér var eins og að lesa fallegt ljóð og hvenær verður maður leiður á fallegu ljóði?" **gunnhildur@frettabladid.is**

> **ÞAÐ LEIKRIT SEM HAFÐI EINNA MEST ÁHRIF Á MIG VAR STALÍN ER EKKI HÉR EFTIR VÉSTEIN LÚÐVÍKSSON SEM VAR SÝNT Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU FYRIR 30 ÁRUM. EITT FALLEGASTA VERK SEM ÉG HEF SÉÐ VAR MARY POPPINS Í BORGARLEIKHÚSINU HÉR UM ÁRIÐ.**
>
> Magnús Skarphéðinsson

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjalti Egilsson *hjalti@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir *geira@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



# Komdu og veldu þér sæti

## Regina
3ja sæta sófi og stóll

Fallegur og vandaður sófi og stóll í klassískum stíl. Dökk- og ljósgrátt áklæði og viðarfætur. Stærð sófa: 200 x 80 H: 82 cm.

**Ótrúlegt Dormaverð**
Sófi aðeins **69.900 kr.**

**Ótrúlegt Dormaverð.**
Stóll aðeins **39.900 kr.**



MEIRA Á
**dorma.is**

## Jackpot
tungusófi




Slitsterkt áklæði, grátt eða antrasite. Hægri og vinstri tunga.

**Fullt verð: 119.900**

Aðeins **89.900 kr.**



KLASSÍSK
**hönnun**

## Boogie
3ja sæta sófi

Slitsterkt áklæði í mörgum litum.
Hægri og vinstri tunga. Stærð: 186 x 77 cm, H: 85 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **79.900 kr.**



ÁTTU VON Á
**gestum?**

## Ruben
svefnsófi með tungu

Grátt slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga. Rúmfatageymsla í tungu. Stærð: 240/160 x 90 cm H: 85 cm. Svefnsvæði: 140x195 cm.

**Fullt verð: 139.900 kr.**

Aðeins **99.900 kr.**



## MONTARIO
svefnsófi



Svefnsvæði: 140x200 cm.

Rúmfatageymsla og vandað, slitsterkt áklæði. Stærð sófa: 158x90 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **79.900 kr.**

**Afgreiðslutími**
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
**www.dorma.is**

**Holtagörðum**
512 6800
**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
Pósturdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Atla Fannars Bjarkasonar



# Virkur í búðarferð

Ég er staddur í matvöruverslun um hábjartan dag. Það er ekkert sérstaklega hlýtt úti en sólin skín. Það er því nokkuð létt yfir fólkinu sem ýtir innkaupakerrunum á undan sér og kaupir mjólk, brauð, egg og aðrar nauðsynjar.

Sjálfur á ég alltaf jafn erfitt með að hemja mig þegar ég geng fram hjá kexhillunum. Kex er eflaust einn stærsti veikleiki minn. Mér finnst fátt betra en amerískar súkkulaðibitakökur og ísköld mjólk. Það er samt ekki hægt að fylla körfuna af kexi og ég er því yfirleitt fljótur að forða mér áður en transfitan dregur mig á tálar. Við hliðina á mér er kona að setja fíkjukex ofan í körfuna sína. „Djöfull ertu með ógeðslegan smekk,“ segi ég við konuna og geng í burtu.

Röðin við kassann er í meðallagi löng. Snjallsíminn hefur útrýmt biðinni og það skiptir mig því harla litlu máli hversu langar raðir eru í dag. Það er alltaf hægt að svara tölvupóstum, kíkja á Facebook, renna í gegnum Instagram og skoða Twitter. Maðurinn fyrir framan mig er að glugga í Séð og heyrt. Égríf af honum blaðið, bendi á forsíðufyrirsögn og spyr: „Er þetta frétt??“ Hann á engin svör við hárbeittu skopskyni mínu.

Skyndilega finn ég nístandi sársauka í hægri löppinni og ég lít upp frá símanum. Maður á miðjum aldri hafði óvart ekið innkaupakerrunni á mig, án þess að taka eftir því. „Þú ert nú meiri andskotans fávitinn,“ segi ég við manninn, enda hefði hann átt að passa sig betur. Hann er hissa en segir ekki neitt. „Það er nú kominn tími til að þú takir höfuðið út úr rassgatinu á þér,“ öskra ég á hann þannig að fólkið í næstu röð heyrir til mín. Og raunar öll verslunin. Ég læt heyra í mér þegar fólk gerir eitthvað á minn hlut. Þannig er ég bara.

Þessi saga er að sjálfsögðu uppspuni frá rótum. Enginn myndi láta svona úti í búð. Svona talar fólk bara á internetinu.







